

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

97/EES/37/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 1

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95 frá 26. júní 1995 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 2

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1442/95 frá 26. júní 1995 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 6

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/95 frá 25. júlí 1995 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 11

97/EES/37/02

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn ..... 14

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB frá 20. júlí 1995 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ..... 15

97/EES/37/03

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn ..... 30

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2819/95 frá 5. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum ..... 32

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1356/96 frá 8. júlí 1996 um sameiginleg ákvæði sem gilda um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja með það í huga að koma á frelsi til að veita slíka flutningsþjónustu ..... 34

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2254/96 frá 19. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum ..... 36

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2255/96 frá 19. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum .. 38

|                     |  |     |
|---------------------|--|-----|
|                     | Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2310/96 frá 2. desember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 varðandi skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu stjakkbáta á skipgengum vatnaleiðum .....   | 40  |
|                     | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2326/96 frá 4. desember 1996 um skiptingu framlaga bandalagsins og hlutaðeigandi aðildarríkja, fyrir árið 1996, til úreldingarsjóðanna sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum ..... | 41  |
|                     | Tilskipun ráðsins 96/50/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu skilyrða fyrir því að öðlast innlend skipstjórnarskírteini til að flytja farm og farþega eftir skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu .....   | 43  |
|                     | Tilskipun ráðsins 96/75/EB frá 19. nóvember 1996 um skipaleigukerfi og verðlagningu í flutningum á innlendum og alþjóðlegum skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu .....   | 52  |
| <b>97/EES/37/04</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/97 frá 6. maí 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....  | 55  |
|                     | Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarks mál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu .....   | 56  |
| <b>97/EES/37/05</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....   | 74  |
|                     | Tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins .....   | 75  |
| <b>97/EES/37/06</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....   | 95  |
|                     | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/703/EB frá 26. nóvember 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir kælliskápa .....  | 96  |
| <b>97/EES/37/07</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....   | 100 |
|                     | Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun .....   | 101 |
| <b>97/EES/37/08</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....   | 116 |
|                     | Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bifeyla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT) .....   | 117 |
| <b>97/EES/37/09</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....   | 123 |
|                     | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur .....   | 124 |
|                     | Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB frá 8. júní 1995 um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun .....   | 159 |

|                     |   |
|---------------------|---|
| <b>97/EES/37/10</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 161  |
|                     | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2796/95 frá 4. desember 1995 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 162            |
|                     | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2804/95 frá 5. desember 1995 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 166            |
| <b>97/EES/37/11</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 168  |
|                     | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 281/96 frá 14. febrúar 1996 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 169      |
| <b>97/EES/37/12</b> | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 172  |
|                     | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 frá 14. febrúar 1996 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 173 |

### 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

#### 4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

### 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

### 2. Eftirlitsstofnun EFTA

### 3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

### 1. Ráðið

### 2. Framkvæmdastjórnin

|                     |   |
|---------------------|---|
| <b>97/EES/37/13</b> | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.960 - Frantschach/MMP/Celulozy Swicie) ..... 177 |
|---------------------|---|

|                     |  |
|---------------------|--|
| <b>97/EES/37/14</b> | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.961 - Frantschach/Bischof+Klein/F+B Verpackungen) ..... 178 |
|---------------------|--|

### 3. Dómstóllinn

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 21/97  
frá 2. maí 1997

#### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

##### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

##### 1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/95 frá 15. desember 1995<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95 frá 26. júní 1995 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýrarfkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1442/95 frá 26. júní 1995 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýrarfkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/95 frá 25. júlí 1995 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýrarfkinu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

##### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **395 R 1441:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95 frá 26. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 22).

- **395 R 1442:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1442/95 frá 26. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 26).

- **395 R 1798:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/95 frá 25. júlí 1995 (Stjttíð. EB nr. L 174, 26. 7. 1995, bls. 20).”

##### 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95, 1442/95 og 1798/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 57, 7. 3. 1996, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 11, 7. 3. 1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 174, 26. 7. 1995, bls. 20.

C. Day

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1441/95****frá 26. júní 1995****um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/95 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn lyfjaleifa fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvæf úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi lögjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber sarafloxasíni við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber oxýtósíni við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta dexametasóni við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ætti að framlengja gildistíma bráðabirgðahámarks leifa, sem kveðið er á um í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, fyrir oxfendasól, febantel, fenbendasól og tríklabendasól.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýrallyf.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 22, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 110, 17. 5. 1995, bls. 9.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****2. gr.****1. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.  
**VIÐAUKI**

Reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

A. I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.3. Kínólón

| Lyfjafræðilega virk efni  | Leifamerki  | Dýrategund | MRL                   | Markvefur            | Önnur ákvæði |
|---|-------------|------------|-----------------------|----------------------|--------------|
| „1.2.3.2. Sarafloxaín   | Sarafloxaín | Kjúklingar | 100 µg/kg<br>10 µg/kg | Lifur<br>Fita + húð“ |              |
| B. Við lið „2. Lífræn efnasambönd“ í II. viðauka bætist eftirfarandi liður: |             |            |                       |                      |              |

2. Lífræn efnasambönd

| Lyfjafræðilega virk efni                 | Dýrategund                          | Önnur ákvæði |
|--|-------------------------------------|--------------|
| „2.1.6. Oxýtósín                         | Öll spendýr sem eru nýtt til matar“ |              |
| C. III. viðauka er breytt sem hér segir: |                                     |              |

2. Sníklalyf

2.1. Innsníklalyf

2.1.1. Bensímídasól og pró-bensímídasól

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki   | Dýrategund                              | MRL                                 | Markvefur                           | Önnur ákvæði   |
|--------------------------|--|---|-------------------------------------|-------------------------------------|--|
| „2.1.1.1. Febantel       | Heildarmagn leifa oxfendasóls, oxfendasólsúlfóns og fenbendasóls | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 1 000 µg/kg<br>10 µg/kg<br>10 µg/kg | Lifur<br>Vöðvi, nýra, fita<br>Mjólk | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997<br>MRL-gildin taka til allra leifa febantels, fenbendasóls og oxfendasóls |
| 2.1.1.2. Febendasól      | Heildarmagn leifa oxfendasóls, oxfendasólsúlfóns og fenbendasóls | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 1 000 µg/kg<br>10 µg/kg<br>10 µg/kg | Lifur<br>Vöðvi, nýra, fita<br>Mjólk | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997<br>MRL-gildin taka til allra leifa febantels, fenbendasóls og oxfendasóls |
| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki   | Dýrategund                              | MRL                                 | Markvefur                           | Önnur ákvæði   |

|                          |  |   |                                     |                                     |   |
|--------------------------|--|---|-------------------------------------|-------------------------------------|---|
| 2.1.1.3. Oxfendasól      | Heildarmagn leifa oxfendasóls, oxfendasólsúlfóns og fenbendasóls | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 1 000 µg/kg<br>10 µg/kg<br>10 µg/kg | Lifur<br>Vöðvi, nýra, fita<br>Mjólk | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi<br>1. júlí 1997<br>MRL-gildin taka til allra leifa febantels, fenbendasóls og oxfendasóls |
| 2.1.1.4. Tríkla-bendasól | Summa aðgreinanlegra leifa sem hægt er að                        | Nautgripir, sauðfé                      | 150 µg/kg<br>50 µg/kg               | Vöðvi, lifur, nýra<br>Fita          | Bráðabirgðagildi fyrir MRL oxa í ketótríkla-bendasól falla úr gildi i 1. júlí 1997“   |
| 4. Barksterar            |  |   |                                     |                                     |   |

## 4.1. Sykursterar

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki  | Dýrategund                 | MRL                    | Markvefur             | Önnur ákvæði                              |
|--------------------------|-------------|----------------------------|------------------------|-----------------------|---|
| „4.2.1. Dexametasón      | Dexametasón | Nautgripir, svín<br>Hestar | 2,5 µg/kg<br>0,5 µg/kg | Lifur<br>Vöðvi, nýra, | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi |
|                          |             | Nautgripir                 | 0,3 µg/kg              | Mjólk                 | 1. janúar 1997“                           |



**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1442/95****frá 26. júní 1995****um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn lyfjaleifa fyrir en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpflugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber karasólóli, díasínoni og spíramýsínu (gildir fyrir nautgripi og kjúklinga) við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber lesírelíni, natríumdíklórísósýanúrati, dínóprost-trómetamíni, saltsýru, eplasýru, L-vínsýru og ein- og tvíbasískum natríum-, kalíum- og kalsíumsöltum hennar, bensýlalkóhóli, etanóli og n-bútanóli við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta danófloaxasíni og erytrómýsínu við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ætti að framlengja gildistíma bráðabirgðahámarks leifa, sem kveðið er á um í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, fyrir tylósín og spíramýsín (gildir fyrir svín).

Það lítur út fyrir að ekki verði hægt að ákveða gildi fyrir hámarks magn leifa fúrasólídóns þar sem leifar, í hvaða mæli sem er, í matvælum úr dýraríkinu geta stofnað heilsu neytandans í hættu. Því ber að bæta fúrasólídóni við í IV. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýralyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 22<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**1. gr.**

Ákvæðum I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

A. I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.4. Makrólíðar

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki                          | Dýrategund | MRL                                 | Markvefur                           | Önnur ákvæði |
|--------------------------|-------------------------------------|------------|-------------------------------------|-------------------------------------|--------------|
| „1.2.4.3. Spíramýsín     | Summa spíramýsíns og neóspíramýsíns | Nautgripir | 300 µg/kg<br>200 µg/kg<br>200 µg/kg | Lifur, nýra, fita<br>Vöðvi<br>Mjólk |              |
|                          |                                     | Kjúklingar | 400 µg/kg<br>300 µg/kg<br>200 µg/kg | Lifur<br>Fita + húð<br>Vöðvi“       |              |

2. Sníklalyf

2.2. Útsníklalyf

2.2.3. Lífræn fosföt

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund                          | MRL                   | Markvefur                  | Önnur ákvæði |
|--------------------------|------------|-------------------------------------|-----------------------|----------------------------|--------------|
| „2.2.3.1. Díásínón       | Díasínón   | Nautgripir, sauðfé,<br>geitur, svín | 700 µg/kg<br>20 µg/kg | Fita<br>Nýra, lifur, vöðvi |              |
|                          |            | Nautgripir, sauðfé,<br>geitur       | 20 µg/kg              | Mjólk“                     |              |

3. Lyf sem hafa áhrif á taugakerfið

3.2. Lyf sem hafa áhrif á ósjálfráða taugakerfið

3.2.1. Andadrenvirk lyf

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund | MRL                 | Markvefur                         | Önnur ákvæði |
|--------------------------|------------|------------|---------------------|-----------------------------------|--------------|
| „3.2.1.1. Karasólól      | Karasólól  | Svín       | 25 µg/kg<br>5 µg/kg | Lifur, nýra<br>Vöðvi, fita + húð“ |              |

## B. Við II. viðauka bætast eftirfarandi liðir:

## 1. Ólífræn efnasambönd

| Lyfjafraeðilega virk efni     | Dýrategund                              | Önnur ákvæði                       |
|-------------------------------|---|------------------------------------|
| „1.6. Saltsýra                | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Til nota sem burðarefni            |
| 1.7. Natríumdíklórísósýanírat | Nautgripir, sauðfé, geitur              | Aðeins til staðbundinnar notkunar“ |

## 2. Lífræn efnasambönd

| Lyfjafraeðilega virk efni  | Dýrategund                              | Önnur ákvæði             |
|--|---|--------------------------|
| „2.20. Lesírelín   | Nautgripir, hestar, kanínur             |                          |
| 2.21. Dínóprosttrómetamín  | Öll spendýr                             |                          |
| 2.22. Eplasyra   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Til nota sem burðarefni  |
| 2.23. L-vínsýra og ein- og tvíbasísk natríum-, kalíum- og kalsíumsölt hennar | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Til nota sem burðarefni  |
| 2.24. Bensýlalkóhól  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Til nota sem burðarefni  |
| 2.25. Etanól   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Til nota sem burðarefni  |
| 2.26. N-bútanól  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Til nota sem burðarefni“ |

## C. III. viðauka er breytt sem hér segir:

## 1. Sýkingarlyf

## 1.2. Sýklalyf

## 1.2.2. Makrólíðar

| Lyfjafraeðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund                                   | MRL                                 | Markvefur                    | Önnur ákvæði  |
|---------------------------|------------|--|-------------------------------------|------------------------------|---|
| „1.2.2.1. Spíramýsín      | Spíramýsín | Svín   | 600 µg/kg<br>300 µg/kg<br>200 µg/kg | Lifur<br>Nýra, vöðvi<br>Fita | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997<br>MRL-gildin taka til allra örverufræðilegra virkra leifa sem eru gefnar upp sem spíramýsín-jafngildi |
| 1.2.2.2. Týlósín          | Týlósín    | Nautgripir, svín alifuglar<br><br>Nautgripir | 100 µg/kg<br><br>50 µg/kg           | Vöðvi, lifur, nýra, Mjólk    | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997  |

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki  | Dýrategund   | MRL                                | Markvefur                                | Önnur ákvæði  |
|--------------------------|-------------|--|------------------------------------|--|---|
| 1.2.2.3. Erýtrómýsín     | Erýtrómýsín | Nautgripir, sauðfé, svín, alifuglar<br>Nautgripir, sauðfé<br>Alifuglar | 400 µg/kg<br>40 µg/kg<br>200 µg/kg | Lifur, nýra, vöðvi, fita<br>Mjólk<br>Egg | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000<br>MRL-gildin taka til allra örverufræðilegra virkra leifa sem eru gefnar upp sem erýtrómýsín-jafngildi“ |

## 1.2.4 Kínólón

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki   | Dýrategund | MRL  | Markvefur                          | Önnur ákvæði  |
|--------------------------|--------------|------------|--|------------------------------------|---|
| „1.2.4.1. Danófloxacín   | Danófloxacín | Nautgripir | 900 µg/kg<br>500 µg/kg<br>300 µg/kg<br>200 µg/kg | Lifur<br>Nýra<br>Vöðvi<br>Fita     | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997“ |
|                          |              | Kjúklingar | 1 200 µg/kg<br>600 µg/kg<br>300 µg/kg            | Lifur, nýra<br>Fita + húð<br>Vöðvi |   |

D. IV. viðauka er breytt sem hér segir:

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem ekki er unnt að ákveða hámarks magn leifa fyrir

„5. Fúrasólídón“

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1798/95****frá 25. júlí 1995****um breytingu á IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1442/95 <sup>(2)</sup>, einkum 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Það lítur út fyrir að ekki verði hægt að ákveða gildi fyrir hámarksmagn leifa dímetrídasóls þar sem leifar, í hvaða mæli sem er, í matvælum úr dýraríkinu geta stofnað heilsu neytandans í hættu. Því ber að bæta dímetrídasóli við í IV. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, hafa drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal verið lögð fyrir nefndina um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýrallyf. Nefndin hefur ekki séð sér fært að skila álitum. Það hefur því fallið framkvæmdastjórninni í skaut að leggja fyrir ráðið tillögu að þeim ráðstöfunum sem gera skal.

Ráðið hefur hvorki fallist á né hafnað með einföldum meirihluta fyrirhuguðum ráðstöfunum á þeim þremur mánuðum sem það hefur haft til þess. Framkvæmdastjórninni ber því að samþykkja umræddar ráðstafanir.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 174, 26. 7. 1995, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(2) Stjttö. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 26.

(3) Stjttö. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(4) Stjttö. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**1. gr.**

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

**Skrá yfir lyfjafraeðilega virk efni sem ekki er unnt að ákveða hámarksmagn leifa fyrir**

5. Dímetrídásól



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/02

nr. 22/97  
frá 30. apríl 1997

### um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

#### 2. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/94 frá 2. desember 1994<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB frá 20. júlí 1995 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0043:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB frá 20. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21).“.

Í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn verða eftirfarandi breytingar á aðlögunarliðum b) og c):

- i) texti a-liðar í aðlögunarlið b) falli niður;
- ii) færslan „Í Austurríki“, ásamt ákvæðinu, í b-lið aðlögunarliðar b) falli niður;
- iii) færslan „Í Austurríki“, ásamt ákvæðinu, í d-lið aðlögunarliðar b) falli niður;
- iv) í stað orðanna „tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB“ í aðlögunarlið c) komi „tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB“.

#### 3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

#### 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 84 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 53, 29. 12. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/43/EB****frá 20. júlí 1995****um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB <sup>(2)</sup>, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar framkvæmdastjórnin fjallar um rökstudda beiðni um að námi verði bætt við eða tekið út af skránni í viðaukum C eða D ber henni, samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/51/EBE, einkum að ganga úr skugga um að prófskrírteini sem eru veitt vegna umrædds náms séu vitnisburður um að starfsmenntun eða starfsþjálfun viðkomandi sé á sambærilegu stigi við það æðra nám sem um getur í i-lið annars undirliðar fyrstu undirgreinar a-liðar 1. gr. og að hann geti tekist á við sambærilega ábyrgð og verksvið.

Ríkisstjórn Hollands hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE og ríkisstjórn Austurríkis hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á viðauka D.

Námið sem bæta á við skrána í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE, að því er varðar Holland, er sambærilegt bæði hvað varðar uppbyggingu og lengd og ábyrgð og verksvið við það sem þegar er skráð í viðaukanum.

Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 92/51/EBE gilda ákvæði þessarar tilskipunar ekki um störf sem heyra undir tilskipanir sem eru taldar upp í viðauka A, að meðtöldum tilskipunum sem eru látnar

gilda um iðkun launaðra starfa sem eru talin upp í viðauka B, jafnvel þó að ríkisborgari aðildarríkis hafi lokið „námi sem er byggt upp á sérstakan hátt“ er um getur í viðauka D.

Námið sem bæta á við skrána í viðauka D við tilskipun 92/51/EBE, að því er varðar Holland og Austurríki, er sambærilegt að uppbyggingu og lengd við tiltekið nám sem er tilgreint í viðauka C og við sumt af því námi sem fyrir er í viðauka D og varir ævinlega í minnst 13 ár.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 92/51/EBE og í þeim tilgangi að auka skilvirkni almenna kerfisins ber þeim aðildarríkjum sem hafa nám á skrá í viðauka D að senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skrá yfir viðkomandi prófskrírteini.

Birta ber skrárnar með áorðnum breytingum til að auðveldara sé að lesa viðauka C og D við tilskipun 92/51/EBE.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 15. gr. tilskipunar 92/51/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Skrárnar yfir nám í viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE er að finna með áorðnum breytingum í II. viðauka við þessa tilskipun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 209, 24. 7. 1992, bls. 25.

(2) Stjtið. EB nr. L 217, 23. 8. 1994, bls. 8.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. október 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 20. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Mario MONTI**

framkvæmdastjóri.

## I. VIÐAUKI

### A. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka C:

1. a) Í liðnum „1. Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna“, á eftir fyrirsögninni „Í Lúxemborg“ er eftirfarandi fyrirsögn og undirlið bætt við á eftir síðasta undirlið „kennslu- og uppeldisfræðinga“ („éducateur/trice“):

„Í Hollandi:

- aðstoðarmenn dýralækna („dierenartassistent“).

- b) Í liðnum „1. Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna“, undir fyrirsögninni „sem felur í sér nám sem stendur í 13 ár hið minnsta, meðal annars:“ er eftirfarandi undirlið bætt við á eftir síðasta undirlið:

„- eða, ef um ræðir aðstoðarmann dýralækis („dierenartassistent“) í Hollandi, annaðhvort þriggja ára starfsnám í sérskóla („MBO“-kerfið) eða þriggja ára samþættingarnám á námssamningi („LLW“), sem hvoru tveggja lýkur með prófi.“

2. a) Í liðnum „3. Sjómennska a) Sjóflutningar“, undir fyrirsögninni „Í Hollandi“ er eftirfarandi undirlið bætt við:

„- skipaumferðarstjóra („VTS-functionaris“).

- b) Í liðnum „3. Sjómennska a) Sjóflutningar“, undir fyrirsögninni „sem er sambærilegt við eftirfarandi nám:“ komi eftirfarandi í stað undirliðarins „- í Hollandi, 14 ára nám, þar af fara minnst tvö ár fram í sérhæfðri starfsmenntastofnun, en við það bætist tólf mánaða starfsþjálfunartími,“:

„- í Hollandi:

- að því er varðar yfirstýrimenn (á strandferðaskipum) (með viðbótarnám) („stuurman kleine handelsvaart (met aanvulling“) og vélstjóra (með prófskírteini) („diploma motordrijver“), 14 ára nám, þar af fara minnst tvö ár fram í sérhæfðri starfsmenntastofnun, en við það bætist tólf mánaða starfsþjálfunartími,
- að því er varðar skipaumferðarstjóra („VTS-functionaris“), minnst 15 ára nám alls, þar af er minnst þriggja ára æðra starfsnám („HBO“) eða starfsnám í sérskóla á miðstigi („MBO“), þar sem við bætast sérhæfð námskeið, innanlands eða bundin við tiltekin svæði, sem fela hvert um sig í sér minnst 12 vikna fræðilegt starfsnám og lýkur hverju um sig með prófi.“

3. a) Í liðnum „4. Tæknisvið“, undir fyrirsögninni „Í Hollandi“ er eftirfarandi undirlið bætt við:

„- klínísk tannsmiði („tandprotheticus“).

- b) Í liðnum „4. Tæknisvið“, undir fyrirsögninni „Í Hollandi“ komi eftirfarandi í stað núverandi kafla sem kemur á eftir undirliðnum „fógetafulltrúa“:

„sem felur í sér almennt nám og starfsnám

- að því er varðar fógetafulltrúa („gerechtsdeurwaarder“), sem tekur 19 ár alls, þar af eru átta ár í skyldunámi ásamt átta árum á framhaldsskólastigi, en fjögur þeirra skulu vera á tæknisviði, og sem lýkur með prófi viðurkenndu af ríkinu en við það bætist þriggja ára fræðilegt og verklegt starfsnám,
- að því er varðar klínísk tannsmiði („tandprotheticus“), em tekur 15 ár alls í fullu námi og þrjú ár í hlutanámi, þar af eru átta ár í skyldunámi ásamt fjórum árum á almennu framhaldsskólastigi, þrjú ár í starfsnámi, þar með talið fræðilegt og verklegt nám sem tannsmiður, að viðbættu þriggja ára hlutanámi sem klínískur tannsmiður, er lýkur með prófi.“

**B. Eftirfarandi þættir bætast við viðauka D:**a) *„Í Hollandi:*

Eftirfarandi lögverndað nám:

- Lögverndað nám sem tekur minnst 15 ár alls og þar sem það er gert að skilyrði að fyrst hafi verið lokið átta ára skyldunámi ásamt fjögurra ára almennu framhaldsskólanámi á miðstigi („MAVO”) eða fjögurra ára undirbúningsstarfsnámi („VBO”) eða almennu framhaldsskólanámi á seinna stigi, svo og að lokið sé við þriggja eða fjögurra ára starfsnám í sérskóla á miðstigi („MBO”), sem lýkur með prófi,
- lögverndað nám sem tekur minnst 16 ár alls og þar sem það er gert að skilyrði að fyrst hafi verið lokið átta ára skyldunámi ásamt fjögurra ára undirbúningsstarfsnámi („VBO”) eða seinna stigi almennrar framhaldsskólamenntunar, svo og að lokið sé við minnst fjögurra ára nám á námssamningi, sem felur í sér fræðilegt nám í skóla í minnst einn dag í hverri viku og verklegt nám í starfsþjálfunarstöð eða hjá fyrirtæki aðra daga, og sem lýkur með annars eða þriðja stigs prófi.

Hollensk yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skrá yfir það nám sem fellur undir þennan viðauka.”

b) *„Í Austurríki:*

- Nám í starfsmenntaskóla á æðra stigi („Berufsbildende Höhere Schulen”) og menntastofnunum á æðra skólastigi á sviði landbúnaðar og skógræktar („Höhere Land- und Forstwirtschaftliche Lehranstalten”), þar með talin sérstök námssvið („einschließlich der Sonderformen”), þar sem uppbygging og námskröfur ákvarðast af lögum og stjórnsýslufyrirmælum.

Hér er um að ræða nám sem tekur minnst 13 ár og í því felst fimm ára starfsnám og starfsþjálfun sem lýkur með lokaprófi og sé árangur fullnægjandi telst það vera sönnun um faglega hæfni.

- Nám í meistaraskólum („Meisterschulen”), meistarabekkjum („Meisterklassen”), iðnmeistaraskólum („Werkmeisterschulen”) eða skólum fyrir byggingariðnaðarmenn („Bauhandwerkerschulen”) þar sem uppbygging og námskröfur ákvarðast af lögum og stjórnsýslufyrirmælum.

Hér er um að ræða nám sem tekur minnst 13 ár, en í því felst níu ára skyldunám, svo og annaðhvort þriggja ára starfsnám í sérskóla eða minnst þriggja ára þjálfun hjá fyrirtæki og samhliða þjálfun í starfsmenntaskóla („Berufsschule”), en hvoru tveggja lýkur með prófi og við bætist fullnægjandi árangur í minnst eins árs námi í meistaraskóla („Meisterschule”), meistarabekkjum („Meisterklassen”), iðnmeistaraskóla („Werkmeisterschulen”) eða skólum fyrir byggingariðnaðarmenn („Bauhandwerkerschule”). Í flestum tilvikum tekur námið minnst 15 ár alls og í því felast tímabil starfsreynslu, annaðhvort á undan námi í þessum skólum eða samhliða hlutanámi (minnst 960 stundir).

Austurrísk skulu yfirvöld senda framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum skrá yfir það nám sem fellur undir þennan viðauka.”

## II. VIÐAUKI

### „SKRÁ YFIR NÁM SEM ER BYGGT UPP Á SÉRSTAKAN HÁTT EINS OG UM GETUR Í ii-LIÐ ANNARS UNDIRLIÐAR Í FYRSTU UNDIRGREIN a-LIÐAR 1. GR.

(VIÐAUKI C VIÐ TILSKIPUN 92/51/EBE)

#### 1. Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna

Nám fyrir:

*í Þýskalandi:*

- barnahjúkrunarfræðinga („Kinderkrankenschwester/Kinderkrankenpfleger“),
- sjúkraþjálfara („Krankengymnast(in)/Physiotherapeut(in)“)<sup>(1)</sup>,
- iðjuþjálfara („Beschäftigungs- und Arbeitstherapeut(in)“),
- talkennara („Logopäde/Logopädin“),
- augnþjálfara („Orthoptist(in)“),
- kennslu- og uppeldisfræðinga viðurkennda af ríkinu („Staatlich anerkannte(r) Erzieher(in)“),
- sérkennara viðurkennda af ríkinu („Staatlich anerkannte(r) Heilpädagog(-in)“),
- meinatækna („medizinisch-technische(r) Laboratoriums-Assistent(in)“),
- röntgentækna („medizinisch-technische(r) Radiologie-Assistent(in)“),
- meinatækna á sviði lífeðlisfræði („medizinisch-technische(r) Assistent(in) für Funktionsdiagnostik“),
- aðstoðarmenn á sviði dýralækninga („veterinärmedizinisch-technische(r) Assistent(in)“),
- næringarfræðinga („Diätassistent(in)“),
- lyfjatekna („Pharmazieingenieur“), lokið fyrir 31. mars 1994 í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu eða á yfirráðasvæði hinna nýju sambandsríkja,
- geðhjúkrunarfræðinga („Psychiatrische(r) Krankenschwester/Krankenpfleger“),
- talkennara („Sprachtherapeut(in)“),

*á Ítalíu:*

- tannfræðinga („odontotecnico“),
- sjóntækjafraðinga („ottico“),
- fóttaáðgerðafraðinga („podologo“),

<sup>(1)</sup> Frá og með 1. júní 1994 kom starfsheitið „Physiotherapeut(in)“ í stað „Krankengymnast(in)“. Hins vegar er starfsmönnum í greininni, sem fengu prófskírteini fyrir þann dag, heimilt að nota fyrra heitið, „Krankengymnast(in)“, óski þeir þess.

*í Lúxemborg:*

- röntgentækna („assistant(e) technique médical(e) en radiologie”),
- meinatækna („assistant(e) technique médical(e) de laboratoire”),
- geðhjúkrunarfræðinga („infirmier/ière psychiatrique”),
- aðstoðarmenn á sviði skurðlækninga („assistant(e) technique médical(e) en chirurgie”),
- barnahjúkrunarfræðinga („infirmier/ière puériculteur/trice”),
- svæfingahjúkrunarfræðinga („infirmier/ière anesthésiste”),
- viðurkennda nuddara („masseur/euse diplômé(e)”)
- kennslu- og uppeldisfræðinga („éducateur/trice”),

*í Hollandi:*

- aðstoðarmenn dýralækna („dierenartassistent”),

sem felur í sér nám sem tekur minnst 13 ár alls, meðal annars:

- i) annaðhvort minnst þriggja ára starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem í sumum tilvikum bætist við eins eða tveggja ára sérnám sem lýkur með prófi,
- ii) eða minnst tveggja og hálfis árs starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst sex mánuði eða minnst sex mánaða starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
- iii) eða minnst tveggja ára starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst eitt ár eða minnst eins árs starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
- iv) eða, ef um ræðir aðstoðarmann dýralækna („dierenartassistent”) í Hollandi, annaðhvort þriggja ára starfsnám í sérskóla („MBO”-kerfið) eða þriggja ára samþættingarnám á námssamningi („LLW”), sem hvoru tveggja lýkur með prófi.

Nám fyrir:

*í Austurríki:*

- augnlinsufræðinga („Kontaktlinsenoptiker”),
- fóttaðgerðfræðinga („Fußpfleger”),
- heyrnartækna („Hörgeräteakustiker”),
- lyfsala („Drogist”),

sem felur í sér nám sem tekur minnst 14 ár alls, að meðtöldu minnst fimm ára starfsnámi sem er liður í skipulögðu námi sem skiptist annars vegar í þriggja ára nám á námssamningi, sem fer að hluta til fram á vinnustað og að hluta til í starfsmenntaskóla, og hins vegar tímabil starfsreynslu og -þjálfunar, og lýkur með prófi í viðkomandi grein sem veitir rétt til að starfa í greininni og þjálfra lærlinga,

- nuddara („Masseur”),

sem felur í sér nám sem tekur 14 ár alls, að meðtöldu fimm ára starfsnámi sem er liður í skipulögðu námi og felur í sér tveggja ára nám á námssamningi, tveggja ára tímabil starfsreynslu og -þjálfunar og eins árs starfsnám sem lýkur með prófi sem veitir rétt til að starfa í greininni og þjálfa lærlinga,

- leikskólakennara („Kindergärtner/in”),
- kennslu- og uppeldisfræðinga („Erzieher”),

sem felur í sér nám sem tekur 13 ár alls, að meðtöldu fimm ára starfsnámi í sérskóla, og lýkur með prófi.

2. **Meistaránám („Mester/Meister/Maître”) á sviði iðnnáms er fellur ekki undir tilskipanir sem eru taldar upp í viðauka A**

Nám fyrir:

*Í Danmörku:*

- sjóntækjafraeðinga („optometrist”),

hér er um að ræða nám sem tekur 14 ár alls, að meðtöldu fimm ára starfsnámi sem skiptist í tveggja og hálfis árs fræðilegt nám í starfsmenntaskóla og tveggja og hálfis árs starfsþjálfun á vinnustað, og lýkur með viðurkenndu prófi í greininni sem veitir rétt til að nota titilinn meistari,

- stoðtækjasmiði („ortopædimekaniker”),

hér er um að ræða nám sem tekur 12,5 ár alls, að meðtöldu þriggja og hálfis árs starfsnámi sem skiptist í sex mánaða fræðilegt nám í starfsmenntaskóla og þriggja ára starfsþjálfun á vinnustað, og lýkur með viðurkenndu prófi í greininni sem veitir rétt til að nota titilinn meistari,

- bæklunarskósmiði („ortopædiskomager”),

hér er um að ræða nám sem tekur 13,5 ár alls, að meðtöldu fjögurra og hálfis árs starfsnámi sem skiptist í tveggja ára fræðilegt nám í starfsmenntaskóla og tveggja og hálfis árs starfsþjálfun á vinnustað, og lýkur með viðurkenndu prófi í greininni sem veitir rétt til að nota titilinn meistari.

*Í Þýskalandi:*

- sjóntækjafraeðinga („Augenoptiker”),
- tannsmiði („Zahntechniker”),
- framleiðendur og seljendur gervilima og umbúða („Bandagist”),
- heyrnartækna („Hörgeräte-Akustiker”),
- stoðtækjasmiði („Orthopädiemechaniker”),
- bæklunarskósmiði („Orthopädienschuhmacher”).

*Í Lúxemborg*

- sjóntækjafraeðinga („opticien”),
- tannsmiði („mécanicien dentaire”),



- heyrnartækna („audioprothésiste”),
- stoðtækjasmíði/gervilimafræðinga („mécanicien orthopédiste/bandagiste”),
- bæklunarskósmíði („orthopédiste-cordonnier”),

hér er um að ræða nám sem tekur 14 ár alls, að meðtöldu minnst fimm ára starfsnámi sem er liður í skipulögðu námi, og fer að hluta til fram á vinnustað og að hluta til í starfsmenntaskóla, og lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að geta starfað í greininni, annaðhvort á eigin vegum eða sem launþegi hjá öðrum með sambærilega ábyrgð.

*Í Austurríki:*

- framleiðendur og seljendur gervilima og umbúða („Bandagist”),
- lífstykkjaframleiðendur („Miederwarenerzeuger”),
- sjóntækjafraeðinga („Optiker”),
- bæklunarskósmíði („Orthopädienschuhmacher”),
- stoðtækjasmíði („Orthopädiemechaniker”),
- tannsmíði („Zahntechniker”),
- garðyrkjumenn („Gaertner”),

hér er um að ræða nám sem tekur 14 ár alls, að meðtöldu minnst fimm ára starfsnámi sem er liður í skipulögðu námi og skiptist í minnst þriggja ára nám á námssamningi sem felur í sér þjálfun að hluta til á vinnustað og að hluta í starfsmenntaskóla og minnst tveggja ára starfsreynslu og -þjálfun sem lýkur með meistaraþrófi sem veitir rétt til að starfa í greininni, þjálfa lærlinga og nota titilinn meistari.

Nám fyrir meistara á sviði landbúnaðar og skógræktar, nánar tiltekið:

- meistara á sviði landbúnaðar („Meister in der Landwirtschaft”),
- meistara á sviði búhagfræði („Meister in der ländlichen Hauswirtschaft”),
- meistara á sviði garðyrkju („Meister im Gartenbau”),
- meistara á sviði grænmetisræktunar („Meister im Feldgemüsebau”),
- meistara á sviði ávaxtaræktunar og ávaxtavinnslu („Meister im Obstbau und in der Obstverwertung”),
- meistara á sviði vínæktar og vínframleiðslu („Meister im Weinbau und in der Kellerwirtschaft”),
- meistara á sviði mjólkurvinnslu („Meister in der Molkerei- und Käsewirtschaft”),
- meistara á sviði hrossaræktar („Meister in der Pferdewirtschaft”),
- meistara á sviði fiskvinnslu („Meister in der Fischereiwirtschaft”),
- meistara á sviði alifuglaræktar („Meister in der Geflügelwirtschaft”),
- meistara á sviði býflugnaræktar („Meister in der Bienenwirtschaft”),

- meistara á sviði skógræktar („Meister in der Forstwirtschaft“),
- meistara á sviði skógræktar og skógvörslu („Meister in der Forstgarten- und Forstpfliegewirtschaft“),
- meistara á sviði landbúnaðarbirgðavörslu („Meister in der landwirtschaftlichen Lagerhaltung“),

hér er um að ræða nám sem tekur 15 ár alls, að meðtöldu minnst sex ára starfsnámi sem er liður í skipulögðu námi og skiptist í minnst þriggja ára nám á námssamningi sem felur í sér þjálfun að hluta til á vinnustað og að hluta í starfsmenntaskóla og minnst þriggja ára starfsreynslu sem lýkur með meistaraprófi sem veitir rétt til að starfa í greininni, þjálfa lærlinga og nota titilinn meistari.

### 3. Sjómennska

#### a) Sjóflutningar

Nám fyrir:

*í Danmörku:*

- skipstjóra („skibsfører“),
- yfirstýrimenn („overstyrmand“),
- stýrimenn sem eru einir, vaktstýrimenn („enestyrmand, vagthavende styrmand“),
- vaktstýrimenn („vagthavende styrmand“),
- yfirvélstjóra („maskinchef“),
- fyrstu vélstjóra („1. maskinmester“),
- fyrstu vélstjóra/vaktvélstjóra („1. maskinmester/vagthavende maskinmester“),

*í Þýskalandi:*

- skipstjóra, stór strandferðaskip („Kapitän AM“),
- skipstjóra, strandferðaskip („Kapitän AK“),
- vaktstýrimenn, stór strandferðaskip („Nautischer Schiffsoffizier AMW“),
- vaktstýrimenn, strandferðaskip („Nautischer Schiffsoffizier AKW“),
- yfirvélstjóra, þrep C („Schiffsbetriebstechniker CT - Leiter von Maschinenanlagen“),
- vélstjóra, þrep C („Schiffsmaschinist CMA - Leiter von Maschinenanlagen“),
- yfirvélstjóra, þrep C („Schiffsbetriebstechniker CTW“),
- vélstjóra, þrep C - vélstjóra sem eru einir („Schiffsmaschinist CMAW - Technischer Alleinoffizier“),

*á Ítalíu:*

- vaktstýrimenn („ufficiale di coperta”),
- yfirvélstjóra („ufficiale di macchina”),

*í Hollandi:*

- yfirstýrimenn (á strandferðaskipum) (með viðbótarnám) („stuurman kleine handelsvaart (met aanvulling)”)
- vélstjóra (með prófskírteini) („diploma motordrijver”),
- skipaumferðarstjóra („VTS-functionaris”),

sem felur í sér eftirfarandi nám:

- í Danmörku, níu ára grunnskólanám ásamt faglegu grunnnámi og/eða siglingatíma 17 til 36 mánuði, en við það bætist:
  - i) eins árs sérhæft starfsnám fyrir vaktstýrimenn,
  - ii) þriggja ára sérhæft starfsnám fyrir aðra,
- í Þýskalandi, nám sem tekur 14 til 18 ár alls, að meðtöldu þriggja ára faglegu grunnnámi ásamt eins árs siglingatíma, auk eins eða tveggja ára sérhæfðs starfsnáms en við það bætist, eftir því sem við á, tveggja ára starfsreynslutími við siglingar,
- á Ítalíu, nám sem tekur 13 ár alls, þar af minnst fimm ára starfsnám sem lýkur með prófi en við það bætist eftir atvikum starfsþjálfunartími,
- *í Hollandi:*
  - i) að því er varðar yfirstýrimenn (á strandferðaskipum) (með viðbótarnám) („stuurman kleine handelsvaart (met aanvulling)” og vélstjóra (með prófskírteini) („diploma motordrijver”), 14 ára nám, þar af fara minnst tvö ár fram í sérhæfðri starfsmenntastofnun, en við það bætist tólf mánaða starfsþjálfunartími,
  - ii) að því er varðar skipaumferðarstjóra („VTS-functionaris”), minnst 15 ára nám alls, þar af er minnst þriggja ára aðra starfsnám („HBO”) eða starfsnám í sérskóla á miðstigi („MBO”), þar sem við bætast sérhæfð námskeið, innanlands eða bundin við tiltekin svæði, sem fela hvert um sig í sér minnst 12 vikna fræðilegt nám og lýkur hverju um sig með prófi.

Námið skal viðurkennt innan ramma hins alþjóðlega STCW-samnings (alþjóðasamnings um nám, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978).

- b) Veiddar á rúmsjó

Nám fyrir:

*í Þýskalandi:*

- skipstjóra, úthafsveiðar („Kapitän BG/Fischerei”),
- skipstjóra, strandveiðar („Kapitän BK/Fischerei”),

- vaktstýrimenn, úthafsveiðiskip („Nautischer Schiffsoffizier BGW/Fischerei“),
- vaktstýrimenn, strandveiðiskip („Nautischer Schiffsoffizier BKW/Fischerei“),

*í Hollandi:*

- yfirstýrimenn/vélstjóra V („stuurman werktuigkundige V“),
- vélstjóra IV (fiskiskip) („werktuigkundige IV visvaart“),
- yfirstýrimenn IV (fiskiskip) („stuurman IV visvaart“),
- yfirstýrimenn/vélstjóra VI („stuurman werktuigkundige VI“),

sem felur í sér eftirfarandi nám:

- í Þýskalandi, nám sem tekur 14 til 18 ár alls, að meðtöldu þriggja ára faglegu grunnnámi ásamt eins árs siglingatíma, auk eins eða tveggja ára sérhæfðs starfsnáms en við það bætist, eftir því sem við á, tveggja ára starfsreynslutími við siglingar,
- í Hollandi, nám sem tekur 13 til 15 ár, þar af fara minnst tvö ár fram í sérhæfðri starfsmenntastofnun, en við það bætist tólf mánaða starfsreynslutími,

og skal námið viðurkennt samkvæmt Torremolinos-samningnum (alþjóðasamningi um öryggi fiskiskipa frá 1977).

#### 4. Tækninám

Nám fyrir:

*á Ítalíu:*

- landmælingamenn („geometra“),
- landbúnaðarráðgjafa („perito agrario“),

sem felur í sér alls minnst 13 ára tækninám á framhaldsskólastigi, þar af átta ára skyldunám auk fimm ára náms á framhaldsskólastigi, þar af eru þrjú ár í starfsnámi er lýkur með stúdentsprófi á tæknisviði, en við það bætist:

- i) þegar um er að ræða nám fyrir landmælingamenn, annaðhvort starfsþjálfun í minnst tvö ár á fagstofu, eða fimm ára starfsreynsla,
- ii) þegar um er að ræða nám fyrir landbúnaðarráðgjafa, minnst tveggja ára starfsþjálfun,

og lýkur með prófi sem er viðurkennt af ríkinu,

*í Hollandi:*

- fógetafulltrúa („gerechtsdeurwaarder“),
- klínísk tannsmiði („tandprotheticus“),

sem felur í sér almennt nám og starfsnám:

- i) að því er varðar fógetafulltrúa („gerechtsdeurwaarder“), er tekur 19 ár alls, þar af eru átta ár í skyldunámi ásamt átta árum á framhaldsskólastigi, en fjögur þeirra skulu vera á tæknisviði, og sem lýkur með prófi viðurkenndu af ríkinu en við það bætist þriggja ára fræðilegt og verklegt starfsnám,
- ii) að því er varðar klínísk tannsmiði („tandprotheticus“), er tekur 15 ár alls í fullu námi og þrjú ár í hlutanámi, þar af eru átta ár í skyldunámi ásamt fjórum árum á almennu framhaldsskólastigi, þrjú ár í starfsnámi, þar með talið fræðilegt og verklegt nám sem tannsmiður, að viðbættu þriggja ára hlutanámi sem klínískur tannsmiður, sem lýkur með prófi,

*í Austurríki:*

- skógfræðinga („Förster“),
- tæknilega ráðgjafa („Technisches Büro“),
- þá sem starfa við leigumiðlun vinnuafis („Überlassung von Arbeitskräften - Arbeitsleihe“),
- atvinnumiðlara („Arbeitsvermittlung“),
- fjárfestingaráðgjafa („Vermögensberater“),
- einkaleynilögreglumenn („Berufsdetektiv“),
- öryggisverði („Bewachungsgewerbe“),
- fasteignasala („Immobilienmakler“),
- umsjónarmenn fasteigna („Immobilienverwalter“),
- starfsmenn á auglýsinga- og kynningarstofum („Werbeagentur“),
- skipuleggjendur byggingarframkvæmda („Bauträger, Bauorganisator, Baubetreuer“),
- starfsmenn hjá innheimtustofnunum („Inkassoinstitut“),

sem felur í sér 15 ára nám alls, þar af eru átta ár í skyldunámi og að lágmarki fimm ára nám á framhaldsskólastigi, á tækni- eða verslunarsviði, sem lýkur með prófi á því sviði, að viðbættu minnst tveggja ára námi og hjálfun á vinnustað sem lýkur með prófi í viðkomandi grein,

- tryggingaráðgjafa („Berater in Versicherungsangelegenheiten“),

sem felur í sér 15 ára nám alls, að meðtöldu sex ára starfsnámi sem er liður í skipulögðu námi og felur í sér þriggja ára nám á námssamningi og þriggja ára starfsreynslu og -hjálfunartímabil, sem lýkur með prófi,

- byggingameistara/þá sem sjá um skipulagningu og tæknilega útreikninga („Planender Baumeister“),
- trésmíðameistara/þá sem sjá um skipulagningu og tæknilega útreikninga („Planender Zimmermeister“),

sem felur í sér minnst 18 ára nám alls, að meðtöldu minnst níu ára starfsnámi sem skiptist í fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi á tæknisviði og fimm ára starfsreynslu og -hjálfun sem lýkur með prófi er veitir rétt til að starfa í greininni og hjálfa lærlinga, hafi þetta nám falið í sér rétt til að skipuleggja byggingar, gera tæknilega útreikninga og hafa umsjón með byggingarvinnu (Mariu Theresu-forrétindi).

5. **Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications” eða „Scottish Vocational Qualifications”**

Nám fyrir:

- vísindalega aðstoðarmenn á lækunarannsóknarstofum („medical laboratory scientific officer),
- námurafmagnsverkfræðinga („mine electrical engineer”),
- námuvelaverkfræðinga („mine mechanical engineer”),
- viðurkennda félagsráðgjafa - á sviði geðheilbrigðis („approved social worker - mental health”),
- tilsjónarmenn („probation officer”),
- tannmeðferðaraðila („dental therapist”),
- tannfræðinga („dental hygienist”),
- sjóntækjafraeðinga („dispensing optician”),
- aðstoðarnámuverkfræðinga („mine Deputy”),
- skiptastjóra („insolvency practitioner”),
- viðurkennda lögbókendur við afsal og fasteignagjöfninga („licensed conveyancer”),
- gervilimasmiði („prosthetist”),
- fyrstu stýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - ótakmarkað („first mate - freight/passenger ships - unrestricted”),
- aðra stýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - ótakmarkað („second mate - freight/passenger ships - unrestricted”),
- þriðju stýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - ótakmarkað („third mate - freight/passenger ships - unrestricted”),
- vaktstýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - ótakmarkað („deck officer - freight/passenger ships - unrestricted”),
- yfirvélstjóra á flutninga- og farþegaskipum - ótakmarkað viðskiptasvæði („engineer officer - freight/passenger ships - unlimited trading area”),
- umboðsaðila vörumerkja („trade mark agent”),

er felur í sér menntun og hæfi sem er viðurkennt og „National Vocational Qualifications” (NVQ) eða „National Council for Vocational Qualifications” samþykkir og viðurkennir sem jafngilt, eða er viðurkennt í Skotlandi sem „Scottish Vocational Qualifications”, á 3. og 4. stigi í „National Framework of Vocational Qualifications” í Breska konungsríkinu.

Þessi stig eru skilgreind sem hér segir:

- 3. stig: felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða bæði flókin störf og störf sem eru ekki venjubundin. Um verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð er að ræða og jafnframt er oft krafist umsjónar eða leiðsagnar með öðrum.
- 4. stig: felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs, bæði er varðar flókin tæknileg og fagleg atriði, og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð. Oft er jafnframt um að ræða ábyrgð á störfum annarra og skipulagningu starfsemi.

## SKRÁ YFIR NÁM SEM ER BYGGT UPP Á SÉRSTAKAN HÁTT EINS OG UM GETURÍ ÞRIÐJA UNDIRLIÐ b-LIÐAR Í FYRSTU UNDIRGREIN 3. GR.

(VIÐAUKI D VIÐ TILSKIPUN 92/51/EBE)

### Í Breska konungsríkinu:

Lögverndað nám er felur í sér menntun og hæfi sem „National Council for Vocational Qualifications” viðurkennir sem „National Vocational Qualifications” (NVQ), eða er viðurkennt í Skotlandi sem „Scottish Vocational Qualifications”, á 3. og 4. stigi í „National Framework of Vocational Qualifications” í Breska konungsríkinu.

Þessi stig eru skilgreind sem hér segir:

- 3. stig: felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða bæði flókin störf og störf sem eru ekki venjubundin. Um verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð er að ræða og jafnframt er oft krafist umsjónar eða leiðsagnar með öðrum.
- 4. stig: felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs, bæði er varðar flókin tæknileg og fagleg atriði, og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð. Oft er jafnframt um að ræða ábyrgð á störfum annarra og skipulagningu starfsemi.

### Í Þýskalandi:

Eftirfarandi lögverndað nám:

- lögverndað nám til undirbúnings störfum aðstoðarmanns á tæknisviði („technische(r) Assistent(in)”), aðstoðarmanns á viðskiptasviði („kaufmännische(r) Assistent(in)”), störfum á vettvangi félagsmála („soziale Berufe”) og starfinu öndunar-, tal- og raddþjálfari, viðurkenndur af ríkinu („staatlich geprüfte(r) Atem-, Sprech- und Stimmlehrer(in)”), sem felur í sér minnst 13 ára nám, meðal annars próf úr framhaldsskóla („mittlerer Bildungsabschluß”), og nær yfir:
  - i) minnst þriggja ára<sup>(1)</sup> starfsnám í sérskóla („Fachschule”) sem lýkur með prófi þar sem í sumum tilvikum bætist við eins eða tveggja ára sérnám sem einnig lýkur með prófi,
  - ii) eða minnst tveggja og hálfis árs nám í sérskóla („Fachschule”) sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst sex mánuði eða minnst sex mánaða starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
  - iii) eða minnst tveggja ára nám í sérskóla („Fachschule”) sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst eitt ár eða minnst eins árs starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
- lögverndað nám fyrir starfsgreinarnar iðnfræðingur viðurkenndur af ríkinu („staatlich geprüfte(r) Techniker(in)”), rekstrarhagfræðingur („Betriebswirt(in)”), hönnuður („Gestalter(in)”) og starfsmaður við heimilishjálp („Familienpfleger(in)”), sem felur í sér nám sem tekur minnst 16 ár þar sem þess er krafist að viðkomandi hafi lokið skyldunámi með fullnægjandi hætti eða sambærilegu námi (sem tekur níu ár hið minnsta) og námi við starfsmenntaskóla („Berufsschule”) sem tekur minnst þrjú ár og felur í sér, að lokinni minnst tveggja ára starfsreynslu, minnst tveggja ára fullt nám eða hlutanám af samsvarandi lengd,
- lögverndað nám og lögvernduð endurmenntun, sem varir minnst 15 ár alls, þar sem þess er almennt krafist að viðkomandi hafi lokið skyldunámi með fullnægjandi hætti (sem tekur minnst níu ár) og starfsnámi (venjulega þriggja ára), og felur að jafnaði í sér minnst tveggja ára starfsreynslu (oftast þriggja ára) og próf sem er hluti endurmenntunar, en undirbúningur fyrir það felst að jafnaði í námi sem annaðhvort fer fram samhliða starfsþjálfuninni (minnst 1 000 klukkustundir) eða er fullt nám (minnst eitt ár).

<sup>(1)</sup> Heimilt er stytta lágmarksnámstíma úr þremur árum í tvö ár hafi viðkomandi einstaklingur menntun og hæfi til að setjast í háskóla („Abitur”), þ.e. hafi hann lokið 13 ára námi og starfsmenntun eða hafi menntun og hæfi til að setjast í „Fachhochschule” („Fachhochschulereife”), m.ö.o. hefur lokið 12 ára námi.

Þýsk yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skrá yfir það nám sem fjallað er um í þessum viðauka.

#### Í Hollandi:

- Lögverndað nám sem tekur minnst 15 ár og er það gert að skilyrði að fyrst hafi verið lokið átta ára skyldunámi ásamt fjögurra ára almennu framhaldsskólanámi á miðstigi („MAVO”) eða fjögurra ára undirbúningsstarfsnámi („VBO”) eða almennu framhaldsnámi á seinna stigi, svo og að lokið sé við þriggja eða fjögurra ára starfsnám í sérskóla á miðstigi („MBO”), sem lýkur með prófi,
- lögverndað nám sem tekur minnst 16 ár og er það gert að skilyrði að fyrst hafi verið lokið átta ára skyldunámi ásamt fjögurra ára undirbúningsstarfsnámi („VBO”) eða seinna stigi almennrar framhaldsskólamentunar, svo og að lokið sé við minnst fjögurra ára nám á námssamningi, sem felur í sér fræðilegt nám í sérskóla í minnst einn dag í hverri viku og verklegt nám í starfsþjálfunarstöð eða hjá fyrirtæki hina daganna, og sem lýkur með annars eða þriðja stigs prófi.

Hollensk yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skrá yfir það nám sem fellur undir þennan viðauka.

#### Í Austurríki:

- Nám í starfsmenntaskóla á æðra stigi („Berufsbildende Höhere Schulen”) og menntastofnunum á æðra skólastigi á sviði landbúnaðar og skógræktar („Höhere Land- und Forstwirtschaftliche Lehranstalten”), þar með talin sérstök námssvið („einschließlich der Sonderformen”), þar sem uppbygging og námskröfur ákvarðast af lögum og stjórnsýslufyrirmælum.

Hér er um að ræða nám sem tekur minnst 13 ár og í því felst fimm ára starfsnám og starfsþjálfun sem lýkur með lokaprófi og sé árangur fullnægjandi telst það vera sönnun um faglega hæfni.

- Nám í meistaraskólum („Meisterschulen”), meistarabekkjum („Meisterklassen”), iðnmeistaraskólum („Werkmeisterschulen”) eða skólum fyrir byggingariðnaðarmenn („Bauhandwerkerschulen”) þar sem uppbygging og námskröfur ákvarðast af lögum og stjórnsýslufyrirmælum.

Hér er um að ræða nám sem tekur minnst 13 ár, en í því felst níu ára skyldunám, svo og annaðhvort þriggja ára starfsnám í sérskóla eða minnst þriggja ára þjálfun hjá fyrirtæki og samhliða þjálfun í starfsmenntaskóla („Berufsschule”), en hvoru tveggja lýkur með prófi og við bætist fullnægjandi árangur í minnst eins árs námi í meistaraskóla („Meisterschule”), meistarabekkjum („Meisterklassen”), iðnmeistaraskóla („Werkmeisterschulen”) eða skólum fyrir byggingariðnaðarmenn („Bauhandwerkerschule”). Í flestum tilvikum tekur námið minnst 15 ár alls og í því felast starfsreynslutímabil, annaðhvort á undan námi í þessum skólum eða samhliða hlutanámi (minnst 960 stundir).

Austurrísk yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum skrá yfir það nám sem fellur undir þennan viðauka.”



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

97/EES/37/03

nr. 23/97  
frá 30. apríl 1997

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Frá 5. desember 1995 til 4. desember 1996 voru átta nýjar bandalagsgerðir sem taldar eru varða Evrópska efnahagssvæðið samþykktar á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum. Til aukinnar hagræðingar er fjallað um þær í einni einstakri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Viðkomandi gerðir bandalagsins á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum skulu felldar inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

XIII. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2819/95, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1356/96, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2254/96, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2255/96, reglugerðar framkvæmda-

stjórnarinnar (EB) nr. 2310/96, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2326/96, tilskipunar ráðsins 96/50/EB og tilskipunar ráðsins 96/75/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Dagsetningar varðandi gildistöku eða framkvæmd gerðanna sem um getur í viðauka við þessa ákvörðun skulu, að því samninginn varðar, lesast sem hér segir:

- ef gildistökudagur eða framkvæmdadagur gerðanna fer á undan gildistökudegi þessarar ákvörðunar skal gildistökudagur þessarar ákvörðunar gilda,
- ef gildistökudagur eða framkvæmdadagur gerðarinnar fer á eftir gildistökudegi þessarar ákvörðunar skal gildistökudagur eða framkvæmdadagur gerðarinnar gilda.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 59 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 36, 28. 9. 1995, bls. 4.

## VIÐAUKI

*við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97*

XIII. viðauka (FLUTNINGASTARFSEMI) við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

A. I. kafli. **FLUTNINGAR Á LANDI**

Eftirfarandi undirliður bættist við í 11. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70):

„- **396 R 2255:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2255/96 frá 19. nóvember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 3).”

B. IV. kafli. **FLUTNINGAR Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM**

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 43a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3921/91):

„43b. **396 R 1356:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1356/96 frá 8. júlí 1996 um sameiginleg ákvæði sem gilda um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja með það í huga að koma á frelsi til að veita slíka flutningsþjónustu (Stjtíð. EB nr. L 175, 13. 7. 1996, bls. 7).”

2. Eftirfarandi undirliðir bættast við í 44. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89):

„- **395 R 2819:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2819/95 frá 5. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 7),

- **396 R 2254:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2254/96 frá 19. nóvember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 1),

„- **396 R 2310:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2310/96 frá 2. desember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 313, 3. 12. 1996, bls. 8).”

3. Eftirfarandi liður komi aftan við 44. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89):

„44a. **396 R 2326:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2326/96 frá 4. desember 1996 um skiptingu framlaga bandalagsins og hlutaðeigandi aðildarríkja, fyrir árið 1996, til úreldingarsjóðanna sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB nr. L 316, 5. 12. 1996, bls. 13).”

4. Eftirfarandi liður komi aftan við 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89):

„45a. **396 L 0075:** Tilskipun ráðsins 96/75/EB frá 19. nóvember 1996 um skipaleigukerfi og verðlagningu í flutningum á innlendum og alþjóðlegum skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 12).”

5. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 46a (tilskipun ráðsins 91/672/EBE):

„46b. **396 L 0050:** Tilskipun ráðsins 96/50/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu skilyrða fyrir því að öðlast innlend skipstjórnarskírteini til að flytja farm og farþega eftir skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 31).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í I. viðauka falli niður orðin „fyrirmynd Evrópusambandsins”, hvað varðar skipstjórnarskírteini til að flytja farm og farþega eftir skipgengum vatnaleiðum sem EFTA-ríkin gefa út.”

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2819/95**

frá 5. desember 1995

**um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum<sup>(4)</sup>, var samþykkt áætlun um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum með því að kveða á um úreldingaráætlanir sem eru samræmdar á vettvangi bandalagsins.

Minnkun rekstrarlegrar umframgetu og endurskipulagningu flotans er langtímaaðgerð. Vegna bágborins efnahags í greininni hefur fjöldi nýrra umsókna til úreldingarsjóða um úreldingarbætur farið vaxandi um leið og fjármagn til þess að unnt sé að verða við þessum beiðnum er takmarkað. Því ættu aðildarríkin að geta veitt viðbótarfé í fyrrnefnda sjóði til bráðabirgða. Til viðbótar þessum framlögum kunna að koma fjárfrahlög frá bandalaginu fyrir árið 1995.

Fjárveitingar til skipulagsumbóta í flutningum á skipgengum vatnaleiðum hafa verið ákveðnar og settar í almenn fjárlög Evrópubandalaganna fyrir árið 1995 og efla ber aðgerðir á sviði úreldingar. Því ber að nota þessar fjárveitingar til að úrelða skip

sem eru á biðlistanum sem um getur í 6. mgr. 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89 frá 27. apríl 1989 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum<sup>(5)</sup>.

Sú fjárhagslega samstaða sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 skal einnig gilda um fjármagn sjóðanna og útgjöld.

Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar er að tryggja samræmingu úreldingarsjóðanna og leitast þannig við að beita ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 með einsleitum hætti.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 1101/89:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr.:
  - „4. Fjármagna ber alla sjóði með:
    - því framlagi sem um getur í 4. gr.;
    - þeim sérframlögum sem um getur í 8. gr.;
    - fjármagni sem viðkomandi aðildarríki kunna að leggja fram sem lið í úreldingaráætlun sem er skipulögð á vettvangi bandalagsins á grundvelli samhæfðrar málsmeðferðar sem kveða ber nánar á um;
    - framlögum bandalagsins sem um getur í 4. gr. a.“

2. Eftirfarandi 4. gr. a bætist við á eftir 4. gr.:

**„4. gr. a**

1. Fyrir árið 1995 geta sjóðirnir sem um getur í 3. gr. fengið framlög frá bandalaginu.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 292, 7. 11. 1995, bls. 16.

(2) Álit var skilað 13. september 1995 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(3) Álit Evrópuþingsins frá 10. október 1995 (Stjttíð. EB nr. C 287, 30. 10. 1995), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. nóvember 1995 (Stjttíð. EB nr. C 325, 6. 12. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 29. nóvember 1995 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(4) Stjttíð. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3314/94 (Stjttíð. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 8).

(5) Stjttíð. EB nr. L 116, 28. 4. 1989. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3039/94 (Stjttíð. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11).

2. Fyrir árið 1995 útdeilir framkvæmdastjórnin fjárfamlögum, sem almenn fjárlög Evrópubanda-laganna kveða á um, á grundvelli þeirra markmiða sem stefnt er að og með tilliti til ólíkra skipagerða og -flokka, til sjóðanna í samræmi við umsóknir um úreldingarbætur sem færðar eru inn á almenna biðlistann með löglegum hætti.“

3. Eftirfarandi komi í stað annars málslíðar í 2. mgr. 5. gr.:

„Þetta gildir um öll útgjöld og allt fjármagn sjóðanna, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., til þess að öllum flutningsaðilum sem þessi reglugerð gildir um sé tryggð jöfn meðferð með tilliti til úreldingaraðgerða óháð því hvaða sjóði viðkomandi skip tilheyrir.“

4. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 10. gr.:

„3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að úreldingarsjóðirnir beiti ákvæðum þessarar reglugerðar með einsleitum hætti og annast samræmingu aðgerða.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. A. GRÍÑÁN**

forseti.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1356/96****frá 8. júlí 1996****um sameiginleg ákvæði sem gilda um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja með það í huga að koma á frelsi til að veita slíka flutningsþjónustu(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því að koma á sameiginlegri stefnu í flutningum felst meðal annars að samþykkja þær sameiginlegar reglur sem gilda um markaðsaðgang að vöru- eða fólksflutningum á skipgengum vatnaleiðum milli landa innan yfirráðsvæðis bandalagsins. Með samþykkt þessara reglna ber að stuðla að því að koma á innri flutningsmarkaði.

Einsleitt fyrirkomulag að því er varðar markaðsaðgang felur einnig í sér að koma verður á frelsi til að veita þjónustu með því að afnema öll höft á aðilum sem veita þjónustu á þessu sviði sakir þjóðernis þeirra eða þess að þeir hafa staðfestu í öðru aðildarríki en því þar sem veita á þjónustu.

Eftir inngöngu nýrra aðildarríkja gildir mismunandi fyrirkomulag milli aðildarríkjanna að því er varðar flutninga milli landa og umflutninga eftir skipgengum vatnaleiðum vegna tvíhliða samninga sem hafa verið gerðir milli tiltekinnra aðildarríkja og nýs aðildarríkis. Því ber að samþykkja sameiginlegar reglur til að tryggja eðlilega starfrækslu innri flutningsmarkaðarins og, einkum og sér í lagi, að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skipulagi þess markaðar sem um ræðir.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 175, 13. 7. 1996, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 164, 30. 6. 1995, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 301, 13. 11. 1995, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 1995 (Stjtið. EB nr. C 323, 4. 12. 1995, bls. 31), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 87, 25. 3. 1996, bls. 53) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. júní 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

Bandalagið eitt er lögbært að því er ráðstöfun þessa varðar og aðeins er unnt að ná því markmiði sem stefnt er að með því að samþykkja einsleitar reglur og skuldbindingar.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð þessi gildir um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja og flutninga um þau.

**2. gr.**

Atvinnurekanda á sviði vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum skal heimilt að stunda flutningsstarfsemi sem um getur í 1. gr. hér að framan án þess að vera mismunad á grundvelli þjóðernis eða þess hvar hann hefur staðfestu, að því tilskildu að hann:

- hafi staðfestu í aðildarríki í samræmi við lög þess,
- hafi leyfi í því sama aðildarríki til að stunda vöru- eða fólksflutninga milli landa á skipgengum vatnaleiðum,
- noti fyrir slíka flutningsstarfsemi skip til siglinga á skipgengum vatnaleiðum sem eru skráð í aðildarríki eða, ef þau eru ekki skráð, sé handhafi skírteinis sem staðfestir að skipin tilheyri flota aðildarríkis, og
- uppfylli skilyrði 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3921/91 frá 16. desember 1991 um skilyrði fyrir flutningi á vörum eða farþegum á skipgengum vatnaleiðum í aðildarríki þar sem flutningsaðilinn hefur ekki búsetu <sup>(4)</sup>.

**3. gr.**

Ákvæði reglugerðar þessarar hafa ekki áhrif á réttindi sem atvinnurekendur í þriðju löndum eru tryggð samkvæmt endurskoðuðum samningi um siglingar á Rínarfljóti (Mannheim-samningnum), samningi um siglingar á Dóná (Belgrað-samningnum) eða réttindi samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Evrópubandalagsins.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1991, bls. 1.

**4. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**R. QUINN**

forseti.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2254/96****frá 19. nóvember 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 1101/89 <sup>(4)</sup> voru samþykktar ráðstafanir til að koma á skipulagsumbótum í flutningum á skipgengum vatnaleiðum. Markmiðið með reglugerðinni er að minnka rekstrarlega umframgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum með því að kveða á um áætlanir um úreldingu skipa sem eru samræmdar á vettvangi bandalagsins. Í fyrrnefndri reglugerð er kveðið á um hugsanleg fjárframlög bandalagsins til úreldingarsjóða fyrir árið 1995.

Meginreglan er sú að það muni einkum verða atvinnurekendur í greininni sem fjármagna gildandi kerfi skipulagsumbóta með árlegum framlögum.

Opinber framlög skulu vera árleg og í samræmi við framlög frá atvinnugreininni. Þessar ráðstafanir skulu gilda í þrjú ár, það er fyrir 1996, 1997 og 1998, og þær ber að endurskoða árlega.

Ákveða ber fjárframlag bandalagsins aðeins fyrir árið 1996.

Reikna ber út fjárframlög viðkomandi aðildarríkja með hliðsjón af stærð flota þeirra fyrir 1996, 1997 og 1998.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1101/89:

1. - á eftir „1995“ í 1. mgr. komi „, og árið 1996“,
- og á eftir „1995“ í 2. mgr. komi „, og 1996“.
2. Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„3. Viðkomandi aðildarríki skulu leggja sameiginlega fram úr sjóðum sínum upphæðir sem, ásamt framlagi bandalagsins fyrir árið 1996 einvörðungu, nægja til þess að markmið í skipulagsumbótum fyrir árin 1996, 1997 og 1998 verði að veruleika. Reikna ber út framlag hvers aðildarríkis sem um ræðir með hliðsjón af hlutfallinu milli stærðar flota þess í rekstri og samanlagðs skipastóls bandalagsins. Framkvæmda-stjórnin og stjórnir hinna ýmsu úreldingarsjóða skulu ákveða þessar fjárhæðir í sameiningu.

4. Í byrjun hvers árs sem úreldingaraðgerðir standa yfir, 1996, 1997 og 1998, skal framkvæmdastjórnin samþykkja nánari ákvæði, innan ramma þessarar reglugerðar, um úreldingaraðgerðir fyrir viðkomandi ár með hliðsjón af því fé sem er til ráðstöfunar, markaðspróun og ráðstöfunum sem gripið hefur verið til á sviði afnáms hafta.“

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 318, 29. 11. 1995, bls. 11.

(2) Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1996, bls. 96.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 29), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 264, 11. 9. 1996) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996).

(4) Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2819/95 (Stjtið. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 7).

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í  
*Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

***H. COVENEY***

forseti.



**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2255/96****frá 19. nóvember 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. lið 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1107/70 <sup>(4)</sup> er kveðið á um að aðildarríkjunum sé heimilt að veita aðstoð sem ætlað er að stuðla að þróun hagkvæmari flutningakerfa og -tækni fyrir samfélagið í heild og þróun samsettra flutninga.

Kostnaður við að ferma og afferma er umtalsverður hluti heildarflutningskostnaðar á skipgengum vatnaleiðum. Mikilvægt er fyrir þróun flutninga á skipgengum vatnaleiðum að lagt sé í verulegar fjárfestingar til þess að auka afkastagetu fermyngar- og affermyngarmannvirkja og -búnaðar fyrir stöðvar á skipgengum vatnaleiðum og til þess að þau fullnægi betur nútímakröfum um skipulag flutninga. Mikilvægt er í þessu skyni að viðkomandi fyrirtæki geti fengið aðstoð frá aðildarríkjunum eða úr ríkissjóði.

Samræma ber skilyrði fyrir veitingu þessarar aðstoðar við þróun flutninga á skipgengum vatnaleiðum og leggja með reglulegu millibili mat á áhrifin sem aðstoðin hefur.

Veita ber aðstoðina nógu lengi til þess að umrædd fjárfesting geti náð tryggri markaðsstöðu og stuðlað að nýrri umferð á skipgengum vatnaleiðum. Ráðinu ber að taka ákvörðun um það skipulag sem skal gilda síðar meir.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 318, 29. 11. 1995, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1996, bls. 96.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 33), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 264, 11. 9. 1996) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 130, 15. 6. 1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3578/92 (Stjtið. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 11).

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****Stök grein**

Eftirfarandi bætist við 1. lið 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1107/70:

„f) fram til 31. desember 1999, ef aðstoðin er veitt tímabundið og henni er ætlað að stuðla að þróun flutninga á skipgengum vatnaleiðum, enda sé aðstoðin annaðhvort í formi:

- fjárfestinga í grunnvirkjum stöðva á skipgengum vatnaleiðum; eða
- fjárfestinga í föstum eða hreyfanlegum tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til að ferma og afferma.

Veitt aðstoð skal ekki vera meiri en 50% af heildarfjárfestingum.

Með aðstoðinni er stefnt að því að auka tonnatölu nýrra flutninga og bæta við þá sem fyrir eru á skipgengum vatnaleiðum. Styrkþegar skulu virða það skipulag sem viðkomandi aðildarríki samþykkir og ábyrgjast að fjárfestingarnar verði að veruleika.

Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þann árangur sem ráðstafanirnar hafa skilað í framkvæmd, þar sem sérstaklega er getið um tilgang með aðstoðinni, upphæð hennar og áhrif á flutninga á skipgengum vatnaleiðum. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að taka skýrsluna saman.

Ráðið skal, eigi síðar en 31. júlí 1999 og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og samkvæmt þeim skilyrðum sem sáttmálinn kveður á um, taka ákvörðun um það skipulag sem skal gilda síðar meir eða, þar sem það á við, um skilyrði fyrir því að skipulagið sé numið úr gildi.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

***H. COVENEY***

forseti.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2310/96****frá 2. desember 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 varðandi skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu stjakkbáta á skipgengum vatnaleiðum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2819/95 <sup>(2)</sup>, einkum c-lið 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breytingar á rekstrarsviði stjakkbáta á innri flutningsmarkaði á skipgengum vatnaleiðum kalla á að hlutfallinu „nýtt fyrir gamalt“ verði breytt í því skyni að stuðla að því að viðeigandi tækjabúnaður verði færður til nútímahorfs af öryggisástæðum. Því ber að breyta hlutfallinu þannig að það verði lækkað í 1:1.

Haft hefur verið samráð við aðildarríkin um ráðstöfunina sem kveðið er á um í reglugerð þessari og álitserð hefur borist frá sérfræðinganevnd um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum eins og kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1102/89 frá 27. apríl 1989 um

sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3039/94 <sup>(4)</sup>.**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á öðrum undirlið a-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89:

„Þegar um stjakkbáta er að ræða skal nota hugtakið hreyfiafl í stað tonnatölu. Fyrir þessa gerð skipa skal hlutfallið milli hreyfiafls stjakkbáts sem hefur nýlega verið tekinn í notkun og hreyfiafls fyrrum stjakkbáts sem hefur verið úreלטur vera jafnt (1:1), sem er frávik frá ákvæðum fyrsta liðar.“

**2. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

*Neil KINNOCK*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 313, 3. 12. 1996, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.<sup>(2)</sup> Stjttö. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 7.<sup>(3)</sup> Stjttö. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 30.<sup>(4)</sup> Stjttö. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2326/96****frá 4. desember 1996****um skiptingu framlaga bandalagsins og hlutaðeigandi aðildarríkja fyrir árið 1996 til úreldingarsjóðanna sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2254/96 <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr. a og 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 1101/89 var samþykkt fyrirkomulag skipulagsumbóta á skipgengum vatnaleiðum, en meginþáttur þess er skipulag úreldingaraðgerða sem eru samræmdar á vettvangi bandalagsins.

Kveðið er á um fjárframlag bandalagsins til úreldingarsjóða til að úrelða skip sem eru á hinum sameiginlega biðlista sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89 frá 27. apríl 1989 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3039/94 <sup>(4)</sup>. Gert er ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni í almennum fjárlögum bandalaganna fyrir árið 1996.

Auk þess er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2254/96 kveðið á um fjárframlag hlutaðeigandi aðildarríkja til úreldingarsjóðanna fyrir árið 1996. Framlag þeirra ber að reikna út með hliðsjón af stærð skipastóls í rekstri í hlutaðeigandi aðildarríki.

Framkvæmdastjórninni er ætlað að skipta fjárframlagi bandalagsins og hlutaðeigandi aðildarríkja fyrir árið 1996 milli þeirra tveggja sviða sem um ræðir, þurrflutningaskipa og stjakbáta annars vegar og tankskipa hins vegar, í samræmi við fjölda umsókna um bætur sem hafa borist og deila því á milli úreldingarsjóða.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 316, 5. 12. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11.

Lengja ber frestinn til að fara fram á úreldingu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1102/89 með tilliti til þess mikla fjölda skipa sem úrelða á og takmarkaðrar afkastagetu úreldingarstöðvanna.

Mjög brýnt er að reglugerð þessi öðlist gildi þegar í stað vegna þeirrar þýðingar sem hún hefur fyrir fjárlög ársins 1996.

Haft hefur verið samráð við aðildarríkin um þær ráðstafanir sem kveðið er á um í reglugerð þessari og álitserð hefur borist frá sérfræðinganevnd um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum eins og kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/89.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

1. Í reglugerð þessari er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu úreldingarbóta vegna skipa sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89, þar eð nauðsynlegt er að minnka flota aðildarríkjanna á skipgengum vatnaleiðum um það bil 5% á árinu 1996.

2. Heildarfjárhagsáætlun sem nemur 64 milljónum ECU er talin nauðsynleg fyrir árið 1996 ef ná á fyrrnefndu markmiði, en af þeirri fjárhæð eru 42 milljónir ECU áætlaðar til úreldingar þurrflutningaskipa og stjakbáta og 22 milljónir ECU til úreldingar tankskipa.

3. Til viðbótar því fé sem um getur í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89 hafa úreldingarsjóðirnir sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 hlotið fjárframlag frá bandalaginu fyrir árið 1996 sem nemur 20 milljónum ECU og fjárframlag frá hlutaðeigandi aðildarríkjum sem nemur 41 milljón ECU til þess að úrelða þau skip sem eru á sameiginlega biðlistanum sem um getur í 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89.

4. Fjárframlög hlutaðeigandi aðildarríkja fyrir árið 1996 hafa verið reiknuð út með hliðsjón af stærð skipastóls þeirra í rekstri, miðað við tonnátölu, þar sem umræddar fjárhæðir eru 1. janúar 1996:

- fyrir Austurríki: 680 000 ECU,
- fyrir Belgíu: 6 010 000 ECU,
- fyrir Þýskaland: 10 450 000 ECU,
- fyrir Frakkland: 960 000 ECU,
- fyrir Holland: 22 900 000 ECU.

5. Framkvæmdastjórnin skal vinna með stjórnnum sjóðanna að því að taka saman sameiginlegan biðlista fyrir hina tvo aðskildu reikninga sem um getur í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89.

Sjóðirnir skipta fénu sem er til á aðskildu reikningunum tveimur milli umsækjenda um úreldingarbætur með hliðsjón af röð þeirra á hinum sameiginlega biðlista uns öllu handbæru fé hefur verið útdeilt. Stjórnir sjóðanna skulu tilkynna skipaeigendum um málalyktir þegar í stað ef umsóknir þeirra eru teknar til greina.

6. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, fyrir 31. desember 1996, með hvaða hætti beri að skipta fénu sem um getur í 2. mgr. milli úreldingarsjóðanna með hliðsjón af umsóknum um úreldingarbætur sem hafa verið teknar til greina.

**2. gr.**

Orðið „nú“ komi í stað „sex“ í fyrsta lið 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Neil KINNOCK*

framkvæmdastjóri.

**TILSKIPUN RÁÐSINS 96/50/EB**

frá 23. júlí 1996

**um samræmingu skilyrða fyrir því að öðlast innlend skipstjórnarskírteini til að flytja farm og farþega eftir skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Setja ber sameiginleg ákvæði um stjórn skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu. Fyrsta skrefið til að ná þessu markmiði var stigið með samþykkt tilskipunar ráðsins 91/672/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á innlendum skipstjórnarskírteinum fyrir flutning á vörum og farþegum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(4)</sup>.

Vegna ólíkra ákvæða í innlendra löggjöf í aðildarríkjunum sem lúta að skilyrðum til að öðlast skipstjórnarskírteini fyrir siglingar á skipgengum vatnaleiðum og þess að brýnt er að herða öryggiskröfur í siglingum á skipgengum vatnaleiðum í áföngum ber að samþykkja bandalagsreglur um útgáfu þessara skírteina til að koma megi í veg fyrir röskun á samkeppni.

Bandalaginu ber, í því skyni að tryggja nauðsynlega einsleitni og gagnsæi, að ákveða fyrirmynd að innlendu skipstjórnarskírteini sem aðildarríkin viðurkenna með gagnkvæmum hætti án kröfu um að skipt sé um skírteini og þau annast sjálf útgáfu á í samræmi við dreifræðisregluna.

Alþjóðleg samkeppni er ekki fyrir hendi á innlendum skipgengum vatnaleiðum sem ekki tengjast skipgengu leiðaneti annars aðildarríkis og því er ekki nauðsynlegt að lögbinda sameiginleg

ákvæði um afhendingu skipstjórnarskírteina sem sett eru í þessari tilskipun fyrir þessar vatnaleiðir.

Meginmarkmið þessara sameiginlegu ákvæða hlýtur að vera að auka öryggi í siglingum og vernda mannlíf. Því er nauðsynlegt að í fyrirnefndum ákvæðum séu settar fram lágmarkskröfur sem umsækjandi skal uppfylla til þess að öðlast skipstjórnarskírteini fyrir siglingar á skipgengum vatnaleiðum.

Kröfurnar sem um ræðir skulu að minnsta kosti varða lágmarksaldur til að stjórna skipi, líkamlegt og andlegt hæfi umsækjenda og starfsreynsla þeirra og þekkingu í tilteknum greinum sem lúta að stjórn skips. Aðildarríkjunum er heimilt að gera viðbótarkröfur sem varða sérstaklega þekkingu á tilteknum staðbundnum aðstæðum í því augnamiði að tryggja öryggi skips og manna um borð. Krafist er viðbótarfagkunnáttu til þess að sigla eftir ratsjá eða stjórna skipi sem flytur farþega.

Kveða ber á um viðeigandi málsmeðferðarreglur um breytingu á viðaukunum við þessa tilskipun. Því er við hæfi að nefndin sem komið var á fót samkvæmt 7. gr. tilskipunar 91/672/EBE aðstoði framkvæmdastjórnina ef breyta á viðaukunum.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

1. Aðildarríki sem gefa út skipstjórnarskírteini fyrir flutning á vörum og farþegum á skipgengum vatnaleiðum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hér á eftir nefnt „skírteinið“, skulu gera það í samræmi við fyrirmynd bandalagsins sem er lýst í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að skírteini séu fölsuð.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 280, 6. 10. 1994, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 25. janúar 1995 (Stjttíð. EB nr. C 102, 24. 4. 1995, bls. 5).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 2. mars 1995 (Stjttíð. EB nr. C 68, 20. 3. 1995, bls. 41), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. C 356, 30. 12. 1995, bls. 66) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. maí 1996 (Stjttíð. EB nr. C 152, 27. 5. 1996, bls. 46).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1991, bls. 29.

3. Lögbært yfirvald í aðildarríkjunum skal gefa skírteinið út í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Taka ber tillit til séreinkenna vatnaleiðanna og skírteinanna sem um getur í 1. gr. tilskipunar 91/672/EBE, það er:

- skipstjórnarskírteinisins sem gildir fyrir allar vatnaleiðir í aðildarríkjunum, að undanskildum vatnaleiðum sem reglugerðin um útgáfu leyfa fyrir siglingar á Rín gildir um (Flokkur A),
- skipstjórnarskírteinisins sem gildir fyrir allar vatnaleiðir í aðildarríkjunum, að undanskildum vatnaleiðum sem liggja að sjó og um getur í II. viðauka við tilskipun 91/672/EBE og að undanskildum vatnaleiðum sem reglugerðin um útgáfu leyfa fyrir siglingar á Rín gildir um (Flokkur B).

4. Skírteini í flokki A eða flokki B sem aðildarríkin gefa út í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar gilda fyrir allar vatnaleiðir í bandalaginu í flokki A eða flokki B.

5. Með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr. gildir leyfið fyrir siglingar á Rín, útgefið í samræmi við endurskoðaða gerð samningsins um siglingar á Rín, fyrir allar vatnaleiðir í bandalaginu.

6. Innlend skipstjórnarskírteini sem gagnkvæm viðurkenning gildir um samkvæmt tilskipun 91/672/EBE, sýnishorn er birt í I. viðauka við þessa tilskipun, og gefin eru út eigi síðar en 18 mánuðum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi skulu gilda áfram án kröfu um að skipt sé um skírteini.

#### 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „lögbært yfirvald“: yfirvald sem aðildarríki tilnefnir til að gefa út skírteini eftir að það hefur gengið úr skugga um að umsækjandi uppfylli öll skilyrði;
- b) „skipstjórnandi“: maður sem hefur nauðsynlega hæfni og menntun og hæfi til að stjórna skipi á vatnaleiðum aðildarríkjanna og ber ábyrgð á siglingu um borð;
- c) „háseti“: maður sem hefur reglulega tekið þátt í því að stjórna skipi í siglingu á vatnaleiðum, meðal annars staðið við stjórnvöl.

#### 3. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um alla stjórnendur skipa sem flytja vörur og farþega og sigla á skipgengum vatnaleiðum: vélknúnum prömmum, dráttarbátum, stjakkbátum, prömmum, lektulestum sem er ýtt eða lektum sem er raðað hlið við hlið og ýtt, að undanskildum:

- stjórnendum skipa sem flytja vörur og eru undir 20 metrum á lengd,

- stjórnendum skipa sem flytja farþega, en ekki fleiri en 12 manns auk áhafnar.

2. Aðildarríki er heimilt, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að veita skipstjórnendum sem starfa einungis á innlendum vatnaleiðum sem ekki tengjast skipgengu leiðaneti annars aðildarríkis undanþágu frá gildissviði þessarar tilskipunar og gefa út innlend skipstjórnarskírteini fyrir þá með skilyrðum sem kunna að víkja frá þeim sem eru sett í þessari tilskipun. Í því tilviki gilda fyrrnefnd innlend skírteini aðeins á þeim vatnaleiðum.

#### 4. gr.

1. Umsækjandi skal uppfylla þær lágmarkskröfur sem settar eru fram í 5. til 8. gr. til að öðlast skírteini. Í skírteininu skal koma fram hvort viðkomandi skipstjórnandi hefur leyfi samkvæmt flokki A eða flokki B.

2. Gagnkvæm viðurkenning gildir um skírteinin sem aðildarríkin gefa út í samræmi við lágmarkskröfurnar sem um getur í 1. mgr.

#### 5. gr.

Umsækjandi skal vera að minnsta kosti 21 árs til að öðlast skírteini. Samt sem áður er aðildarríkjum heimilt að gefa út skírteini fyrir einstaklinga sem eru 18 ára eða eldri. Aðildarríkjum er heimilt að gera viðurkenningu á skírteini í flokki A eða B sem annað aðildarríki gefur út háða sömu skilyrðum um lágmarksaldur og krafist er í viðkomandi aðildarríki vegna útgáfu skírteinis í sama flokki.

#### 6. gr.

1. Umsækjandi skal sýna fram á líkamlegt og andlegt hæfi sitt í lækni- og sjúknaðun hjá lækni sem viðkomandi lögbært yfirvald viðurkennir. Í rannsókninni skal einkum athuga sjón- og heyrnarskerpu, hæfileika til að greina á milli lita, hreyfanleika hand- og fótleggja, ástand umsækjanda í taugageðlæknisfræðilegu tilliti og ástand hjarta hans og æða.

2. Þegar handhafi skírteinis nær 65 ára aldri skal hann gangast undir lækni- og sjúknaðunina sem um getur í 1. mgr. innan þriggja mánaða og árlega eftir það. Lögbæra yfirvaldið skal votta á skírteininu að skipstjórnandi hafi gert skyldu sína í þessum efnum.

#### 7. gr.

1. Umsækjandi skal leggja fram gögn sem sanna að hann hafi að minnsta kosti fjögurra ára starfsreynslu sem háseti á skipi sem siglir á skipgengum vatnaleiðum.

2. Til að unnt sé að taka starfsreynslu til greina þarf hún að vera viðurkennd af lögbæra yfirvaldinu í viðkomandi aðildarríki með færslu í þjónustubók hlutaðeigandi. Unnt er að afla sér slíkrar starfsreynslu á vatnaleiðum hvaða aðildarríkis sem vera skal. Ef um er að ræða vatnaleiðir sem liggja að hluta á yfirráðsvæði bandalagsins, t.d. Dóná, Elbe og Oder, skal taka til greina starfsreynslu sem er aflað hvar sem er á þessum vatnsföllum.

3. Heimilt er að stytta lágmarksstarfstímann sem um getur í 1. mgr. um mest þrjú ár:

- a) hafi umsækjandi prófskírteini sem lögbæra yfirvaldið viðurkennir og staðfestir að viðkomandi hafi hlotið sérþjálfun í siglingum á skipgengum vatnaleiðum sem í felst verkleg þjálfun í stjórn skipa. Styttingin skal ekki vera meiri en nemur þeim tíma sem sérþjálfunin stóð yfir; eða
- b) geti umsækjandi fært sönnur á að hann hafi að baki starfsreynslu sem háseti á skipi sem siglir á opnu hafi. Til þess að öðlast þriggja ára hámarksstyttinguna skal umsækjandi færa sönnur á að hann hafi að minnsta kosti fjögurra ára siglingareynslu á sjó.

4. Heimilt er að lækka lágmarksstarfstímann sem kveðið er á um í 1. mgr. um mest þrjú ár hafi umsækjandi staðist verkleg próf sem skipstjórnandi. Skírteinið skal í því tilviki aðeins gilda á skipum sem hafa sömu siglingaeiginleika og skipið þar sem verklega prófið fór fram.

#### 8. gr.

1. Umsækjandi skal hafa staðist próf þar sem fagleg þekking er metin. Prófa ber að minnsta kosti í þeim almennu námsgreinum sem taldar eru upp í kafla A í II. viðauka.

2. Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina getur aðildarríki farið fram á að skipstjórnandi standist viðbótarkröfur sem varða þekkingu á staðbundnum skilyrðum til siglinga á tilteknum vatnaleiðum, að undanskildum vatnaleiðum sem liggja að sjó og um getur í II. viðauka við tilskipun 91/672/EBE.

Aðildarríki getur, einnig að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, farið fram á að stjórnandi skips sem flytur farþega á tilteknum svæðum, þar sem um takmarkaða flutninga er að ræða, hafi meiri faglega þekkingu á sérákvæðum um öryggi farþega, einkum ef slys ber að höndum, eldur verður laus eða skipsskaði verður.

#### 9. gr.

1. Til að fá heimild til þess að sigla eftir ratsjá skal skipstjórnandi vera handhafi sérstaks vottorðs sem viðkomandi lögbært yfirvald gefur út því til staðfestingar að hann hafi staðist próf þar sem lagt er mat á faglega þekkingu í þeim námsgreinum sem taldar eru upp í kafla B í II. viðauka.

Aðildarríkin skulu taka gild hæfisskírteini sem eru gefin út samkvæmt reglugerð um útgáfu hæfisskírteina sem veita heimild til að stjórna skipi eftir ratsjá á Rínarfljóti.

2. Viðkomandi lögbært yfirvald skal með áritun á skírteinið vitna um hæfni umsækjanda, sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í 1. mgr., til að sigla eftir ratsjá.

#### 10. gr.

Til þess að fá heimild til að stjórna skipi sem flytur farþega á vatnaleiðum í aðildarríkjunum skal annaðhvort stjórnandi skipsins eða annar úr áhöfninni vera handhafi sérstaks skírteinis sem viðkomandi lögbært yfirvald gefur út því til staðfestingar að hann/hún hafi staðist próf þar sem lagt er mat á faglega þekkingu í þeim greinum sem um getur í kafla C í II. viðauka.

#### 11. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. getur framkvæmdastjórnin gert nauðsynlegar ráðstafanir í því augnamiði að breyta formi skipstjórnarskírteinisins í I. viðauka og kröfum um nauðsynlega fagþekkingu sem um getur í II. viðauka.

#### 12. gr.

1. Nefndin sem komið var á fót samkvæmt 7. gr. tilskipunar 91/672/EBE skal aðstoða framkvæmdastjórnina við beitingu ákvæða 11. gr.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað;

b) Séu ráðstafanirnar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að greina ráðinu tafarlaust frá þeim. Ef svo ber undir skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar, sem hún hefur ákveðið, komi til framkvæmda um mest einn mánuð frá því að ráðinu var greint frá þeim. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan sömu tímamarka.

#### 13. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18 mánuðum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.



2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þau ákvæði sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**14. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

3. Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, aðstoða hvert annað við framkvæmd þessarar tilskipunar.

**15. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**


forseti.

## I. VIÐAUKI

### FYRIRMYND AÐ SKIPSTJÓRNARSKÍRTEINI FYRIR SIGLINGAR Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM

(85 mm × 54 mm — ljósblár bakgrunnur)

Eðliseiginleikar pappírsins skulu vera í samræmi við ISO-staðal 78.10.

| <b>SKIPSTJÓRNARSKÍRTEINI FYRIR SIGLINGAR<br/>Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM A/B</b> | <b>ÍSLAND</b>  |
|---|--|
| 1. xxx  |  |
| 2. xxx  |  |
| 3. 1.1. 1996 — IS-Reykjavík   |  |
| 4. 2.1. 1996  |  |
|   | 6.   |
| 7. #####  |  |
| 8. AB   |  |
| 9. R tonn, kW, xx   |  |
| 10. 1.1.2061  |  |
| 11.   |  |
|   | 5. xxx   |

| <b>SKIPSTJÓRNARSKÍRTEINI FYRIR VÖRU- OG FARÞEGAFLOTNINGA<br/>Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM</b> |                                    |
|---|------------------------------------|
| 1. Kenninafn handhafa   | 9. - R - Ratsjá                    |
| 2. Eiginnafn  | - Skipaflokkur og burðargeta       |
| 3. Fæðingardagur og ár  | (tonn, kW, farþegar)               |
| 4. Útgáfudagur skírteinis   | 10. Fyrningardagsetning            |
| 5. Útgáfunúmer  | 11. Áritanir                       |
| 6. Ljósmynd af handhafa   | Takmarkanir                        |
| 7. Undirskrift handhafa   |                                    |
| 8. A. Allar vatnaleiðir nema Rínarfljót   |                                    |
| B. Allar vatnaleiðir nema þær sem liggja að sjó og Rínarfljót                             |                                    |
|   | Fyrirmynd fyrir<br>Evrópusambandið |

## II. VIÐAUKI

### FAGÞEKking SEM ER KRAFIST TIL AÐ ÖÐLAST SKIPSTJÓRNARSKÍRTEINI FYRIR SIGLINGAR Á SKIPGENGUM VATNALEIÐUM

#### KAFLI A

##### Almennar námsgreinar sem lúta að vöru- og farþegaflutningum

#### 1. HLUTI: SKÍRTEINI Í FLOKKI A

##### 1. *Siglingafræði*

- a) Nákvæm þekking á umferðarreglum á skipgengum vatnaleiðum og vatnaleiðum sem liggja að sjó, einkum evrópskum reglum um skipgengar vatnaleiðir (ECIW) og alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, meðal annars siglingamerkjum (merkingum og baujum á vatnaleiðum);
- b) þekking á almennum landfræðilegum, vatnafræðilegum, veðurfræðilegum og útlitslegum einkennum helstu skipgengu vatnaleiða og vatnaleiða sem liggja að sjó;
- c) sigling eftir kennileitum á jörðu þar sem fjallað er um:

ákvörðun stefnu, staðsetningarlínur og staðsetningu skips, prentað mál og auglýsingar um siglingafræði, notkun sjókorta, siglingamerki og baujur, prófun áttavita og grundvallaratriði varðandi þekkingu á sjávarföllum.

##### 2. *Stjórn tók skips*

- a) Stjórn skips þar sem tekið er tillit til vinds, strauma, iðustrauma og djúpristu til að unnt sé að tryggja nægilega flothæfni og stöðugleika;
- b) hvaða hlutverki stýri og skrófa gegna og hvernig þau starfa;
- c) að festa skip með akkeri og binda við ólíkar aðstæður;
- d) stjórn tók í skipastigum og höfnum, stjórn tók þegar öðrum skipum er mætt eða siglt er fram úr þeim.

##### 3. *Smíði skips og stöðugleiki*

- a) Þekking á helstu meginreglum skipasmíði, einkum með tilliti til öryggis farþega, áhafnar og skips;
- b) grundvallarþekking á ákvæðum tilskipunar ráðsins 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum<sup>(1)</sup>;
- c) grundvallarþekking á helstu hlutum sem skipið er smíðað úr;
- d) fræðileg þekking á reglum um flothæfni og stöðugleika og beitingu þeirra, einkum að því er varðar haffæri;
- e) viðbótarkröfur, einkum viðbótartækjabúnaður, á vatnaleiðum sem liggja að sjó.

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. EB nr. L 301, 28. 10. 1982, bls. 1.

4. *Vélar*
  - a) Grundvallarþekking á smíði véla og hvernig þær vinna til að unnt sé að tryggja að þær gangi eðlilega;
  - b) starfræksla og skoðun aðal- og hjálparvéla og til hvaða ráða ber að grípa ef vélarbilun verður.
5. *Ferming og afferming*
  - a) Notkun djúpristukvarða;
  - b) ákvörðun burðargetu með því að styðjast við mælibréfið;
  - c) ferming og afferming, frágangur farms (áætlun um frágang farms).
6. *Viðbrögð við sérstakar aðstæður*
  - a) Frumatriði slysavarna;
  - b) ráðstafanir sem grípa ber til ef bilun eða tjón verður, skip lendir í árekstri eða strandar, þar með talið hvernig stöðva á leka;
  - c) notkun björgunartækja og björgunarbúnaðar;
  - d) hjálp í viðlögum ef slys ber að höndum;
  - e) brunavarnir og notkun slökkvitækja og slökkvibúnaðar;
  - f) mengunarvarnir á vatnaleiðum;
  - g) sérstakar ráðstafanir í tengslum við björgun mannlífa, skipa og farms á skipgengum vatnaleiðum sem liggja að sjó, að komast lífs af úr sjávarháska.

## 2. HLUÐI: SKÍRTEINI Í FLOKKI B

1. *Siglingafræði*
  - a) Nákvæm þekking á umferðarreglum á skipgengum vatnaleiðum, einkum evrópskum reglum um skipgengar vatnaleiðir (ECIW), meðal annars siglingamerkjum (merkingum og baujum á vatnaleiðum);
  - b) þekking á almennum landfræðilegum, vatnafræðilegum, veðurfræðilegum og útlitslegum einkennum helstu skipgengu vatnaleiða;
  - c) ákvörðun stefnu, prentað mál og auglýsingar um siglingafræði, baujur.
2. *Stjórnþök skips*
  - a) Stjórn skips þar sem tekið er tillit til vinds, strauma, iðustrauma og djúpristu til að unnt sé að tryggja nægilega flothæfni og stöðugleika;
  - b) hvaða hlutverki stýri og skrófa gegna og hvernig þau starfa;
  - c) að festa skip með akkeri og binda við ólíkar aðstæður;
  - d) stjórnþök í skipastigum og höfnum, stjórnþök þegar öðrum skipum er mætt eða siglt er fram úr þeim.

3. *Smíði skips og stöðugleiki*
  - a) Þekking á helstu meginreglum skipasmíði, einkum með tilliti til öryggis farþega, áhafnar og skips;
  - b) grundvallarþekking á ákvæðum tilskipunar ráðsins 82/714/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum;
  - c) grundvallarþekking á helstu hlutum sem skipið er smíðað úr;
  - d) fræðileg þekking á reglum um flothæfni og stöðugleika og beitingu þeirra.
4. *Vélar*
  - a) Grundvallarþekking á smíði véla og hvernig þær vinna til að unnt sé að tryggja að þær gangi eðlilega;
  - b) starfræksla og skoðun aðal- og hjálparvéla og til hvaða ráða ber að grípa ef vélarbilun verður.
5. *Ferming og afferming*
  - a) Notkun djúpristukvarða;
  - b) ákvörðun burðargetu með því að styðjast við mælibréfið;
  - c) ferming og afferming, frágangur farms (áætlun um frágang farms).
6. *Viðbrögð við sérstakar aðstæður*
  - a) Frumatriði slysavarna;
  - b) ráðstafanir sem grípa ber til ef bilun eða tjón verður, skip lendir í árekstri eða strandar, þar með talið hvernig stöðva á leka;
  - c) notkun björgunartækja björgunarbúnaðar;
  - d) hjálp í viðlögum ef slys ber að höndum;
  - e) brunavarnir og notkun slökkvitækja og slökkvibúnaðar;
  - f) mengunarvarnir á vatnaleiðum.

## KAFLI B

### Lögboðnar viðbótarnámsgreinar sem fjalla um siglingu eftir ratsjá

- a) Þekking í ratsjárfræðum: almenn þekking á útvarpsbylgjum og frumatriðum þess hvernig ratsjá starfar;
- b) hæfni í að nota ratsjárþúnað, túlkun ratsjármyndar, greining upplýsinga sem þúnaðurinn veitir og þekking á takmörkunum þeirra upplýsinga sem ratsjái veitir;
- c) notkun beygjumælis;
- d) þekking á evrópskum reglum um skipgengar vatnaleiðir (ECIW) með tilliti til siglingar eftir ratsjá.

**KAFLI C****Lögboðin viðbótarkunnátta vegna farþegaflutninga**

1. Grundvallarþekking á tæknilegum reglugerðum um: stöðugleika farþegaskipa ef tjón eða bilun verður, vatnsþétt skilrúm, hámarksdjúpristu.
2. Hjálp í viðlögum ef slys ber að höndum.
3. Brunavarnir og slökkvitæki og slökkvibúnaður.
4. Aðferðir og tækjabúnaður við björgun mannlífa.
5. Hvernig vernda ber farþega almennt, einkum ef yfirgefa þarf skip, bilun eða tjón verður, skip lendir í árekstri eða strandar, eldur brýst út, sprenging verður eða aðrir atburðir sem kunna að leiða til þess að skelfing grípi um sig.
6. Þekking á öryggisleiðbeiningum (neyðarútgangar, landgöngubrýr, notkun neyðarstýris).

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/75/EB

frá 19. nóvember 1996

### um skipaleigukerfi og verðlagningu í flutningum á innlendum og alþjóðlegum skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Vaxandi vandi í tengslum við síaukna umferð á vegum og járnbrautum, öryggi í flutningum, umhverfi, orkusparnað og lífsgæði borgaranna kalla, í þágu almennings, á örari framfarir og betri nýtingu á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum, einkum með því að auka samkeppnishæfni þeirra.

Mismunandi löggjöf einstakra landa með tilliti til þess með hvaða hætti flutningar á skipgengum vatnaleiðum í atvinnuskyni fara fram er hindrun í vegi þess að innri markaðurinn á þessu sviði geti starfað greiðlega. Því ber að samþykkja sameiginleg ákvæði á vettvangi bandalagsins um markaðinn fyrir flutninga á skipgengum vatnaleiðum í heild í samræmi við ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(4)</sup>.

Til þess að innri markaðurinn geti starfað greiðlega er nauðsynlegt að gera breytingar á skiptiskipaleigukerfinu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum til þess að stuðla að auknum sveigjanleika í viðskiptum og frelsi á sviði skipaleigu og verðlagningar.

Í þessu skyni ber að kveða á um aðlögunartímabil og þrengja smám saman gildissvið skiptikerfisins til þess að gera farmflytjendum kleift að aðlaga sig að frjálsum markaðskerfi og,

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 318, 29. 11. 1995, bls. 8.

(2) Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1996, bls. 96.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 32), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 264, 11. 9. 1996) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 6. 1996).

(4) Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 5.

þar sem við á, stofna viðskiptasamtök sem þjóna betur þörfum farmsendenda með tilliti til flutningsskipulags.

Í samræmi við dreifræðisregluna er bæði nauðsynlegt og fullnægjandi að kveða á um sameiginlega tímaáætlun á vettvangi bandalagsins um afnám hafta á markaðinum í áföngum þar sem aðildarríkjunum er falið að koma slíku viðskiptafrelsi á.

Samþykkja ber ákvæði sem heimila að gripið sé til aðgerða á þeim flutningsmarkaði sem um ræðir ef til alvarlegrar markaðsröskunar kemur. Í þessu skyni ber að veita framkvæmdastjórninni umboð til að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við málsmeðferð ráðgjafarnefndar.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „Skiptiskipaleiga“: skipulag þar sem beiðnum viðskiptamanna um flutning, sem fer fram fyrir fyrirfram ákveðið fastagjald og með skilyrðum sem eru þekkt fyrirfram, er úthlutað eftir þeirri röð sem skipin losna eftir affermingu. Farmflytjendur eru hvattir, í þeirri röð sem þeir eru skráðir í skiptikerfið, til að velja farm úr þeim fjölda sem býðst. Þeir sem ekki velja farm halda engu að síður stöðu sinni í röðinni;
- „farmflytjandi“: eigandi eða rekstraraðili eins eða fleiri skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum;
- „lögbært yfirvald“: yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir til að stjórna og skipuleggja skiptiskipaleigu;
- „alvarleg markaðsröskun“: vandi sem verður til á flutningsmarkaði á skipgengum vatnaleiðum sem einskorðast við þann markað og líklegur er til að skapa gífurlegt offramboð miðað við eftirspurn sem gæti orðið viðvarandi og alvarleg ógnun við fjárhagslegan stöðugleika og afkomu mikils fjölda farmflytjenda á skipgengum vatnaleiðum, nema spár til skemmri og meðallangs tíma bendi til umtalsverðs og varanlegs bata fyrir þann markað sem um ræðir.

**2. gr.**

Frjálsir samningar milli hlutaðeigandi aðila skulu gerðir á sviði flutninga á skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu, bæði innanlands og milli landa, einnig samningar um verð.

**3. gr.**

Á aðlögunartímabili fram til 1. janúar 2000 er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að viðhalda lögbundnum lágmarkstollum og skiptiskipaleigu að því tilskildu:

- að skilyrðunum í 4., 5. og 6. gr. sé fullnægt; og
- að öllum farmflytjendum í aðildarríkjunum sé tryggður frjáls aðgangur að skiptiskipaleigu og verðlagningarkerfunum sem mælt er fyrir um og með sömu skilyrðum.

**4. gr.**

Á aðlögunartímabilinu sem um getur í 3. gr. skal fyrrnefnd skiptiskipaleiga ekki gilda um flutninga:

- a) á olíu og gasi, fljótandi farmi og þurrfrakt í lausri vigt, sérstökum farmi, t.d. þungavöru og óskiptanlegum farmi, gámum og um flutninga innan hafnarsvæða, alla flutninga á eigin kostnað og alla flutninga sem þegar eru utan gildissviðs skiptiskipaleigu;
- b) þar sem skiptiskipaleiga hentar ekki, einkum:
  - flutninga þar sem tækjabúnaður er nauðsynlegur við meðhöndlun farms;
  - samsetta flutninga, það er þegar einstakir flutningsmáttar tengjast innbyrðis, meginhluti leiðarinnar er eftir skipgengum vatnaleiðum en upphafs- og/eða lokaspökurinn (sem skal vera eins stuttur og við verður komið) er eftir vegum eða járnbrautum.

**5. gr.**

Á aðlögunartímabilinu sem um getur í 3. gr. skulu aðildarríkin grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að auka sveigjanleika skiptiskipaleigu eins og frekast er unnt, einkum:

- með því að skapa farmsendendum tækifæri til að gera samninga um margfaldar ferðir, það er eina ferð eftir aðra með sama skipi;
- með því að heimila að einstakar eða margfaldar ferðir sem eru boðnar tvisvar í röð samkvæmt fyrirkomulagi skiptiskipaleigu án þess að slíku boði sé tekið falli úr skiptikerfinu og um þær samið í frjálsum samningum.

**6. gr.**

Innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi skulu aðildarríki þar sem skiptiskipaleiga fer fram grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að farmsendendur eigi vól á þrenns konar samningum:

- samningum þar sem samningstími er lagður til grundvallar, t.d. leigusamningum þar sem farmflytjandinn hefur eitt eða fleiri skip og áhöfn til taks einvörðungu fyrir viðskiptamann í tiltekinn tíma til þess að flytja vörur fyrir hann fyrir tiltekna fjárhæð á dag. Um er að ræða frjálsan samning milli aðilanna;
- samningum um tonnatölu þar sem farmflytjandi tekur að sér að flytja ákvæðið magn í tonnum í tiltekinn tíma samkvæmt samningnum gegn greiðslu farmgjalda fyrir hvert tonn. Um er að ræða frjálsan samning milli aðilanna þar sem um stórar vörusendingar skal vera að ræða;
- samningum um einstakar eða margfaldar ferðir.

**7. gr.**

1. Ef alvarleg röskun verður á flutningsmarkaði á skipgengum vatnaleiðum er framkvæmdastjórninni heimilt, samanber þó ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum (<sup>1</sup>), að beiðni aðildarríkis, að grípa til viðeigandi ráðstafana, einkum ráðstafana sem miða að því að koma í veg fyrir frekara auknið framboð í flutningum á þeim markaði sem um ræðir. Taka ber ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 8. gr.

2. Ef aðildarríki leggur fram beiðni um að gripið verði til viðeigandi ráðstafana ber að taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá því að beiðnin er móttækin.

3. Beiðni aðildarríkis um að gripið verði til viðeigandi ráðstafana skulu fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að leggja mat á efnahagsástandið á því sviði sem um ræðir, einkum:

- upplýsingar um meðalkostnað við og verð fyrir flutning af ólíku tagi,
- nýtingarhlutfall lestarrýmis,
- spár um þróun eftirspurnar.

Aðeins er heimilt að nota þessar upplýsingar vegna hagskýrslugerðar. Óheimilt er að nota þær vegna skattamála eða senda þær þriðja aðila.

4. Ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu ekki gilda lengur en markaðsröskun varir og tilkynna ber aðildarríkjunum tafarlaust um þær.

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) 2254/96 (Stjttð. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 1).



**8. gr.**

1. Nefndin sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 91/672/EBE (²) skal aðstoða framkvæmdastjórnina.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

**9. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þau ákvæði sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**10. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**11. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. COVENEY**

forseti.

(²) Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1991, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögum frá 1994.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/04**

**nr. 24/97**  
**frá 6. maí 1997**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/97 frá 24. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarks mál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 96/53/EB fellir úr gildi frá 17. september 1997 tilskipun ráðsins 85/3/EBE frá 19. desember 1984 um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum<sup>(3)</sup>, og síðari breytingar, og tilskipun ráðsins 86/364/EBE frá 24. júlí 1986 varðandi sönnunargögn um samræmi ökutækja við tilskipun 85/3/EBE um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum<sup>(4)</sup>, sem er að finna í samningnum en ber að fella brott úr honum, með gildistöku frá sama degi.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 15. lið (tilskipun ráðsins 86/364/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„15a. **396 L 0053:** Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarks mál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu (Stjtið. EB nr. L 235, 17. 19. 1996, bls. 59).“.

**2. gr.**

Textinn í 14. lið (tilskipun ráðsins 85/3/EBE) og textinn í 15. lið (tilskipun ráðsins 86/364/EBE) fellur niður, með gildistöku frá 17. september 1997.

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/53/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 59.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 48.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/53/EB

frá 25. júlí 1996

**um að ákveða leyfileg hámarks mál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu(\*)**

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. c í sáttmálanum<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 85/3/EBE frá 19. desember 1984 um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum<sup>(4)</sup> eru, sem liður í sameiginlegri stefnu í flutningamálum, settir sameiginlegir staðlar sem miða að því að ökutæki á vegum henti betur til flutninga milli aðildarríkjana.
- 2) Umtalsverðar breytingar hafa margsinnis verið gerðar á tilskipun 85/3/EBE. Samfara frekari breytingum ber til glöggvunar og skýringa að steypa henni í einn texta ásamt tilskipun ráðsins 86/364/EBE frá 24. júlí 1986 varðandi sönnunargögn um samræmi ökutækja við tilskipun 85/3/EBE<sup>(5)</sup>.
- 3) Sá munur sem er á gildandi stöðlum í aðildarríkjunum hvað varðar þyngd og mál flutningabifreiða á vegum getur haft skaðleg áhrif á samkeppnis skilyrði og hindrað flutninga milli aðildarríkjana.
- 4) Samkvæmt dreifráðisreglunni ber að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins til þess að ryðja þessari hindrun úr vegi.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 59, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 24/97 frá 6. maí 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 38, 8. 2. 1994, bls. 3 og Stjtið. EB nr. C 247, 23. 9. 1995, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. C 295, 22. 10. 1994, bls. 72.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. C 341, 5. 12. 1994, bls. 39), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. desember 1995 (Stjtið. EB nr. C 356, 30. 12. 1995, bls. 13) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 96, 4. 4. 1996, bls. 233).

(4) Stjtið. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/7/EBE (Stjtið. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 29).

(5) Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 48.

5) Með fyrrnefndum stöðlum er stefnt að jafnvægi milli skynsamlegrar og hagkvæmrar nýtingar flutningabifreiða á vegum og þess að fullnægja kröfunum um að viðhalda grunnvirkjum, um umferðaröryggi og verndun umhverfis og lífsskilyrða.

6) Skapa ber grundvöll fyrir því að sameiginlegir staðlar um mál ökutækja til vöruflutninga séu óbreyttir til lengri tíma lítið.

7) Viðbótartæknikröfur er varða þyngd og mál ökutækja kunna að gilda um flutningabifreiðar sem eru skráðar eða teknar í notkun í aðildarríki. Slíkar kröfur skulu ekki koma í veg fyrir að unnt sé að nota flutningabifreið til flutninga milli aðildarríkjana.

8) Rýmka ber skilgreiningu á hugtakinu „kælivagn með þykum veggjum“ í 2. gr. tilskipunar 85/3/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 89/338/EBE<sup>(6)</sup>, til þess að aðildarríki geti heimilað notkun kælivagna á yfirráðasvæði sínu sem ekki uppfylla lengur kröfur um einangrun sem eru skilgreindar í fyrrnefndri grein.

9) Skýra ber hugtakið „öskiptanlegur farmur“ til þess að tryggja að ákvæðum þessarar tilskipunar sé beitt á einsleitum hátt að því er varðar leyfi til þess að nota ökutæki eða samtengd ökutæki sem flytja slíkan farm.

10) Mælieiningin tonn er almennt viðurkennd og notuð fyrir þyngd ökutækja og er þar af leiðandi notuð í þessari tilskipun þrátt fyrir að formleg mælieining sé nýuton.

11) Með framkvæmd innri markaðarins í huga ber að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að það nái yfir innanlandsflutninga að svo miklu leyti sem um er að ræða atriði sem hafa umtalsverð áhrif á samkeppnis skilyrði á sviði flutninga, hér er einkum átt við gildi sem snerta mestu leyfilegu lengd og breidd ökutækja og samtengdra ökutækja til vöruflutninga.

12) Að því er varðar aðra eiginleika ökutækja geta aðildarríkin heimilað önnur gildi á yfirráðasvæðum sínum en þau sem kveðið er á um í þessari tilskipun, en aðeins með tilliti til ökutækja í umferð innanlands.

(6) Stjtið. EB nr. L 142, 25. 5. 1989, bls. 3.

- 13) Lengd vagnalesta, þar sem teygjanlegur tengibúnaður er notaður, getur í reynd náð 18,75 m að fullu teygð. Heimila ber sömu hámarks lengd fyrir vagnalestir með óhreyfanlegan tengibúnað.
- 14) Leyfileg hámarksbreidd ökutækja til vöruflutninga, 2,50 m, getur gefið of lítið innra rými til þess að brettalestun geti farið fram með skilvirkum hætti og hefur það leitt til þess að aðildarríkin leyfa meiri frávik í innanlandsflutningum í löggjöf sinni. Því er nauðsynlegt að almenn aðlögun að ríkjandi aðstæðum fari fram til þess að tækniröfur verði skýrari um leið og hugað er að umferðaröryggi með tilliti til þeirra atriða sem um ræðir.
- 15) Ef hámarksbreidd ökutækja til vöruflutninga er aukin í 2,55 m skal sú viðmiðun einnig gilda um hópbifreiðir. Þó ber að gera ráð fyrir aðlögunartímabili fyrir hópbifreiðir til þess að veita viðkomandi framleiðendum svigrúm til að aðlaga verksmiðjur sínar að breyttum aðstæðum.
- 16) Til þess að koma í veg fyrir stórskemmdir á vegum og tryggja stýrihæfni þegar ökutæki eru leyfð eða tekin í notkun ber að taka loftfjöðrun fram yfir vélræna. Eigi skal farið yfir tiltekinn hámarksáspunga og unnt skal vera að beygja ökutækinu í 360° innan tiltekinnar viðmiðunarmarka á þeirri braut sem er ekin.
- 17) Í vöruflutningum innanlands ber að heimila aðildarríkjum að leyfa á yfirráðasvæðum sínum notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja sem hafa mál sem víkja frá þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að því tilskildu að þessi ökutæki séu notuð í flutningastarfsemi sem samkvæmt skilgreiningu þessarar tilskipunar hefur ekki mjög mikil áhrif á alþjóðlega samkeppni á sviði flutninga, t.d. flutningastarfsemi sem sérhæfð ökutæki eru notuð í og flutningastarfsemi með einingafyrirkomulagi.
- 18) Þegar um er að ræða flutningastarfsemi með einingafyrirkomulagi skal gera ráð fyrir aðlögunartímabili til þess að gera aðildarríkjum kleift að gera breytingar á vegagrunnvirkjum sínum.
- 19) Heimilt er að leyfa notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja, sem eru smíðuð samkvæmt nýrri tækni eða hugmyndum með hliðsjón af stöðlum sem víkja frá þessari tilskipun, við staðbundna flutninga til reynslu í tiltekinn tíma til þess að tækniframfarir megi koma að notum.
- 20) Heimilt er að leyfa notkun ökutækja sem hafa verið tekin í notkun áður en þessi tilskipun kemur til framkvæmda og samræmast ekki þeim málsetningum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sem stafar af því að innlend ákvæði eða mæliaðferðir hafa verið ólíkar, á sérstöku aðlögunartímabili í flutningum í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð eða tekið í notkun.
- 21) Stigin hafa verið skref í þá átt að samþykka tilskipanir sem fjalla um gerðarviðurkenningu fimm- eða sexása samtengdra ökutækja. Því skulu kröfur um samræmi við aðra eiginleika en þyngd og mál, eins og um getur í II. viðauka við tilskipun 85/3/EBE, felldar niður.
- 22) Þessi breyting er og nauðsynleg til að koma í veg fyrir að reglur stríði gegn alþjóðasamningum um akstur á vegum og umferð.
- 23) Til þess að greiða fyrir eftirliti með því að ákvæði þessarar tilskipunar séu virt ber að tryggja að í ökutækjunum séu gögn sem sýna að svo sé.
- 24) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna um að virða fresti til að lögleiða í aðildarríkjum ákvæði þeirra tilskipana sem hún kemur í staðinn fyrir og beita þeim.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um:
  - a) mál ökutækja í flokki M2, M3 og N2 og N3 og eftirvagna þeirra í flokki 03 og 04, samanber skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>;
  - b) þyngd og tiltekna aðra eiginleika ökutækjanna sem um getur í a-lið og eru tilgreind í 2. lið I. viðauka við þessa tilskipun.
2. Allar tölur um þyngd í I. viðauka gilda sem umferðarstaðlar og eiga þar af leiðandi við hleðsluskilyrði en ekki framleiðslustaðla sem verða skilgreindir í annari tilskipun síðar.

##### 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „vélknúð ökutæki“: ökutæki sem fer eftir vegum fyrir eigin vélarafli;
- „eftirvagn“: ökutæki, að festivögnum undanskildum, sem tengja á við vélknúð ökutæki, smíðað og útbúið til vöruflutninga;
- „festivagn“: ökutæki, sem tengja á við vélknúð ökutæki með þeim hætti að það hvíli á vélknúna ökutækinu að hluta og einnig þungi þess og farms þess að verulegu leyti, smíðað og útbúið til vöruflutninga;
- „samtengd ökutæki“:

(<sup>1</sup>) Stjttf. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- annaðhvort vagnalest með vélknúnu ökutæki sem er tengt við eftirvagn, eða
- liðskipt ökutæki sem er vélknúið ökutæki tengt við festivagn;
- „ökutæki með stillanlegu hitastigi“: ökutæki með fasta eða færanlega yfirbyggingu sem er sérbúin til að flytja vörur við fast hitastig og hefur hliðarveggi sem hver er að minnsta kosti 45 mm að þykkt ásamt einangrun;
- „hópbifreið“: ökutæki með níu sæti eða fleiri, að öikumannssæti meðtöldu, smíðað og útbúið til þess að flytja farþega og farangur þeirra. Það getur verið eins eða tveggja hæða og dregið eftirvagn fyrir farangur;
- „liðvagn“: hópbifreið sem sett er saman úr tveimur ósveigjanlegum hlutum sem eru tengdir saman með liðamótum. Í ökutækjum þessarar gerðar skal innbyrðis samgangur vera milli farþegakleffanna í ósveigjanlegu hlutunum tveimur. Liðamót skulu þannig gerð að farþegar geti farið hindrunarlaust milli ósveigjanlegu hlutanna. Einungis skal vera unnt að tengja eða fráteggja hlutana tvo á verkstæði;
- „leyfileg hámarksráðgjafi“: hámarksráðgjafi fyrir notkun ökutækis, eins og kveðið er á um í I. viðauka við þessa tilskipun;
- „leyfileg hámarksþyngd“: hámarksþyngd fyrir notkun hlaðins ökutækis sem ferðast milli landa;
- „leyfilegur hámarksásþungi“: hámarksþungi sem má hvíla á stökum ási eða fleiri ásum saman í umferð milli landa þegar ökutækið er hlaðið;
- „óskiptanlegur farmur“: farmur sem er ekki unnt að skipta í tvo eða fleiri hluta til að flytja hann á vegum án ótilhlýðilegs kostnaðar eða hættu á skemmdum og sem af ástæðum sem varða mál hans og massa er ekki unnt að flytja með vélknúnu ökutæki, eftirvagni, vagnalest eða liðskiptu ökutæki sem í einu og öllu er í samræmi við þessa tilskipun;
- „tonn“: sú þyngd sem eins tonns massi svarar til eða 9,8 kílónjúton (kN).

Öll leyfileg hámarksráðgjafi sem eru tilgreind í I. viðauka skulu mæld í samræmi við ákvæði I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE án jákvæðra frávikna.

### 3. gr.

1. Aðildarríki er óheimilt að hafna eða banna notkun á yfirráðasvæði sínu:
  - á ökutækjum sem ekið er milli landa og eru skráð eða tekin í notkun í öðru aðildarríki af ástæðum sem varða þyngd þeirra og mál,

- á ökutækjum til vöruflutninga sem ekið er innanlands og eru skráð eða tekin í notkun í öðru aðildarríki af ástæðum sem varða mál þeirra;

ef fyrrnefnd ökutæki eru í samræmi við viðmiðunargildin sem eru tilgreind í I. viðauka.

Þetta ákvæði gildir þrátt fyrir að:

- a) fyrrnefnd ökutæki uppfylli ekki kröfur viðkomandi aðildarríkis að því er tiltekna þyngd og mál varðar sem ekki er fjallað um í I. viðauka;
  - b) viðkomandi lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem ökutækin eru skráð eða tekin í notkun hafi leyft viðmiðunarmörk sem ekki er getið um í l. mgr. 4. gr. og eru hærri en þau sem kveðið er á um í I. viðauka.
2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. hafa samt sem áður ekki áhrif á rétt aðildarríkis, þegar tilhlýðilegt tillit er tekið til laga bandalagsins, til að gera kröfu um að ökutæki sem eru skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þess séu í samræmi við innlendar kröfur um þyngd og mál sem ekki er fjallað um í I. viðauka.

3. Aðildarríkjum er heimilt að gera kröfu um að í ökutækjum með stillanlegu hitastigi sé ATP-skírteini eða skilti með ATP-viðurkenningu sem kveðið er á um í samningi frá 1. september 1970 um millilandaflutninga á matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og um sérstakan búnað sem nota á til slíkra flutninga.

### 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu ekki heimila á yfirráðasvæðum sínum venjulega notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja til vöruflutninga innanlands sem uppfylla ekki þær kröfur sem um getur í lið 1.1, 1.2, 1.4 til 1.8, 4.2 og 4.4 í I. viðauka.
2. Aðildarríkin geta engu að síður heimilað notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja vegna vöruflutninga innanlands á yfirráðasvæðum sínum enda þótt þau uppfylli ekki þær kröfur sem um getur í lið 1.3, 2, 3, 4.1 og 4.3 í I. viðauka.
3. Einungis er heimilt að nota ökutæki eða samtengd ökutæki sem eru yfir leyfilegum hámarksráðgjafum ef til þess fæst sérstakt leyfi sem lögbær yfirvöld gefa út án mismununar eða ef um svipað samkomulag í einstaka tilvikum er að ræða við viðkomandi yfirvöld þar sem jafnræðis er gætt og þar sem fyrrnefnd ökutæki eða samtengd ökutæki flytja eða til stendur að þau flytji óskiptanlegan farm.
4. Aðildarríkin geta leyft að ökutæki eða samtengd ökutæki, sem eru notuð í vöruflutningum og nýtt til sérstaks innlands flutnings sem ekki hefur teljandi áhrif á alþjóðlega samkeppni á sviði flutninga, séu notuð á yfirráðasvæðum sínum jafnvel þótt þau víki frá málunum sem um getur í lið 1.1, 1.2, 1.4 til 1.8, 4.2 og 4.4 í I. viðauka.

Líta ber svo á að flutningur hafi ekki teljandi áhrif á alþjóðlega samkeppni á sviði flutninga ef annað skilyrðanna í a- eða b-lið er uppfyllt:

- a) flutningarnir fari fram á yfirráðasvæði aðildarríkis með sérhæfðum ökutækjum eða sérhæfðum samtengdum ökutækjum við aðstæður þar sem þeir fara að öllu jöfnu ekki fram með ökutækjum frá öðrum aðildarríkjum, t.d. flutningar sem tengjast skógarhöggi og skógrækt;
- b) aðildarríkið, sem leyfir að flutningar fari fram á yfirráðasvæði þess með ökutækjum eða samtengdum ökutækjum sem hafa mál sem víkja frá þeim sem kveðið er á um í I. viðauka, leyfi einnig notkun vélknúinna ökutækja, eftirvagna og festivagna sem eru í samræmi við málin sem um getur í I. viðauka í þannig samsetningum að sú hleðslulengd sem er leyfð í viðkomandi aðildarríki náist að minnsta kosti, til þess að allir flutningsaðilar geti notið góðs af jöfnu samkeppnisskilyrðum (einingafyrirkomulag).

Viðkomandi aðildarríki sem þarf að breyta vegagrunnvirkjum til að geta uppfyllt skilyrðið í b-lið getur engu að síður bannað, þó ekki lengur en til 31. desember 2003, notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja í vöruflutningum innanlands á yfirráðasvæði sínu ef þau fara yfir gildandi innlenda staðla um mál, að því tilskildu að innlend löggjöf gildi áfram um alla flutningsaðila í bandalaginu á jafnræðisgrundvelli.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem þau grípa til samkvæmt þessari málsgrein.

5. Aðildarríkin geta leyft að tilteknir staðbundnir flutningar fari fram til reynslu um skeið með ökutækjum eða samtengdum ökutækjum sem fela í sér nýja tækni eða nýjar hugmyndir enda þótt ein eða fleiri kröfur þessarar tilskipunar séu ekki virtar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

6. Aðildarríkin geta leyft notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja til vöruflutninga á yfirráðasvæðum sínum til 31. desember 2006, enda hafi þau verið skráð eða tekin í notkun áður en þessi tilskipun kemur til framkvæmda, þó þau séu yfir þeim málum sem kveðið er á um í lið 1.1, 1.2, 1.4 til 1.8, 4.2 og 4.4 í I. viðauka, á grundvelli ólíkra innlendra ákvæða eða mæliaðferða.

### 5. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. 4. gr.:

- a) skulu liðskipt ökutæki, sem hafa verið tekin í notkun fyrir 1. janúar 1991 og eru ekki í samræmi við forskriftirnar í lið 1.6 og 4.4 í I. viðauka, teljast vera í samræmi við þær forskriftir, að því er varðar ákvæði 3. gr., ef heildarlengd þeirra fer ekki yfir 15,50 m;
- b) skulu vagnalestir með ökutæki, sem hafa verið tekin í notkun fyrir 31. desember 1991 og eru ekki í samræmi við forskriftirnar í lið 1.7 og 1.8 í I. viðauka, teljast vera í

samræmi við þær forskriftir, að því er varðar ákvæði 3. gr., fram til 31. desember 1998 ef heildarlengd þeirra fer ekki yfir 18,00 m.

### 6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að í þeim ökutækjum sem um getur í 1. gr. og eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar sé eitt þeirra sönnunargagna sem um getur í a-, b- og c-lið:

- a) tvær eftirfarandi merkiplötur samtengdar:
  - „auðkenningarspjald framleiðanda”, hannað og fest í samræmi við ákvæði tilskipunar 76/114/EBE <sup>(1)</sup>,
  - merkiplata sem sýnir mál, í samræmi við ákvæði III. viðauka, hönnuð og fest í samræmi við ákvæði tilskipunar 76/114/EBE;

b) ein merkiplata, hönnuð og fest í samræmi við ákvæði tilskipunar 76/114/EBE, þar sem fram koma upplýsingarnar sem eru á merkiplötunum tveimur sem um getur í a-lið;

c) eitt skjal sem lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð eða tekið í notkun, gefa út. Í skjalinu skulu vera sömu fyrirsagnir og upplýsingar og á merkiplötunum sem um getur í a-lið. Það skal geymt á stað þar sem auðvelt er að skoða það og vera vel varið.

2. Ef eiginleikar ökutækis samsvara ekki lengur því sem kemur fram í sönnunargögnum um samræmi skal aðildarríkið þar sem ökutækið er skráð gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sönnunargögnum um samræmi sé breytt.

3. Aðildarríkin skulu viðurkenna merkiplöturnar og skjölin sem um getur í 1. mgr. sem sönnunargögn um samræmi ökutækis eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

4. Ef í ökutæki eru sönnunargögn um samræmi má gera á þeim:

- slembiathuganir með tilliti til sameiginlegra staðla um þyngd,
- athuganir með tilliti til sameiginlegra staðla um mál, en því aðeins að grunur leiki á um að þau séu ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

5. Í miðdálki sönnunargagna um samræmi sem fjalla um þyngd skulu, þar sem við á, tilgreindir þeir bandalagsstaðlar um þyngd sem gilda fyrir viðkomandi ökutæki. Með tilliti til ökutækja sem um getur í c-lið liðar 2.2.2 í I. viðauka skal færslan „44 tonn” koma fram í svigum undir leyfilegri hámarksþyngd samtengdu ökutækjanna.

6. Aðildarríki getur ákveðið, að því er varðar ökutæki sem eru skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þess, að leyfileg

(1) Stjótt. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/507/EBE (Stjótt. EB nr. L 155, 13. 6. 1978, bls. 31).

hámarksþyngd samkvæmt innlendri löggjöf komi fram í vinstri dálki í sönnunargögnum um samræmi og tæknilega leyfilegar þyngdir í hægri dálki.

#### 7. gr.

Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að framfylgt sé ákvæðum sem gilda í hverju aðildarríki um umferð á vegum og heimila að þyngd og/eða mál ökutækja séu takmörkuð á tilteknum vegum eða vegamannvirkjum, óháð því í hvaða ríki ökutækin eru skráð eða tekin í notkun.

#### 8. gr.

Ákvæði 3. gr. öðlast ekki gildi á Írlandi og í Breska konungsríkinu fyrir en 31. desember 1998:

- a) að því er varðar staðlana sem um getur í lið 2.2, 2.3.1, 2.3.3, 2.4 og 3.3.2 í I. viðauka:
- að undanskildum liðskiptum ökutækjum sem um getur í lið 2.2.2, ef:
    - i) heildarþyngd með hleðslu er ekki yfir 38 tonnum;
    - ii) þungi sem hvílir á þremur ásum saman, þar sem bil milli ása er eins og er tilgreint í lið 3.3.2, er 22,5 tonn eða minni,
  - að undanskildum ökutækjunum sem um getur í lið 2.2.3, 2.2.4, 2.3 og 2.4, ef heildarþyngd með hleðslu er ekki yfir:
    - i) 35 tonnum að því er varðar ökutækin sem um getur í liðum 2.2.3 og 2.2.4;
    - ii) 17 tonnum að því er varðar ökutækin sem um getur í lið 2.3.1;
    - iii) 30 tonnum að því er varðar ökutækin sem um getur í lið 2.3.3, með fyrirvara um samræmi við skilyrðin sem eru tilgreind í þeim lið og lið 4.3;
    - iv) 27 tonnum að því er varðar ökutækin sem um getur í lið 2.4,
- b) að því er varðar staðalinn sem um getur í lið 3.4 í I. viðauka,

að undanskildum ökutækjum sem um getur í lið 2.2, 2.3 og 2.4, ef þungi sem má hvíla á hverjum drifási er 10,5 tonn eða minni.

#### 9. gr.

Að því er varðar staðalinn sem um getur í a-lið liðar 1.2 í I. viðauka getur aðildarríki, fram til 31. desember 1999, hafnað eða bannað notkun á hópbifreiðum á yfirráðasvæði sínu sem eru breiðari en 2,5 m.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um aðgerðir sem þau grípa til samkvæmt þessari grein. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

#### 10. gr.

Tilskipanirnar sem eru taldar upp í A-hluta IV. viðauka skulu felldar úr gildi frá og með dagsetningunni í 11. gr., með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til lögleiðingar sem um getur í B-hluta IV. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í V. viðauka.

#### 11. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 17. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

#### 12. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

#### 13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. COVENEY**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### LEYFILEG HÁMARKSMÁL, ÞYNGD OG AÐRIR EIGINLEIKAR ÖKUTÆKJA

1. **Leyfileg hámarksmál ökutækja sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr.**
  - 1.1. *Hámarks lengd*

|                    |         |
|--------------------|---------|
| - vélknúið ökutæki | 12,00 m |
| - eftirvagn        | 12,00 m |
| - liðskipt ökutæki | 16,50 m |
| - vagnalest        | 18,75 m |
| - liðvagn          | 18,00 m |
  - 1.2. *Hámarksbreidd*

|  |        |
|--|--------|
| a) öll ökutæki                                     | 2,55 m |
| b) yfirbyggingar ökutækja með stillanleguhitastigi | 2,60 m |
  - 1.3. *Hámarkshæð (öll ökutæki)* 4,00 m
  - 1.4. Málin í lið 1.1, 1.2, 1.3, 1.6, 1.7, 1.8 og 4.4 gilda einnig um færanlegar yfirbyggingar og staðlaðar farneiningar, t.d. gáma
  - 1.5. Öllum vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum skal, þegar þeim er ekið, vera unnt að beygja innan beygjuhrings sem hefur 12,50 m ytri radíus og 5,30 m innri radíus
  - 1.6. Lengsta bil milli mönduls stóltengipinnans og afturenda festivagns 12,00 m
  - 1.7. Hámarksfjarlægð, mæld samhliða lengdarási vagnalestarinnar frá fremsta hluta farmrýmisins aftan við stýrishúsið að aftasta punkti eftirvagnsins, að frádreginni fjarlægðinni milli afturenda dráttarþreifreiðarinnar og framenda eftirvagnsins 15,65 m
  - 1.8. Hámarksfjarlægð mæld samhliða lengdarási vagnalestarinnar frá fremsta punkti farmrýmisins aftan við stýrishúsið að aftasta punkti eftirvagns samtengda ökutækisins 16,40 m



- 2. Leyfileg hámarksþyngd ökutækja (í tonnum)**
- 2.1. *Ökutæki sem eru hluti af samtengdum ökutækjum*
- 2.1.1. Tvíása eftirvagn 18 tonn
- 2.1.2. Þríása eftirvagn 24 tonn
- 2.2. *Samtengd ökutæki*
- 2.2.1. Fimm- eða sexása vagnalestir
- a) tvíása vélknúid ökutæki með þríása eftirvagni 40 tonn
- b) þríása vélknúid ökutæki með tví- eða þríása eftirvagni 40 tonn
- 2.2.2. Fimm- eða sexása liðskipt ökutæki
- a) tvíása vélknúid ökutæki með þríása festivagni 40 tonn
- b) þríása vélknúid ökutæki með tví- eða þríása festivagni 40 tonn
- c) þríása vélknúid ökutæki með tví- eða þríása festivagni sem í samsettum flutningum flytur 40 feta ISO-gám 44 tonn
- 2.2.3. Fjórása vagnalestir sem tvíása vélknúid ökutæki og tvíása eftirvagn mynda 36 tonn
- 2.2.4. Fjórása liðskipt ökutæki myndað af tveggja ása vélknúnu ökutæki og tveggja ása festivagni, sé bilið milli ása festivagnsins:
- 2.2.4.1. að minnsta kosti 1,3 m en ekki yfir 1,8 m 36 tonn
- 2.2.4.2. yfir 1,8 m 36 tonn
- að viðbættum tveggja tonna vikmörkum ef leyfileg hámarksþyngd vélknúna ökutækisins (18 tonn) og leyfilegur hámarksþungi tvíásasamstæðu festivagnsins (20 tonn) eru virt og drifás er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrun eða fjöðrun sem í bandalaginu er talin jafngilda henni eins og nánar er skilgreint í II. viðauka
- 2.3. *Vélknúin ökutæki*
- 2.3.1. Tvíása vélknúin ökutæki 18 tonn 18 tonn

|        |   |   |
|--------|---|---|
| 2.3.2. | Þríása vélknúin ökutæki   | - 25 tonn<br>- 26 tonn<br>þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrun eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er talinn jafngildur innan bandalagsins, eins og skilgreint er í II. viðauka, eða þegar hver drifás er með tvöföldum hjólum og leyfilegur hámarksþungi hvers áss er 9,5 tonn eða minni |
| 2.3.3. | Fjórása vélknúin ökutæki með tveimur stýrisásum   | - 32 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrun eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er talinn jafngildur innan bandalagsins, eins og skilgreint er í II. viðauka, eða þegar hver drifás er með tvöföldum hjólum og leyfilegur hámarksþungi hvers áss er 9,5 tonn eða minni                 |
| 2.4.   | <i>Þríása liðvagnar</i>   | 28 tonn   |
| 3.     | <b>Leyfilegur hámarksþungi ökutækja sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. (í tonnum)</b>                            |   |
| 3.1.   | <i>Einása</i><br>Einn ás sem er ekki drifás   | 10 tonn   |
| 3.2.   | <i>Tvíásasamstæður eftirvagna og festivagna</i><br>Heildaráþungi á tvíásasamstæðu með fjarlægð milli ása (d):     |   |
| 3.2.1. | minni en 1 m<br>( $d < 1,0$ ), má ekki fara yfir  | 11 tonn   |
| 3.2.2. | frá 1,0 m og upp að 1,3 m<br>( $1,0 \leq d < 1,3$ ), má ekki fara yfir  | 16 tonn   |
| 3.2.3. | frá 1,3 m og upp að 1,8 m<br>( $1,3 \leq d < 1,8$ ), má ekki fara yfir  | 18 tonn   |
| 3.2.4. | 1,8 m og þar yfir<br>( $1,8 \leq d$ ), má ekki fara yfir  | 20 tonn   |
| 3.3.   | <i>Þríásasamstæður eftirvagna og festivagna</i><br><br>Heildaráþungi á þríásasamstæðu með fjarlægð milli ása (d): |   |
| 3.3.1. | 1,3 m eða minna<br>( $d \leq 1,3$ ), má ekki fara yfir  | 21 tonn   |
| 3.3.2. | yfir 1,3 m og upp að 1,4 m<br>( $1,3 < d \leq 1,4$ ), má ekki fara yfir   | 24 tonn   |
| 3.4.   | <i>Drifás</i>   |   |
| 3.4.1. | Drifás ökutækja sem um getur í liðum 2.2.1 og 2.2.2   | 11,5 tonn   |

- 3.4.2. Drifás ökutækja sem um getur í liðum 2.2.3, 2.2.4, 2.3 og 2.4 11,5 tonn
- 3.5. *Tvíásasamstæður vélknúinna ökutækja*  
Samanlagður áspungi fyrir hverja tvíásasamstæðu skal, ef bil milli ása (d) er:
- 3.5.1. minna en 1,0 m  
( $d < 1,0$ ), ekki vera meiri en 11,5 tonn
- 3.5.2. 1,0 m eða meira en minna en 1,3 m  
( $1,0 \text{ m} \leq d < 1,3 \text{ m}$ ), ekki vera meiri en 16 tonn
- 3.5.3. 1,3 m eða meira en minna en 1,8 m  
( $1,3 \text{ m} \leq d < 1,8 \text{ m}$ ), ekki vera meiri en  
- 18 tonn  
- 19 tonn  
þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrun eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er talinn jafngildur innan bandalagsins, eins og skilgreint er í II. viðauka, eða þegar hver drifás er með tvöföldum hjólum og leyfilegur hámarksþungi hvers áss er 9,5 tonn eða minni
4. **Aðrir eiginleikar ökutækja sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr.**
- 4.1. *Öll ökutæki*  
Þungi sem hvílir á drifási eða drifásum ökutækis eða samtengds ökutækis má ekki vera innan við 25% af hámarksþyngd hlaðins ökutækis eða samtengds ökutækis í akstri milli landa
- 4.2. *Vagnalestir*  
Fjarlægðin milli afturáss vélknúins ökutækis og framáss eftirvagns má ekki vera minni en 3,00 m
- 4.3. *Leyfileg hámarksþyngd miðað við afstöðu ásanna*  
Leyfileg hámarksþyngd í tonnum á fjórása vélknúnu ökutæki má ekki fara yfir fimmfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækisins
- 4.4. *Festivagnar*  
Fjarlægðin sem er mæld lárétt milli áss tengipinnans og framenda festivagnsins má ekki vera yfir 2,04 metrum

## II. VIÐAUKI

### SKILYRÐI VARÐANDI JAFNGILDI TILTEKINNA FJÖÐRUNARKERFA ÁN LOFTS OG LOFTFJÖÐRUNAR Á DRIFÁSI EÐA -ÁSUM ÖKUTÆKIS

#### 1. SKILGREINING Á LOFTFJÖÐRUN

Fjöðrunarkerfi telst loftfjöðrun ef að minnsta kosti 75% af fjöðruninni er af völdum lofts.

#### 2. JAFNGILDI LOFTFJÖÐRUNAR

Fjöðrun sem telst vera jafngild loftfjöðrun verður að vera í samræmi við eftirfarandi:

- 2.1. Við óhindraðar, lóðréttar lágtíðnihöggsvæiflur massans sem fjaðrar ofan á drifási eða hjólasamstæðu skal mæld sveiflutíðni og deyfing, þegar hámarksálag er á fjöðruninni, vera innan markanna sem eru skilgreind í liðum 2.2 til 2.5.
- 2.2. Á hverjum ás skulu vera vökvasveifludreyfar. Deyfar á tvíása hjólasamstæðu skulu þannig staðsettir að hún sveiflist sem minnst.
- 2.3. Meðaldeyfihlutfallið  $D$  verður að vera meira en 20% af markdeyfingu fjöðrunarinnar við venjuleg skilyrði með vökvasveifludreyfa uppsetta og í gangi.
- 2.4. Deyfihlutfall fjöðrunarinnar þegar allir vökvasveifludreyfar hafa verið fjarlægðir eða gerðir óvirkir má ekki vera meira en 50% af  $D$ .
- 2.5. Sveiflutíðni massans sem fjaðrar ofan á drifási eða hjólasamstæðu með óhindruðum, lóðréttum höggsvæiflum má ekki vera hærri en 2,0 Hz.
- 2.6. Tíðni og deyfing fjöðrunarinnar er gefin upp í 3. lið. Prófunaraðferðum til að mæla tíðni og deyfingu er lýst í 4. lið.

#### 3. SKILGREINING Á TÍÐNI OG DEYFINGU

Í þessari skilgreiningu er reiknað með  $M$  kg fjaðrandi massa. Lóðrétt heildarstífni áss eða hjólasamstæðu gagnvart vegaryfirborði og fjöðrunarmassa er  $k$  njúton/metra (N/m) og samanlagður deyfingarstuðull  $C$  njúton á metra á sekúndu (N s/m). Lóðrétt tilfærsla fjöðrunarmassans er  $Z$ . Jafnan fyrir hreyfingu óhindraðrar sveiflu fjöðrunarmassans er:

$$M \frac{d^2Z}{dt^2} + C \frac{dZ}{dt} + kZ = 0$$

Sveiflutíðni fjöðrunarmassans  $F$  (rad/sek) er:

$$F = \sqrt{\frac{k}{M} - \frac{C^2}{4M^2}}$$

Markdeyfing er þegar  $C = C_0$ ,  
þar sem

$$C_0 = 2\sqrt{kM}$$

Deyfingarhlutfallið, sett fram sem brot af markdeyfingu, er  $C/C_0$ .

Við óhindraðar höggsveiflur fjöðrunarmassans fylgir lóðrétt hreyfing massans deyfðum sínusferli (mynd 2). Hægt er að ákvarða tíðnina með því að mæla tímenn á sveifluferli þeirra sveiflna sem koma fram. Deyfinguna er hægt að ákvarða með því að mæla toppgildi sveiflna, hverrar á fætur annarri, í sömu stefnu. Ef stærð sveiflna í fyrsta og öðru sveifluferli kallast  $A_1$  og  $A_2$  er deyfingarhlutfallið  $D$ :

$$D = \frac{C}{C_0} = \frac{1}{2\pi} \ln \frac{A_1}{A_2}$$

þar sem „ln“ er náttúrlegur lygri af sveifluviddarhlutfallinu.

#### 4. PRÓFUNARAÐFERÐ


Þegar ákvarða skal deyfingarhlutfallið  $D$  með prófun, þ.e.a.s. deyfingarhlutfall án vökvasveifludeyfa, og tíðni  $F$  fjöðrunarinnar er ökutæki með hleðslu:

- ekið á hægri ferð (5km/klst.  $\pm$  1 km/klst.) niður af 80 mm háu þrepi eins og sýnt er á þverskurðarteikningunni á mynd 1. Höggsveiflurnar sem á að greina að því er varðar tíðni og deyfingu koma fram þegar hjól drifássins eru komin niður af þrepinu; eða
- þrýst niður með átaki á undirvagninn svo að álagið á drifásinn sé 1,5 sinnum hámarksstöðugildi hans. Takinu á ökutækinu er skyndilega sleppt og sveiflurnar sem koma fram eru greindar; eða
- ýtt upp með átaki á undirvagninn svo að fjöðrunarmassinn lyftist 80 mm yfir drifásinn. Takinu á ökutækinu sem er haldið uppi er skyndilega sleppt og sveiflurnar sem koma fram eru greindar; eða
- sett í annarskonar meðferðir, ef framleiðandi hefur sýnt fram á og tækniþjónustan samþykkt að þær séu jafngildar.

Ökutækið skal útbúið með boðbreyti til að mæla lóðréttu tilfærslu og skal honum komið fyrir milli drifássins og undirvagnsins, beint fyrir ofan drifásinn. Af ferlinum er hægt að mæla tímamismuninn milli toppgildis fyrstu og annarrar samþjöppunar til að finna út tíðnina  $F$  og hlutfall sveifluviddar til að fá megi út deyfinguna. Þegar um er að ræða hjólasamstæðu með tvöföldu drifi skulu boðbreytar sem eru notaðir til að mæla lóðréttu tilfærslu hafðir milli drifássins og undirvagnsins beint fyrir ofan hann.


Mynd 1

## Prep fyrir fjöðrunarprófanir



Mynd 2

## Deyfing á höggveiflum



### III. VIÐAUKI

#### Merkiplata með upplýsingum um mál sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr.

- I. Á merkiplötu með upplýsingum um mál, er festa skal við hliðina á merkiplötunni sem um getur í tilskipun 76/114/EEB ef unnt er, skal tilgreina eftirfarandi:
1. Nafn framleiðanda <sup>(1)</sup>.
  2. Verksmiðjunúmer ökutækis <sup>(1)</sup>.
  3. Lengd vélknúins ökutækis, eftirvagns eða festivagns (L).
  4. Breidd vélknúins ökutækis, eftirvagns eða festivagns (W).
  5. Gögn um lengdarmælingu samtengdra ökutækja:
    - fjarlægðina (a) milli framenda vélknúna ökutækisins og miðju tengibúnaðarins (dráttarkrókur eða stóltengi); sé um að ræða stóltengi með fleiri en einum tengilið verður að gefa upp lágmarks- og hámarksgildi ( $a_{\min}$  og  $a_{\max}$ ),
    - fjarlægðina (b) milli miðju tengibúnaðar eftirvagnsins (stólsins) eða festivagnsins (tengipinnans) og afturenda eftirvagnsins eða festivagnsins; sé um að ræða búnað með fleiri en einum tengilið verður að gefa upp lágmarks- og hámarksgildi ( $b_{\min}$  og  $b_{\max}$ ).
- Lengd samtengdra ökutækja er lengd vélknúins ökutækis og eftirvagns eða festivagns sem eru tengd saman í beinni línu.
- II. Gildin sem tilgreind eru á sönnunargagni um samræmi skulu vera nákvæmlega þau sömu og fást við mælingu á ökutækinu.

<sup>(1)</sup> Ekki er þörf á að endurtaka þessar upplýsingar ef ökutækið hefur aðeins eina merkiplötu þar sem bæði þyngd og mál eru tilgreind.

**IV. VIÐAUKI****A-HLUTI****TILSKIPANIR FELLDAR ÚR GILDI**

(sem um getur í 10. gr.)

- Tilskipun 85/3/EBE um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum og síðari breytingar á henni:
  - Tilskipun 86/360/EBE
  - Tilskipun 88/218/EBE
  - Tilskipun 89/338/EBE
  - Tilskipun 89/460/EBE
  - Tilskipun 89/461/EBE
  - Tilskipun 91/60/EBE
  - Tilskipun 92/7/EBE
- Tilskipun 86/364/EBE varðandi sönnunargögn um samræmi ökutækja við tilskipun 85/3/EBE um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum.

**B-HLUTI**

| <i>Tilskipun</i>                                       | <i>Frestur til lögleiðingar</i> |
|--|---------------------------------|
| 85/3/EBE (Stjtið. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 14)     | 1. júlí 1986                    |
| 86/360/EBE (Stjtið. EB nr. L 217, 5. 8. 1986, bls. 19) | 1. janúar 1990                  |
| 86/364/EBE (Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 48) | 1. janúar 1992                  |
| 88/218/EBE (Stjtið. EB nr. L 98, 15. 4. 1988, bls. 48) | 29. júlí 1987                   |
| 89/338/EBE (Stjtið. EB nr. L 142, 25. 5. 1989, bls. 3) | 1. janúar 1989                  |
| 89/460/EBE (Stjtið. EB nr. L 226, 3. 8. 1989, bls. 5)  | 1. júlí 1991                    |
| 89/461/EBE (Stjtið. EB nr. L 226, 3. 8. 1989, bls. 7)  | 1. janúar 1993                  |
| 91/60/EBE (Stjtið. EB nr. L 37, 9. 2. 1991, bls. 37)   | 1. janúar 1991                  |
| 92/7/EBE (Stjtið. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 29)    | 30. september 1991              |
|  | 31. desember 1992               |



## V. VIÐAUKI

### SAMANBURÐARTAFLA

| Þessi tilskipun                         | 85/3/EBE                        | 86/360/EBE | 86/364/EBE | 88/218/EBE | 89/338/EBE     | 89/460/EBE | 89/461/EBE | 91/60/EBE | 92/7/EBE |
|---|---------------------------------|------------|------------|------------|----------------|------------|------------|-----------|----------|
| 1. mgr. 1. gr.                          | 1. mgr. 1. gr.                  |            |            |            |                |            |            |           |          |
| a-liður 1. mgr. 1. gr.                  | -                               |            |            |            |                |            |            |           |          |
| b-liður 1. mgr. 1. gr.                  | b-liður 1. mgr. 1. gr.          |            |            |            |                |            |            |           |          |
| 2. mgr. 1. gr.                          | 2. mgr. 1. gr.                  |            |            |            |                |            |            |           |          |
| 1.-4. og<br>6.-10. undirliður<br>2. gr. |                                 |            |            |            | 2. mgr. 1. gr. |            |            |           |          |
| 5., 11. og<br>12. undirliður<br>2. gr.  | -                               |            |            |            |                |            |            |           |          |
| Síðasta málsgrein<br>2. gr.             | -                               |            |            |            |                |            |            |           |          |
| 1. mgr. 3. gr.                          | -                               |            |            |            |                |            |            |           |          |
| a- og b-liður<br>1. mgr. 3. gr.         | a- og b-liður<br>1. mgr. 3. gr. |            |            |            |                |            |            |           |          |
| 2. mgr. 3. gr.                          | 2. mgr. 3. gr.                  |            |            |            |                |            |            |           |          |
| 3. mgr. 3. gr.                          | -                               |            |            |            |                |            |            |           |          |

| Þessi tilskipun                  | 85/3/EBE      | 86/360/EBE | 86/364/EBE        | 88/218/EBE             | 89/338/EBE | 89/460/EBE | 89/461/EBE     | 91/60/EBE      | 92/7/EBE |
|----------------------------------|---------------|------------|-------------------|------------------------|------------|------------|----------------|----------------|----------|
| 4. gr.                           | -             |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| a-liður 5. gr.                   |               |            |                   |                        |            |            | 1. mgr. 1. gr. |                |          |
| b-liður 5. gr.                   |               |            |                   |                        |            |            |                | 1. mgr. 1. gr. |          |
| 1.-4. mgr. 6. gr.                |               |            | 1.-4. mgr. 1. gr. |                        |            |            |                |                |          |
| 5.-6. mgr. 6. gr.                |               |            | 1.-2. mgr. 2. gr. |                        |            |            |                |                |          |
| 7. gr.                           | 6. gr.        |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| 8. gr.                           |               |            |                   |                        |            | 1. gr.     |                |                |          |
| 9.-12. gr.                       | -             |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| 13. gr.                          | 9. gr.        |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| I. viðauki                       | I. viðauki    |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| 1. liður                         | 1. liður      |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| 1.-3. og 5. undirliður liðar 1.1 |               |            |                   |                        |            |            |                | 2. mgr. 1. gr. |          |
| 4. undirliður liðar 1.1          | -             |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| a-liður í lið 1.2                | -             |            |                   |                        |            |            |                |                |          |
| b-liður í lið 1.2                | -             |            |                   | b-liður 2. mgr. 1. gr. |            |            |                |                |          |
| Liðir 1.3-1.5                    | Liðir 1.3-1.5 |            |                   |                        |            |            |                |                |          |

| Þessi tilskipun                  | 85/3/EBE                         | 86/360/EBE     | 86/364/EBE | 88/218/EBE | 89/338/EBE | 89/460/EBE             | 89/461/EBE     | 91/60/EBE      | 92/7/EBE                     |
|----------------------------------|----------------------------------|----------------|------------|------------|------------|------------------------|----------------|----------------|------------------------------|
| Liður 1.6                        |                                  |                |            |            |            |                        | 3. mgr. 1. gr. |                |                              |
| Liður 1.7                        |                                  |                |            |            |            |                        |                | 3. mgr. 1. gr. |                              |
| Liður 1.8                        | -                                |                |            |            |            |                        |                |                |                              |
| 2. liður til b-liðar í lið 2.2.1 | 2. liður til b-liðar í lið 2.2.1 |                |            |            |            |                        |                |                |                              |
| a- til c-liður í lið 2.2.2       | a- til c-liður í lið 2.2.2       |                |            |            |            |                        |                |                |                              |
| Liður 2.2.3<br>Liður 2.2.4.1     |                                  |                |            |            |            | b-liður 5. mgr. 1. gr. |                |                |                              |
| Liður 2.2.4.2 gr.                |                                  |                |            |            |            |                        |                |                | a-liður 1. mgr. 1.           |
| Liðir 2.3 og 2.3.1               |                                  |                |            |            |            | c-liður 5. mgr. 1. gr. |                |                |                              |
| Liðir 2.3.2 og 2.3.3             |                                  |                |            |            |            |                        |                |                | b- og c-liður 1. mgr. 1. gr. |
| Liður 2.4                        |                                  |                |            |            |            | c-liður 5. mgr. 1. gr. |                |                |                              |
| Liðir 3 til 3.3.2                | Liðir 3 til 3.3.2                |                |            |            |            |                        |                |                |                              |
| Liðir 3.4 og 3.4.1               |                                  | 3. mgr. 1. gr. |            |            |            |                        |                |                |                              |
| Liðir 3.4.2 til 3.5.2            |                                  |                |            |            |            | d-liður 5. mgr. 1. gr. |                |                |                              |
| Liður 3.5.3 gr.                  |                                  |                |            |            |            |                        |                |                | d-liður 1. mgr. 1.           |
| Liðir 4 til 4.2                  | Liðir 4 til 4.2                  |                |            |            |            |                        |                |                |                              |

|                 |          |            |            |            |                        |            |                |           |              |
|-----------------|----------|------------|------------|------------|------------------------|------------|----------------|-----------|--------------|
| Þessi tilskipun | 85/3/EBE | 86/360/EBE | 86/364/EBE | 88/218/EBE | 89/338/EBE             | 89/460/EBE | 89/461/EBE     | 91/60/EBE | 92/7/EBE     |
| Liður 4.3       |          |            |            |            | e-liður 5. mgr. 1. gr. |            |                |           |              |
| Liður 4.4       |          |            |            |            |                        |            | 4. mgr. 1. gr. |           |              |
| II. viðauki     |          |            |            |            |                        |            |                |           | III. viðauki |
| III. viðauki    |          |            | Viðauki    |            |                        |            |                |           |              |

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/05**

**nr. 25/97**  
**frá 30. apríl 1997**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/48/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**3. gr.**

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/97 frá 14. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 37. lið í XIII. viðauka við samninginn:

„37a. **396 L 0048:** Tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins (Stjtíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 6), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB nr. L 262, 16. 10. 1996, bls. 18.“

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 6.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/48/EB

frá 23. júlí 1996

### um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum þriðju málsgrein 129. gr. d,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í því augnamiði að gera borgurum sambandsins, atvinnurekendum og héraðs- og sveitarstjórnunum kleift að njóta til fulls ávinningsins af stofnun svæðis án innri landamæra er meðal annars ráðlegt að bæta samtengingu og rekstrarsamhæfi háhraðalestarneta einstakra landa sem og aðgang að þeim.

Starfshópur háttsettra fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, evrópskra járnbrautarfyrirtækja og evrópska járnbrautaríðnaðarins, sem framkvæmdastjórnin kallaði saman samkvæmt beiðni ráðsins sem kom fram í ályktun frá 4. og 5. desember 1989, gekk frá aðalskipulagi fyrir evrópskt háhraðalestarnet.

Í desember 1990 sendi framkvæmdastjórnin ráðinu orðsendingu um háhraðalestarnetið og sú orðsending hlaut jákvæðar viðtökur í ályktun ráðsins frá 17. desember 1990 <sup>(5)</sup>.

Í 129. gr. c í sáttmálanum er kveðið á um að bandalagið skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstrarsamhæfi neta, einkum á sviði tæknilegrar stöðlunar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 134, 17. 5. 1994, bls. 6.

(2) Stjttíð. EB nr. C 397, 31. 12. 1994, bls. 8.

(3) Stjttíð. EB nr. C 210, 14. 8. 1995, bls. 38.

(4) Álit Evrópuþingsins frá 19. janúar 1995 (Stjttíð. EB nr. C 43, 20. 2. 1995, bls. 60), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. C 356, 30. 12. 1995, bls. 43) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. apríl 1996 (Stjttíð. EB nr. C 141, 13. 5. 1996, bls. 48).

(5) Stjttíð. EB nr. C 33, 8. 2. 1991, bls. 1.

Rekstur háhraðalesta í ábataskyni krefst nákvæms samhæfis milli eiginleika grunnvirkja og járnbrautarvagna. Afköst, öryggi, gæði þjónustu og kostnaður er allt háð þessu samhæfi, svo og ekki síst rekstrarsamhæfi evrópska háhraðajárnbrautakerfisins.

Samkvæmt tilskipun ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta innan bandalagsins <sup>(6)</sup> þarf að bæta aðgengi járnbrautarfyrirtækja að járnbrautanetum aðildarríkjanna, og einnig það krefst rekstrarsamhæfis milli grunnvirkja, búnaðar og járnbrautarvagna.

Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að tryggja að farið sé að þeim reglum um öryggi, heilbrigði og neytendavernd sem almennt gilda um járnbrautir, við hönnun, smíði, upphaf notkunar og rekstur þeirra. Ásamt staðaryfirvöldum eru þau einnig ábyrg hvað varðar rétt til lands, svæðisskipulag og umhverfisvernd. Þessi atriði eru sérlega mikilvæg fyrir háhraðalestarnet.

Í tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið <sup>(7)</sup> er farið fram á mat á áhrifum sem gerð járnbrautarmannvirkja til langferða hefur á umhverfið.

Stjórnsýslufyrirmæli einstakra ríkja og innri reglur og tækniforskriftir einstakra járnbrautarfyrirtækja eru mjög ólíkar. Í fyrrnefndum stjórnsýslufyrirmælum og innri reglum felast aðferðir sem eru sérstakar fyrir iðnað hvers lands um sig. Þar er mælt fyrir um sérstök mál og búnað og sérstaka eiginleika. Þetta ástand mála kemur í veg fyrir að háhraðalestir geti ekið greiðlega um allt yfirráðasvæði bandalagsins.

Þetta ástand hefur í tímans rás leitt til mjög nánna tengsla járnbrautariðnaðar og járnbrautarfyrirtækja í hverju landi fyrir sig og að sama skapi komið í veg fyrir að markaðir opnuðust raunverulega. Til að auka samkeppnishæfni sína á heimsmarkaði þurfa fyrrnefndar iðngreinar opinn Evrópumarkað þar sem samkeppni ríkir.

Því ber að skilgreina grunnkröfur vegna samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem ná til alls bandalagsins.

(6) Stjttíð. EB nr. L 237, 24. 8. 1991, bls. 25.

(7) Stjttíð. EB nr. L 175, 5. 7. 1985, bls. 40.

Í ljósi þess hve stórt og flókið samevrópska háhraðajárnbrautakerfið er hefur reynst nauðsynlegt að skipta því niður í undirkerfi. Fyrir hvert þessara undirkerfa þarf að skilgreina grunnkröfur og ákveða grunnfæribreytur fyrir allt bandalagið auk þess sem ákveða þarf hvaða tækniforskriftir, einkum vegna hluta og skilflata, eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfurnar. Fyrir tiltekin undirkerfi (umhverfi, notendur og rekstur) gilda tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi (TSI) þó aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarsamhæfi að því er varðar grunnvirki, orku, stjórnúnað og merki og járnbrautarvagna.

Gildistaka ákvæða um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins má ekki stofna járnbrautanetum einstakra aðildarríkja í hættu með ónauðsynlegum hindrunum sem lúta að hlutfalli kostnaðar og ábata, en engu að síður þarf að hafa það markmið fyrir augum að háhraðalestir geti ekið um allt yfirráðasvæði bandalagsins.

Í sérstökum tilvikum skal einstökum aðildarríkjum heimilt að beita ekki tilteknum tæknilegum forskriftum, að því tilskildu að til séu málsmeðferðarreglur sem tryggja að slík frávik eigi rétt á sér. Í 129. gr. c í sáttmálanum er þess krafist að í aðgerðum bandalagsins á sviði rekstrarsamhæfis sé tekið mið af líklegum fjárhagslegum ábata af verkefnum.

Til að fara að viðeigandi ákvæðum um opinber innkaup á sviði járnbrauta, einkum tilskipun 93/38/EBE <sup>(1)</sup>, þurfa samningsstofnanir að tilgreina tækniforskriftir í almennum skjölum eða útboðsskjölum sem tengjast hverjum einstökum samningi. Nauðsynlegt er að koma á fót safni evrópskra forskrifa sem fyrrnefndar tækniforskriftir geta vísað til.

Í skilningi tilskipunar 93/38/EBE er evrópsk forskrift sameiginleg tækniforskrift, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðall sem fylgir evrópskum staðli. Evrópskar staðlastofnanir á borð við Staðlasamtök Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) eða Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) semja samhæfða evrópska staðla að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og tilvísanir til þeirra eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Það væri bandalaginu í hag ef til væri alþjóðlegt stöðlunarkerfi sem gæti samið staðla sem þeir sem hlut eiga að alþjóðavískiptum notuðu í raun og veru og sem stæðust þær kröfur sem felast í stefnu bandalagsins. Evrópsku staðlastofnanirnar þurfa því að halda áfram samstarfi sínu við alþjóðlegu staðlastofnanirnar.

Samningsstofnanir skilgreina frekari kröfur sem nauðsynlegar eru til viðbótar við evrópskar forskriftir eða aðra staðla. Þessar forskriftir mega ekki koma í veg fyrir að uppfylltar séu grunnkröfurnar sem eru samhæfðar á vettvangi bandalagsins og sem samevrópska háhraðajárnbrautakerfið verður að standast.

Málsmeðferðarreglur um mat á því hvort hlutar eru í samræmi eða nothæfir þurfa að byggjast á notkun aðferðareininganna sem fjallað er um í ákvörðun 93/465/EBE <sup>(2)</sup>. Til að stuðla að þróun hlutaðeigandi atvinnugreina er rétt að efla hverja þá málsmeðferð sem felur í sér gæðatryggingarkerfi, eftir því sem mögulegt er. Hugtakið „hluti“ nær jafnt yfir áþreifanlega sem óáþreifanlega hluti, svo sem hugbúnað.

Meta ber hvort þeir hlutar sem eru mikilvægastir að því er varðar öryggi, framboð eða hagkvæmni kerfisins séu nothæfir.

Í útboðsskjölum mæla samningsstofnanir fyrir um þá eiginleika sem framleiðendur verða að ná fram, innan samningsins, einkum hvað snertir hluta, með tilvísun til evrópsku forskriftanna. Í því tilviki skal einkum meta samræmi hlutanna með tilliti til notkunar sviðs þeirra til að tryggja rekstrarsamhæfi kerfisins, en ekki aðeins með tilliti til frjálsrar dreifingar á markaði bandalagsins.

Því þarf framleiðandi ekki nauðsynlega að festa CE-merki á hluta sem heyra undir ákvæði þessarar tilskipunar og nægjanlegt er að framleiðandi gefi út samræmisýfirlýsingu á grundvelli mats á samræmi og/eða nothæfi sem fram fer í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu framleiðenda til að festa CE-merki á tiltekna íhluta til að staðfesta að þeir samrýmist öðrum ákvæðum bandalagsins sem tengjast þeim.

Undirkerfin, sem samevrópska háhraðajárnbrautakerfið er samsett úr, skulu sannprófuð. Þannig geta yfirvöldin sem bera ábyrgð á veitingu leyfa til að taka kerfin í notkun gengið úr skugga um að útkoma jafnt hönnunarstigs, smíðastigs og þess stigs er kerfin eru tekin í notkun sé í samræmi við gildandi reglur og ákvæði um tækni og rekstur. Þetta á einnig að gera það að verkum að framleiðendur geti treyst því að þeir njóti sömu kjara í hvaða landi sem er. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um aðferðareiningu þar sem skilgreindar eru grundvallarreglur og skilyrði sem gilda við EB-sannpröfun undirkerfa.

Málsmeðferðin við EB-sannpröfun er byggð á tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi. Sameiginlegt fulltrúaráð á vegum stjórnenda grunnvirkjanna, járnbrautarfyrirtækjanna og iðnaðarins semur þessar forskriftir að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Krafist er tilvísunar til tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi til að tryggja rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og gilda ákvæði 18. gr. tilskipunar 93/38/EBE um fyrrnefndar forskriftir.

Þeir tilkynntu aðilar sem framkvæma samræmismatið eða meta hvort hlutarnir eru nothæfir eða sannprófa undirkerfin verða að samhæfa ákvarðanir sínar eins og kostur er, sérstaklega ef engin evrópsk forskrift er til.

Í tilskipun ráðsins 91/440/EBE er kveðið á um að færðir séu aðskildir reikningar fyrir rekstur flutningaþjónustu annars vegar og stjórnun járnbrautargrunnvirkjanna hins vegar. Að sama skapi

(1) Tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (Stjútíð. EB nr. L 199, 9. 8. 1993, bls. 84), eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

(2) Ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu (Stjútíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23).

þarf sú sérhæfða þjónusta sem þeir stjórnendur járnbrautar-grunnvirkja sem tilnefndir eru sem tilkynntir aðilar veita að vera skipulögð á þann hátt að hún uppfylli skilyrði sem gilda um slíka aðila. Heimilt er að tilkynna aðra sérhæfða aðila ef þeir uppfylla sömu skilyrði.

Rekstrarsamhæfi innan samevrópska háhraðalestarkerfisins er málefni sem snertir allt bandalagið. Aðildarríkin eru ófær um að gera hvert fyrir sig það sem þarf til að koma á þessu rekstrarsamhæfi. Því er nauðsynlegt samkvæmt dreifræðis-reglunni að koma þessu í framkvæmd á vettvangi bandalagsins.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

1. Í samræmi við 129. gr. b og 129. gr. c í sáttmálanum er markmið þessarar tilskipunar að setja skilyrðin sem fullnægja þarf til að ná fram rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins á yfirráðasvæði bandalagsins, eins og lýst er í I. viðauka.

2. Þessi skilyrði varða skipulagningu, smíði, endurbætur og rekstur grunnvirkja og járnbrautavagna, sem stuðla að því að unnt sé að starfrækja kerfið, og sem verða tekin í notkun eftir að þessi tilskipun öðlast gildi.

##### 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samevrópska háhraðajárnbrautakerfið“: kerfið sem lýst er í I. viðauka og er samsett úr járnbrautargrunnvirkjum í samevrópska flutninganetinu, jafnt teinum sem föstum byggingum, sem hafa verið þannig smíðuð eða endurbætt að eftir þeim megi aka á miklum hraða, og járnbrauturvögnum sem hannaðir eru til aksturs á fyrrnefndum grunnvirkjum;
- b) „rekstrarsamhæfi“: sá eiginleiki samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins að háhraðalestir sem ná tilgreindum afköstum geti ekið um það örugglega og óhindrað. Þetta er háð öllum þeim skilyrðum varðandi reglur, tækni og rekstur sem fullnægja þarf til að uppfylla grunnkröfur;
- c) „undirkerfi“: eins og lýst er í II. viðauka skiptist samevrópska háhraðajárnbrautakerfið í undirkerfi í formi mannvirkja og starfræn undirkerfi og kveða þarf á um grunnkröfur fyrir þau;
- d) „rekstrarsamhæfishlutar“: einstakir íhlutar, hópar íhluta, undirsamstæður eða heilar samstæður búnaðar sem er felld

eða fyrirhugað er að fella inn í undirkerfi sem rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins er beint eða óbeint háð;

- e) „grunnkröfur“: öll þau skilyrði sem kveðið er á um í III. viðauka og samevrópska háhraðajárnbrautakerfið, undirkerfin og rekstrarsamhæfishlutar þeirra verða að uppfylla;
- f) „evrópsk forskrift“: sameiginleg tækniforskrift, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðall sem fylgir evrópskum staðli, eins og skilgreint er í 8. til 12. tölul. 1. gr. tilskipunar 93/38/EBE;
- g) „tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi (TSI)“: forskriftir sem gilda fyrir hvert undirkerfi með það fyrir augum að fullnægja grunnkröfum með því að koma á nauðsynlegri gagnkvæmri samvirkni milli undirkerfa samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og með því að tryggja samhæfi þess;
- h) „sameiginlegt fulltrúaráð“: ráðið þar sem saman koma fulltrúar stjórnenda grunnvirkja, járnbrautarfyrirtækja og iðnaðar og sem sér um að semja tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi. Með hugtakinu „stjórnendur grunnvirkja“ er átt við mannvirkjastjórn þá sem um getur í 3. og 7. gr. tilskipunar 91/440/EBE;
- i) „tilkynntir aðilar“: aðilar sem sjá um að meta samræmi rekstrarsamhæfishlutanna og hvort þeir eru nothæfir eða sjá um að framkvæma EB-sannprófun undirkerfa.

##### 3. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um ákvæði sem varða, fyrir hvert undirkerfi, þær færíbreytur, rekstrarsamhæfishluta, skilfleti og málsmeðferð svo og skilyrði varðandi heildarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem nauðsynleg eru til að ná fram rekstrarsamhæfi þess.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um önnur ákvæði bandalagsins. Að því er varðar rekstrarsamhæfishluta getur þó þurft að beita þar til gerðum evrópskum forskriftum til að fara að grunnkröfum þessarar tilskipunar.

##### 4. gr.

1. Samevrópska háhraðajárnbrautakerfið, undirkerfi þess og rekstrarsamhæfishlutar þeirra verða að uppfylla þær grunnkröfur sem við eiga.

2. Frekari tækniforskriftir sem um getur í 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 93/38/EBE, sem eru nauðsynlegar til viðbótar evrópskum forskriftum eða öðrum stöðlum sem eru notaðir innan bandalagsins, mega ekki stangast á við grunnkröfur.



## II. KAFLI

### Tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi

#### 5. gr.

1. Um hvert undirkerfi skal gilda tækniforskrift um rekstrarsamhæfi. Þegar um ræðir undirkerfi sem snerta umhverfi, rekstur eða notendur eru aðeins samdar tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins að því er varðar grunnvirki, orku, stjórnbúnað, merkjakerfi og járnbrautarvagna.

2. Undirkerfin þurfa að vera í samræmi við tækniforskriftirnar um rekstrarsamhæfi. Þessu samræmi þarf að viðhalda allan tímann sem hvert undirkerfi er í notkun.

3. Að því marki sem nauðsynlegt er til að ná fram rekstrarsamhæfi í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu eiga tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að:

- a) tilgreina grunnkröfur vegna undirkerfa og skilflata þeirra;
- b) ákvarða grunnfæribreyturnar sem lýst er í 3. lið II. viðauka og eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfunar;
- c) ákvarða þau skilyrði sem fullnægja þarf til að ná fram tilgreindum afköstum fyrir hvern eftirtalinn flokka af sporum:
  - spor sem lögð eru sérstaklega fyrir mikinn hraða,
  - spor sem hafa verið endurbætt sérstaklega fyrir mikinn hraða,
  - spor sem hafa verið endurbætt sérstaklega fyrir mikinn hraða og hafa sérstök einkenni sem stafa af hömlum sem staðhættir setja, vegna hæðarmunar í landslagi eða skipulags bæja;
- d) ákvarða hugsanleg framkvæmdar ákvæði í sérstökum tilvikum;
- e) ákvarða fyrir hvaða rekstrarsamhæfishluta og skilfleti skuli semja evrópskar forskriftir, að meðtöldum evrópskum stöðlum, sem eru nauðsynlegar til að ná fram rekstrarsamhæfi innan samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins með hliðsjón af grunnkröfunum;
- f) tilgreina, í hverju einstöku tilviki, hverja aðferðareininganna sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/465/EBE eða, þar sem við á, hvaða tilteknu málsmeðferð skuli nota til að meta annaðhvort

samræmi rekstrarsamhæfishlutanna eða það hve nothæfir þeir eru, sem og EB-sannpröfun undirkerfanna.

4. Tækniforskriftirnar um rekstrarsamhæfi eru engin hindrun fyrir ákvarðanir aðildarríkjanna um notkun nýrra eða endurbættra grunnvirkja sem ætluð eru öðrum lestum.

5. Ef farið er að öllum tækniforskriftunum um rekstrarsamhæfi verður mögulegt að koma á samevrópsku háhraðajárnbrautakerfi sem viðheldur, eftir atvikum, samhæfi járnbrautakerfisins sem fyrir er í hverju aðildarríki.

#### 6. gr.

1. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar semur sameiginlega fulltrúaráðið drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, sem fastsetja skal í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. Tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi eru samþykktar og endurskoðaðar með sömu málsmeðferð. Framkvæmdastjórnin birtir þær í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Sameiginlega fulltrúaráðið sér um að undirbúa endurskoðun og endurbætur á tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi og að koma tilmælum til nefndarinnar sem um getur í 21. gr. með tilliti til tæknipróunar eða breytinga á kröfum samfélagsins.

3. Við undirbúning, samþykkt og endurskoðun tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi skal taka tillit til áætlaðs kostnaðar við þær tæknilausnir sem nota má við að uppfylla þær, með það fyrir augum að finna og framkvæma hagkvæmstu lausnirnar. Í því augnamiði lætur sameiginlega fulltrúaráðið mat á áætluðum kostnaði og ávinningi við þessar tæknilausnir fyrir alla hlutaðeigandi atvinnurekendur og umboðsmenn fylgja hverjum drögum að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi.

4. Sameiginlega fulltrúaráðið gefur nefndinni reglulega upplýsingar um undirbúningsvinnuna við gerð tækniforskriftanna um rekstrarsamhæfi. Nefndinni er heimilt að veita fulltrúaráðinu gagnleg tilmæli og umboð að því er varðar hönnun tækniforskriftanna um rekstrarsamhæfi á grundvelli grunnkrafanna og að því er varðar kostnaðarmat.

5. Þegar tækniforskrift um rekstrarsamhæfi er samþykkt skal ákveða daginn sem hún öðlast gildi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

6. Sameiginlega fulltrúaráðið þarf að starfa á opinn og gagnsæjan hátt í samræmi við almennar stöðlunaraðferðir bandalagsins.

#### 7. gr.

Aðildarríki er heimilt að beita ekki tilteknum tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, þar á meðal þeim sem varða járnbrautarvagna, í tilvikum og við aðstæður sem hér segir:

- a) þegar um ræðir verkefni þar sem lögð eru ný spor eða eldri sporum breytt fyrir háhraðalestir og verkefnið er komið langt á veg þegar viðkomandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi eru birtar.

Hlutaðeigandi aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni fyrirfram um áætlaða undanþágu og á hvaða stigi verkefnið er og sendir henni skjalamöppu þar sem lýst er þeim tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi eða hlutum slíkra forskrifa sem það óskar eftir að gildi ekki, ákvæðum sem það ætlar að beita við framkvæmd verkefnisins til að stuðla að endanlegu rekstrarsamhæfi þess, og þeim tæknilegu, stjórnsýslulegu eða efnahagslegu ástæðum sem réttlæta undanþáguna;

- b) þegar um ræðir verkefni þar sem eldri sporum er breytt fyrir háhraðalestir og þar sem hleðslusnið, sporviðd eða bil milli teina er annað en á meginhluta evrópska járnbrautanetsins og sporið er ekki beintengt háhraðaneti annars aðildarríkis sem er hluti af samevrópska háhraðajárnbrautanetinu.

Hlutaðeigandi aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni fyrirfram um áætlaða undanþágu og sendir henni skjalamöppu þar sem lýst er þeim tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi eða hlutum slíkra forskrifa er varða þær efnislegu færirbreytur sem um getur í fyrri undirgreininni og það óskar eftir að gildi ekki, ákvæðum sem það ætlar að beita við framkvæmd verkefnisins til að stuðla að endanlegu rekstrarsamhæfi þess, þeim bráðabirgðaráðstöfunum sem það hyggst beita til að tryggja samhæfi í notkun og þeim tæknilegu, stjórnsýslulegu eða efnahagslegu ástæðum sem réttlæta undanþáguna;

- c) þegar um ræðir verkefni þar sem lögð eru ný spor eða eldri spor endurbætt fyrir háhraðalestir á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og þar sem járnbrautanet þess er ekki tengt háhraðajárnbrautaneti annarra hluta bandalagsins eða haf skilur netin.

Hlutaðeigandi aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um fyrirhugaða undanþágu og sendir henni skjalamöppu þar sem fram koma upplýsingarnar sem um getur í síðari undirgrein b-liðar;

- d) þegar um ræðir verkefni þar sem eldri spor eru endurbætt fyrir háhraðalestir og beiting þessara tækniforskrifa um rekstrarsamhæfi stefnir framtíð verkefnisins í fjárhagslega tvísýnu.

Hlutaðeigandi aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni fyrirfram um áætlaða undanþágu og sendir henni skjalamöppu þar sem lýst er þeim tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi eða hlutum slíkra forskrifa sem það óskar eftir að gildi ekki. Framkvæmdastjórnin kannar réttmæti þeirra ráðstafana sem aðildarríkið ihugar og tekur ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr.

### III. KAFLI

#### Rekstrarsamhæfishlutar

##### 8. gr.

Aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstrarsamhæfishlutar:

- séu því aðeins markaðssettir að þeir leyfi að rekstrarsamhæfi verði komið á innan samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og samrýmist um leið grunnkröfunum,
- séu notaðir á því notkunarviði sem til er ætlast og settir upp og þeim viðhaldið á viðeigandi hátt.

Þessi ákvæði koma ekki í veg fyrir að þessir hlutar séu markaðssettir til annarra nota eða að þeir séu notaðir í venjuleg járnbrautarspor.

##### 9. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu rekstrarsamhæfishluta til nota í samevrópska háhraðajárnbrautakerfið á yfirráðasvæði sínu og á grundvelli þessarar tilskipunar ef þeir samrýmast ákvæðum tilskipunarinnar.

##### 10. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að þeir rekstrarsamhæfishlutar sem fylgir EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi, sem er nánar lýst í IV. viðauka, samrýmist þeim grunnkröfum þessarar tilskipunar sem um þá gilda.

2. Ákvarða skal hvort tiltekinn rekstrarsamhæfishluti samrýmist þeim grunnkröfum sem um hann gilda á grundvelli viðeigandi evrópskra forskrifa, séu þær fyrir hendi.

3. Tilvísanir í evrópskar forskriftir eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. Aðildarríkin birta tilvísanir í landsstaðla sem eru til framkvæmdar evrópskum stöðlum.

5. Ef engar evrópskar forskriftir eru fyrir hendi, og með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. 20. gr., skulu aðildarríkin tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni hvaða staðlar og tækniforskriftir eru notaðar til að framfylgja grunnkröfunum.

##### 11. gr.

Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórninni virðist evrópsku forskriftirnar ekki standast grunnkröfunar er heimilt að ákveða að draga til baka hlutaðeigandi forskriftir að hluta eða í heild, eða breytingar á þeim, úr þeim birtu skjölum sem þær koma fram í, í

samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. og, ef um evrópska staðla er að ræða, að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða<sup>(1)</sup>.

## 12. gr.

1. Ef aðildarríki staðfestir að líklegt sé að rekstrar-samhæfishluti, sem EB-samræmisyfirlýsing eða yfirlýsing um nothæfi nær yfir og settur hefur verið á markað, standist ekki grunnkröfur þegar hann er notaður eins og til er ætlast, þá ber því ríki að gera allar þær ráðstafanir sem með þarf til að takmarka notkunarsvið hans, banna notkun hans eða taka hann af markaðinum. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni til hvaða ráða hefur verið gripið og gefa upp ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni, og skal þar meðal annars koma fram hvort ástæðan er:

- að hlutinn standist ekki grunnkröfurnar,
- að evrópsku forskriftunum sé beitt á rangan hátt þegar vísað er til þeirra,
- að evrópsku forskriftirnar séu ekki fullnægjandi.

2. Framkvæmdastjórnin hefur samráð við málsaðila eins fljótt og auðið er. Ef framkvæmdastjórnin kemst í kjölfar þess að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar eigi rétt á sér, þá tilkynnir hún það þegar í stað aðildarríkinu sem hafði frumkvæði að ráðstöfununum svo og hinum aðildarríkjunum. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að höfðu samráði við málsaðila, að ráðstafanirnar eigi ekki rétt á sér tilkynnir hún það þegar í stað aðildarríkinu sem hafði frumkvæði að ráðstöfununum svo og framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan bandalagsins. Ef gloppa í evrópsku forskriftunum réttlætir ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 11. gr.

3. Ef rekstrarsamhæfishluti sem EB-samræmisyfirlýsing fylgir reynist ekki vera í samræmi við forskriftir, ber lögbæru aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem útbjó yfirlýsinguna og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framgang og niðurstöður fyrrnefndrar málsmeðferðar.

## 13. gr.

1. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, þarf að beita ákvæðum tækniforskriftanna um rekstrarsamhæfi sem gilda um tiltekinn rekstrarsamhæfishluta til að geta samið EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi vegna hans.

2. Ef tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi krefjast þess, metur tilkynnti aðilinn, sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, með staðfestu innan bandalagsins, skila umsókn til, hvort rekstrarsamhæfishluti er í samræmi og nothæfur.

3. Ef aðrar tilskipanir bandalagsins, sem fjalla um aðra þætti, ná yfir rekstrarsamhæfishluta þarf að koma fram í EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi að rekstrarsamhæfishlutarnir standist einnig kröfur þeirra tilskipana.

4. Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, rækir þær skyldur sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., falla þær á hvern þann sem markaðssetur rekstrarsamhæfishlutann. Að því er varðar þessa tilskipun hvíla sömu skyldur á hverjum þeim sem setur saman rekstrar-samhæfishluta eða hluta þeirra af ýmsum uppruna eða framleiðir rekstrarsamhæfishlutana til eigin nota.

5. Með fyrirvara um ákvæði 12. gr. gildir eftirfarandi:

- a) komist aðildarríki að því að EB-samræmisyfirlýsing sé ekki rétt samin skal þess krafist að framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, sjái til þess að samræmi rekstrar-samhæfishlutans verði tryggt og látið verði af brotinu með þeim skilyrðum sem viðkomandi aðildarríki setur;
- b) ef samræmi er enn ekki komið á skal aðildarríkið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu hlutaðeigandi rekstrarsamhæfishluta eða til að tryggja að hann verði tekinn af markaðinum í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem kveðið er á um í 12. gr.

## IV. KAFLI

### Undirkerfi

#### 14. gr.

Hvert aðildarríki skal heimila að tekin verði í notkun þau undirkerfi í formi mannvirkja sem eru hluti af samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu og sem staðsett eru á yfirráðasvæði þess eða rekin af járnbrautarfyrirtækjum sem þar hafa staðfestu.

Í þessum tilgangi skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að því aðeins megi taka fyrrnefnd undirkerfi í notkun að þau séu hönnuð, smíðuð og uppsett og/eða rekin á þann hátt að það komi ekki í veg fyrir að þau standist þær grunnkröfur sem til þeirra verða gerðar þegar þau tengjast samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu.

#### 15. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 19. gr. er aðildarríkjunum óheimilt að banna, takmarka eða torvelða að undirkerfi í formi mannvirkja, sem eru hluti af samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu og fullnægja grunnkröfunum, verði smíðuð, tekin í notkun og rekin á yfirráðasvæði sínu, á grundvelli þessarar tilskipunar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

**16. gr.**

1. Aðildarríkjnum ber að líta svo á að undirkerfi í formi mannvirkja, sem eru hluti af samevrópska háhraðajárnbrautanetinu og sem EB-sannprófunaryfirlýsing er til um, uppfylli kröfuna um rekstrarsamhæfi og standist þær grunnkröfur sem til þeirra eru gerðar.

2. Við sannprófun á rekstrarsamhæfi undirkerfis í formi mannvirkja, sem er hluti af samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu, og því hvort það stenst þær grunnkröfur sem til þess eru gerðar skal vísa til tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi, séu þær til.

3. Séu tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi ekki til sendir aðildarríkið hinum aðildarríkjnum og framkvæmdastjórninni lista yfir þær tæknireglur sem notaðar eru til að meta hvort grunnkröfum er fullnægt.

**17. gr.**

Komi í ljós að tækniforskriftirnar um rekstrarsamhæfi uppfylla grunnkröfurnar ekki til fulls má hafa samráð við nefndina sem um getur í 21. gr., að beiðni aðildarríkis eða frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar.

**18. gr.**

1. Til að semja megi EB-sannprófunaryfirlýsingu, ber samningsyfirvaldi eða fulltrúa þess að fá tilkynntan aðila til að meta sérstaklega EB-skoðunaraðferðina.

2. Starfsemi tilkynnta aðilans sem ber ábyrgð á EB-sannprófun undirkerfis hefst á hönnunarstiginu og nær yfir allan framleiðslutímamann fram að gerðarviðurkenningunni sem fengin er áður en undirkerfið er tekið í notkun.

3. Tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á því að taka saman tæknimöppu sem þarf að fylgja EB-sannprófunaryfirlýsingunni. Í tæknimöppunni þurfa að vera öll nauðsynleg skjöl sem tengjast eiginleikum undirkerfisins og, ef við á, öll skjöl sem votta samræmi rekstrarsamhæfishlutanna. Í henni þurfa einnig að vera allar upplýsingar sem skipta máli varðandi skilyrði og takmarkanir á notkun og fyrirmæli um viðhaldsþjónustu, stöðugt eða reglubundið eftirlit, stillingu og viðhald.

**19. gr.**

1. Komist aðildarríki að því að undirkerfi í formi mannvirkis, sem EB-sannprófunaryfirlýsingin ásamt tæknimöppunni ná til, samrýmist ekki fyllilega þessari tilskipun, einkum og sér í lagi grunnkröfunum, þá getur það farið fram á að gerðar verði viðbótarathuganir.

2. Aðildarríkið, sem setur fram slíka málaleitan, skal tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um þær viðbótarathuganir sem farið er fram á og gefur upp ástæður þeirra. Framkvæmdastjórnin hefur þegar í stað málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 21. gr.

**V. KAFLI****Tilkynntir aðilar****20. gr.**

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjnum hvaða aðilar skuli annast framkvæmd matsins á samræmi eða nothæfi sem um getur í 13. gr. og skoðunina sem um getur í 18. gr. og gefa upp valdsvið hvers aðila.

Framkvæmdastjórnin úthlutar þeim kenninúmerum. Hún birtir skrá yfir aðilana, kenninúmer þeirra og verkefnið sem þeim eru falin í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og tryggir að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu taka mið af skilyrðunum sem kveðið er á um í VII. viðauka við mat á aðilum sem á að tilkynna. Aðilar sem standast matsskilyrðin sem kveðið er á um í viðeigandi Evrópustöðlum teljast fullnægja fyrirnefndum skilyrðum.

3. Aðildarríki skal afturkalla samþykki sitt á aðila sem uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem um getur í VII. viðauka. Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjnum þegar í stað um þetta.

4. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telja að aðili sem annað aðildarríki hefur tilkynnt uppfylli ekki lengur viðeigandi skilyrði skal vísa málinu til nefndarinnar sem kveðið er á um í 21. gr., en hún skilar álitinu innan þriggja mánaða. Í ljósi nefndarálitsins tilkynnir framkvæmdastjórnin aðildarríkinu allar þær breytingar sem gera þarf ef tilkynnti aðilinn á að halda stöðu sinni.

5. Samræming tilkynntu aðilanna skal eftir atvikum fara fram í samræmi við 4. mgr. 21. gr.

**VI. KAFLI****Nefndin****21. gr.**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álitinu sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

**23. gr.**

Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða ef engu áliði er skilað leggur framkvæmdastjórnin tafarlaust fyrir ráðið tillögu um ráðstafanir sem gripið skal til. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

1. Aðildarríkin skulu breyta lögum sínum og stjórnsýslu-  
fyrirmælum og samþykkja þau, þannig að leyfð sé notkun  
rekstrarsamhæfisluta og að tekin séu í notkun og rekin undirkerfi  
sem eru í samræmi við þessa tilskipun, eigi síðar en 30 mánuðum  
eftir að tilskipun þessi öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það  
framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Ef ráðið hefur ekki tekið ákvörðun þremur mánuðum eftir að  
málinu er vísað til þess, samþykkir framkvæmdastjórnin  
fyrirhugaðar ráðstafanir, nema einfaldur meirihluti ráðsins hafi  
mælt gegn þeim.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin sem um getur í  
1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja  
slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin setja  
reglur um slíka tilvísun.

3. Nefndin getur rætt hvert það mál sem tengist  
rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins.

**24. gr.**

4. Ef nauðsyn krefur getur nefndin komið á fót starfshópum  
sér til aðstoðar, einkum með tilliti til þess að samhæfa starfsemi  
tilkynntu aðilanna.

Á tveggja ára fresti gefur framkvæmdastjórnin Evrópuþinginu og  
ráðinu skýrslu um þær framfarir sem orðið hafa í rekstrarsamhæfi  
samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins.

5. Koma skal nefndinni á fót jafnskjótt og þessi tilskipun  
öðlast gildi.

**25. gr.**

## VII. KAFLI

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta og fyrsta degi eftir að  
hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

### Lokaákvæði

**26. gr.**

**22. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Færa skal haldgóð rök fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru á  
grundvelli þessarar tilskipunar varðandi mat á samræmi  
rekstrarsamhæfisluta eða nothæfi þeirra, athuganir á undirkerfum  
sem eru hlutar samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og hverja  
þá ákvörðun sem tekin er á grundvelli 11., 12., 17. og 19. gr.  
Ákvörðunin skal án tafar tilkynnt hlutaðeigandi aðila og honum  
um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt  
gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann  
hefur til þess.

Gjört í Brussel 23. júlí 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### SAMEVRÓPSKA HÁHRAÐAJÁRNBRAUTAKERFIÐ

#### 1. Grunnvirki

- a) Grunnvirki samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins eru grunnvirki samevrópska flutningsnetsins eins og það er skilgreint miðað við viðmiðunarreglurnar sem um getur í 129. gr. c í sáttmálanum:

- sem eru sérstaklega byggð fyrir háhraðaumferð,
- sem eru sérstaklega endurbætt fyrir háhraðaumferð.

Til þeirra má telja tengispor, einkum þau sem tengja ný spor eða spor sem hafa verið endurbætt fyrir háhraðaumferð við járnbrautarstöðvar inni í bæjum, þar sem miða verður hraða við aðstæður á staðnum.

- b) Háhraðasporin eru:

- sérstaklega byggð háhraðaspor þar sem gert er ráð fyrir hraða sem nemur 250 km/klst. eða meira,
- sérstaklega endurbætt háhraðaspor þar sem gert er ráð fyrir hraða sem nemur um það bil 200 km/klst.,
- sérstaklega endurbætt háhraðaspor sem hafa sérstök einkenni sem stafa af hömlum sem staðhættir setja, vegna hæðarmunar í landslagi eða skipulags bæja, og þar sem laga þarf hraða að hverju tilviki.

#### 2. Járnbrautarvagnar

Hanna skal háþróaðar háhraðalestir þannig að öruggur og ótruflaður akstur sé tryggður:

- á hraða sem nemur minnst 250 km/klst. á sporum sem eru sérstaklega byggð fyrir háhraðaumferð, en þar sem aðstæður leyfa skal hraði sem nemur meira en 300 km/klst. vera mögulegur,
- á hraða sem nemur um það bil 200 km/klst. á eldri sporum sem hafa verið eða verða sérstaklega endurbætt,
- á sem mestum hraða á öðrum sporum.

#### 3. Samhæfi grunnvirkja og járnbrautarvagna

Mjög mikið samhæfi eiginleika grunnvirkja tengivirkja og járnbrautarvagna er skilyrði fyrir rekstri háhraðalesta. Afköst, öryggi, gæði þjónustu og kostnaður er allt háð þessu samhæfi.

## II. VIÐAUKI

### UNDIRKERFI

1. Í þessari tilskipun er kerfinu sem myndar samevrópska háhraðajárnbrautakerfið skipt niður í eftirfarandi undirkerfi:
  - 1.1. svið sem varða mannvirki:
    - grunnvirki
    - rafveitubúnaður
    - stjórnubúnaður og merki
    - járnbrautarvagnar;
  - 1.2. svið sem varða rekstur:
    - viðhald
    - umhverfi
    - starfræksla
    - notendur.
2. Fyrir hvert undirkerfi er listinn yfir þætti sem varða rekstrarsamhæfi gefinn upp í beiðninni til sameiginlega fulltrúaráðsins um samningu draga að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. skal ákveða fyrrnefnda beiðni í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 21. gr.

Ef með þarf gefur sameiginlega fulltrúaráðið í beiðninni nánari upplýsingar um listann yfir þætti sem varða rekstrarsamhæfi, í samræmi við ákvæði e-liðar 3. mgr. 5. gr.

3. Í skilningi b-liðar 3. mgr. 5. gr. ber að líta á eftirtaldar færðbreytur sem grunnfærðbreytur með tilliti til þess að ná fram rekstrarsamhæfi:

#### GRUNNFÆRIBREYTUR

- Lágmarksvídd grunnvirkja
- Lágmarksbogferill
- Sporvídd
- Hámarksálag á spor
- Lágmarkslengd brautarpalla
- Hæð brautarpalla
- Spenna aflgjafa
- Umfang ökuleiðara
- ERTMS-eiginleikar(\*)
- Áspungi
- Hámarkslengd lesta
- Vídd járnbrautarvagna
- Lágmarkshemlunareiginleikar
- Mörk rafmagnseiginleika járnbrautarvagna
- Mörk vélrænna eiginleika járnbrautarvagna
- Rekstrareiginleikar sem tengjast öryggi lesta
- Mörk eiginleika sem tengjast utanaðkomandi hávaða
- Mörk eiginleika sem tengjast utanaðkomandi titringi
- Mörk eiginleika sem tengjast utanaðkomandi rafsegultruflunum
- Mörk eiginleika sem tengjast innihávaða
- Mörk eiginleika sem tengjast loftræstingu
- Eiginleikar sem tengjast flutningi hreyfihlaðra.

(\*) Evrópska stjórnunarkerfið fyrir járnbrautaumferð.

### III. VIÐAUKI

#### GRUNNKRÖFUR

##### 1. Almennar kröfur

##### 1.1. Öryggi

- 1.1.1. Hönnun, smíði eða samsetning, viðhald og eftirlit með hlutum sem varða öryggi, einkum hlutum sem varða hreyfingu lestar, skal vera með því móti að tryggt sé öryggi sem samræmist þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir netið, einnig við tilgreindar bilanir.
- 1.1.2. Þær færðbreytur sem varða snertingu hjóla og teina verða að uppfylla þær kröfur um stöðugleika sem eru nauðsynlegar til að tryggja öruggan akstur við leyfilegan hámarkshraða.
- 1.1.3. Íhlutarnir sem notaðir eru verða að standast alla eðlilega spennu og tilgreinda óeðlilega spennu allan þann tíma sem þeir eru í notkun. Nauðsynlegt er að takmarka með viðeigandi ráðstöfunum áhrif bilana á öryggisatriði.
- 1.1.4. Hanna skal föst mannvirki og járnbrautarvagna og velja efni með tilliti til þess að takmarka myndun, útbreiðslu og áhrif elds og reyks í eldsvoða.
- 1.1.5. Hönnun búnaðar sem notendur eiga að meðhöndla skal vera með því móti að fyrirsjáanleg notkun hans sem ekki samrýmist meðfylgjandi leiðbeiningum stefni öryggi notenda ekki í hættu.

##### 1.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Eftirlit með og viðhald á föstum og hreyfanlegum íhlutum sem koma við sögu við akstur lesta skal skipuleggja og framkvæma með þeim hætti og nógu oft til að íhlutarnir séu starfhæfir við tilgreind skilyrði.

##### 1.3. Heilbrigði

- 1.3.1. Óheimilt er að nota í lestum og járnbrautargrunnvirkjum efni sem líklegt er, sökum þess hvernig þau eru notuð, að hafi í för með sér heilsufarshættu fyrir fólk sem hefur aðgang að þeim.
- 1.3.2. Slík efni skal velja, meðhöndla og nota þannig að losun skaðlegs eða hættulegs reyks eða lofttegunda sé takmörkuð, einkum við eldsvoða.

##### 1.4. Umhverfisvernd

- 1.4.1. Nauðsynlegt er að meta áhrif stofnunar og rekstrar samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins á umhverfið og taka tillit til þeirra áhrifa við hönnun kerfisins í samræmi við gildandi ákvæði bandalagsins.
- 1.4.2. Efni sem notuð eru í lestum og grunnvirkjum skulu vera þannig að ekki verði losun á reyk eða lofttegundum sem eru skaðlegar eða hættulegar umhverfinu, einkum við eldsvoða.
- 1.4.3. Nauðsynlegt er að hanna og smíða járnbrautarvagna og orkuveitukerfi þannig að þau séu samhæf að því er varðar rafsegulsvið við mannvirki, búnað og opinber net eða einkanet sem þau kynnu að trufla.

##### 1.5. Tæknilegt samhæfi

Tæknilegir eiginleikar grunnvirkja og fastra mannvirkja verða að vera samhæfir innbyrðis og við lestir sem á að nota í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu.

Ef erfitt reynist að halda fyrrnefndum eiginleikum á tilteknum hlutum netsins, er leyfilegt að nota bráðabirgðalausnir sem tryggja samhæfi í framtíðinni.



## 2. Sérstakar kröfur sem gilda fyrir einstök undirkerfi

### 2.1. Grunnvirki

#### 2.1.1. Öryggi

Nauðsynlegt er að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir aðgang að mannvirkjum við spor sem ekið er um á miklum hraða, eða að óviðkomandi komist inn í þau.

Gera þarf ráðstafanir sem takmarka hættu fyrir fólk, einkum á stöðvum sem lestir aka framhjá á miklum hraða.

Grunnvirki sem almenningur hefur aðgang að þarf að hanna og byggja með þeim hætti að heilsufarshætta fyrir fólk sé takmörkuð (að því er varðar stöðugleika, eld, aðgang, rýmingu, brautarpalla o.s.frv.).

Setja þarf viðeigandi ákvæði þar sem tekið er tillit til sérstakra öryggisaðstæðna í mjög löngum göngum.

### 2.2. Orka

#### 2.2.1. Öryggi

Rekstur orkuveitukerfa má hvorki skerða öryggi háhraðalesta né fólks (notenda, starfslíðs, þeirra sem búa við sporið og þriðju aðila).

#### 2.2.2. Umhverfisvernd

Starfsemi orkuveitukerfa má ekki hafa meiri áhrif á umhverfið en tilgreind mörk segja til um.

#### 2.2.3. Tæknilegtsamhæfi

Nauðsynlegt er að rafveitukerfið sem notað er í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu:

- geri lestum kleift að ná tilgreindum afköstum,
- sé samhæft við strauminntök lestanna.

### 2.3. Stjórnbúnaður og merki

#### 2.3.1. Öryggi

Stjórnbúnaður og merkjabúnaður sem notað er í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu skal gera lestum kleift að aka með öryggi sem samsvarar markmiðunum sem stefnt er að fyrir netið.

#### 2.3.2. Tæknilegtsamhæfi

Öll ný grunnvirki og járnbrautarvagnar sem eru framleidd eða þróuð eftir að samhæfur stjórnþúnaður og merkjabúnaður er samþykktur skulu sérsniðin að notkun fyrrnefnds þúnaðar.

Stjórn- og merkjabúnaðinn sem settur er upp inni í klefa lestarstjóra þarf að vera hægt að nota á eðlilegan hátt í öllu samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu við tilgreindar aðstæður.

## 2.4. *Járnbrautarvagnar*

### 2.4.1. Öryggi

Hanna þarf járnbrautarvagna og tengingar milli þeirra þannig að farþega- og ökkulefar séu varðir ef lestin lendir í árekstri eða fer af sporinu.

Rafbúnaður má ekki skerða öryggi eða starfsemi stjórn- og merkjabúnaðar.

Hemlunartækni og álagið sem af henni hlýst þarf að vera samhæft við hönnun spora, tæknilegra mannvirkja og merkjakerfa.

Gera þarf ráðstafanir til að koma í veg fyrir aðgang að hlutum sem rafspenna er á til að öryggi fólks sé ekki stefnt í voða.

Fyrir hendi þarf að vera búnaður sem gerir farþegum kleift að vekja athygli lestarstjóra á hættu og öðru starfsliði að komast í samband við hann.

Á ytri dyrum skal vera lokunarbúnaður sem tryggir öryggi farþega.

Neyðarútgangar þurfa að vera fyrir hendi og skulu þeir merktir.

Setja þarf viðeigandi ákvæði þar sem tekið er tillit til sérstakra öryggisaðstæðna í mjög löngum göngum.

Ófrávíkanleg krafa er að í lestum sé nægilega öflug og endingargóð neyðarlýsing.

Í lestum skal vera kallkerfi sem gerir starfsliði í lestinni og í stjórnstöðvum utan hennar kleift að tala til farþega.

### 2.4.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Hönnun nauðsynlegasta hjóla-, dráttar-, hemlunar- og stjórnubúnaðar þarf að vera með þeim hætti að lestin geti ekið áfram við tilgreint bilanaástand án þess að það komi niður á þeim búnaði sem enn er virkur.

### 2.4.3. Tæknilegt samhæfi

Rafbúnaðurinn þarf að vera samhæfur við starfsemi stjórn- og merkjabúnaðar.

Eiginleikar strauminntaka þurfa að vera þannig að lestirnar geti ekið með þeim orkugjafakerfum sem notuð eru í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu.

Eiginleikar járnbrautarvagna þurfa að vera þannig að þeir geti ekið eftir öllum sporum sem þeir eiga að aka eftir.

## 2.5. *Viðhald*

### 2.5.1. Heilbrigði

Tæknibúnaður og aðferðir sem notaðar eru á viðhaldsverkstæðum mega ekki vera hættulegar heilbrigði manna.

### 2.5.2. Umhverfisvernd

Tæknibúnaður og aðferðir sem notaðar eru á viðhaldsverkstæðum mega ekki hafa meiri áhrif á umhverfið en leyfileg mörk segja til um.

### 2.5.3. T æ k n i l e g t s a m h æ f i

Viðhaldsaðstaða á háhraðajárnbrautum þarf að vera með þeim hætti að hægt sé að sinna málum er varða öryggi, hreinlæti og þægindi í öllum lestum sem aðstaðan er hönnuð fyrir.

## 2.6. Umhverfi

### 2.6.1. Heilbrigði

Rekstur samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins skal fara fram innan lögboðinna hljóðmengunarmarka.

### 2.6.2. Umhverfisvernd

Rekstur samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins má ekki valda meiri titringi í jörð en svo að viðunandi sé fyrir næsta nágrenni grunnvirkjana og hvers kyns starfsemi sem þar fer fram og er eðlilega viðhaldið.

## 2.7. Rekstur

### 2.7.1. Öryggi

Samræming rekstrarreglna netsins og menntun og hæfi lestarstjóra og annars starfslíðs í lestunum þarf að vera með þeim hætti að það tryggi öruggan alþjóðlegan rekstur.

Viðhald og tíðni þess, þjálfun, menntun og hæfi viðhaldsmanna og gæðatryggingarkerfið á viðhaldsstöðvum hlutaðeigandi fyrirtækja skulu vera með þeim hætti að öryggi sé vel tryggt.

### 2.7.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Viðhald og tíðni þess, þjálfun, menntun og hæfi viðhaldsmanna og gæðatryggingarkerfið á viðhaldsstöðvum hlutaðeigandi fyrirtækja skulu vera með þeim hætti að öryggi og aðgengi sé vel tryggt.

### 2.7.3. T æ k n i l e g t s a m h æ f i

Samræming rekstrarreglna netsins og menntun og hæfi lestarstjóra, annars starfsfólks í lestunum og umferðarstjóra þarf að vera með þeim hætti að það tryggi skilvirkan rekstur samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins.

## IV. VIÐAUKI

### REKSTRARSAMHÆFISHLUTAR

#### EB-yfirlýsing um:

- samræmi
- nothæfi

#### 1. Rekstrarsamhæfishlutar

EB-yfirlýsingin gildir um þá rekstrarsamhæfishluta sem við koma rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins, eins og um getur í 3. gr. Þessir rekstrarsamhæfishlutar geta verið:

##### 1.1. Fjölnýtir hlutar

Hér er um að ræða hluta sem ekki eru sérstaklega ætlaðir til nota í járnbrautakerfum og sem nota má á öðrum sviðum eins og þeir koma fyrir.

##### 1.2. Fjölnýtir hlutar með sérstaka eiginleika

Hér er um að ræða fjölnýta hluta sem í sjálfum sér eru ekki sérstaklega ætlaðir til nota í járnbrautakerfum, en sem þurfa að hafa sérstaka afkastagetu þegar þeir eru notaðir í tengslum við járnbrautir.

##### 1.3. Sérstakir hlutar

Hér er um að ræða hluta sem eru sérstaklega ætlaðir til nota í járnbrautum.

#### 2. Gildissvið

EB-yfirlýsingin nær til:

- annaðhvort mats eins eða fleiri tilkynnta aðila á samræmi rekstrarsamhæfishluta við tækniforskriftir sem um hann gilda, þegar hann er skoðaður einn og sér,
- eða mats/dóms eins eða fleiri tilkynnta aðila á nothæfi rekstrarsamhæfishluta, þegar hann er skoðaður sem hluti járnbrautakerfis, einkum þegar um ræðir skilfleti; við matið/dóminn skal tekið tillit til þeirra tækniforskrifta sem athuga þarf, einkum þeirra sem lúta að notkun.

Verklag við mat sem tilkynntu aðilarnir beita á hönnunar- og framleiðslustigum byggist á aðferðareiningunum sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/465/EBE, í samræmi við skilyrðin sem um getur í tækniforskriftunum um rekstrarsamhæfi.

#### 3. Innihald EB-yfirlýsingarinnar

EB-yfirlýsingin um samræmi eða nothæfi skal vera dagsett og undirrituð.

Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og leiðbeiningarnar og í henni þarf að vera eftirfarandi:

- tilvísanir í tilskipunina,
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan bandalagsins (gefa skal upp viðskiptaheiti og fullt heimilisfang auk viðskiptaheitis framleiðanda eða smíðs, ef um ræðir viðurkenndan fulltrúa),
- lýsing á rekstrarsamhæfishlutanum (tegund, gerð o.s.frv.),
- lýsing á aðferðinni við að lýsa yfir samræmi eða nothæfi (13. gr.),
- allar lýsingar sem eiga við rekstrarsamhæfishlutann, einkum notkunarskilyrðin,
- nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans (aðilanna) sem koma að málsmeðferðinni sem farið er eftir við að ákvarða samræmi eða nothæfi og dagsetning prófunarvottorðsins, ásamt gildistíma vottorðsins og skilyrðum fyrir gildi þess, ef við á,
- ef við á, tilvísun í Evrópuforskriftirnar,
- deili á undirritunaraðilanum sem fengið hefur umboð til að undirrita skuldbindingu framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan bandalagsins.

## V. VIÐAUKI

### UNDIRKERFI

#### EB-SANNPRÓFUNARYFIRLÝSING

EB-sannprófunaryfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð.

Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og skjölin í tæknimöppunni og í henni þarf að vera eftirfarandi:

- tilvísanir í tilskipunina,
- nafn og heimilisfang samningsstofnunar eða viðurkennds fulltrúa hennar sem hefur staðfestu innan bandalagsins. (Gefa skal upp viðskiptaheiti og fullt heimilisfang auk viðskiptaheitis samningsstofnunar ef um ræðir viðurkenndan fulltrúa),
- stutt lýsing á undirkerfinu,
- nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem hafði með höndum EB-eftirlitið sem um getur í 18. gr.,
- tilvísanir til skjalanna í tæknimöppunni,
- öll bráðabirgðaákvæði og endanleg ákvæði sem undirkerfi þurfa að samrýmast, einkum, ef við á, takmarkanir á rekstri eða skilyrði fyrir honum,
- gildistími EB-yfirlýsingarinnar, sé hún tímabundin,
- deili á undirritunaraðilanum.

## VI. VIÐAUKI

### UNDIRKERFI

#### EB-SANNPRÓFUN

1. EB-sannprófun er aðferðin sem tilkynntur aðili notar við að athuga og staðfesta, að beiðni samningsstofnunar eða viðurkennds fulltrúa hennar sem hefur staðfestu innan bandalagsins, að undirkerfi sé:
  - í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,
  - í samræmi við aðrar reglur sem leiða af sáttmálanum og að heimilt sé að taka það í notkun.
2. Skoðun fer fram á eftirtöldum stigum:
  - heildarhönnun,
  - skipulag undirkerfisins, einkum mannvirkjagerð, samsetning hluta og heildarstilling,
  - lokaprófun undirkerfisins.
3. Tilkynnti aðilinn sem ber ábyrgð á EB-sannprófun semur samræmisvottorðið og sendir það samningsstofnunar eða viðurkenndum fulltrúa hennar, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, sem aftur semur EB-sannprófunaryfirlýsingu og sendir hana eftirlitsstofnun í aðildarríkinu sem undirkerfið er staðsett og/eða rekið í.
4. Í tæknimöppunni sem fylgir sannprófunaryfirlýsingunni skal vera eftirfarandi:
  - ef um ræðir grunnvirki: verkfræðiteikningar, gögn um samþykktir fyrir greftri og járnþvingu, skýrslur um prófun og könnun á steinsteypu,
  - ef um ræðir önnur undirkerfi: almennar og nákvæmar teikningar sem svara til framkvæmdanna, teikningar af rafmagns- og vökvakerfum, teikningar stýrirása, lýsingar á tölvukerfum og sjálfvirkum kerfum, rekstrar- og viðhaldshandbækur o.s.frv.,
  - skrá yfir rekstrarsamhæfisluta sem um getur í 3. gr. og eru í undirkerfinu,
  - afrit af EB-yfirlýsingunum um samræmi og nothæfi sem þurfa að fylgja fyrrnefndum hlutum í samræmi við 13. gr. tilskipunarinnar, auk, ef við á, samsvarandi útreikninga og afrita af gögnum sem varða prófanir og rannsóknir sem tilkynntu aðilarnir hafa gert á grundvelli sameiginlegru tækniforskriftanna,
  - vottorð frá tilkynnta aðilanum sem ber ábyrgð á EB-sannprófun, undirritað af honum sjálfum, ásamt samsvarandi útreikningum, þar sem fram kemur að verkefnið sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og, ef við á, fyrirvarar sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi; einnig skulu fylgja vottorðinu eftirlits- og úttektarskýrslur sem gerðar hafa verið í tengslum við sannprófunina, eins og fram kemur í liðum 5.3 og 5.4.
5. **Eftirlit**
  - 5.1. Markmið EB-eftirlits er að tryggja að við framleiðslu undirkerfisins sé staðið við allar skuldbindingar samkvæmt skjölum í tæknimöppunni.

- 5.2. Tilkynti aðilinn sem hefur með höndum eftirlit með framleiðslunni skal jafnan hafa aðgang að byggingarsvæðum, framleiðsluverkstæðum, geymslusvæðum og, ef við á, stöðum þar sem smíðaðar eru staðlaðar einingar og prófunarstöðum og almennt að öllum þeim stöðum sem hann telur sig þurfa að hafa aðgang að til að vinna verk sitt. Samningsstofnun eða viðurkenndur fulltrúi hennar innan bandalagsins skal senda honum eða láta senda honum öll skjöl sem hann þarf til þess, einkum framkvæmdaáætlanir og tæknileg gögn um undirkerfið.
- 5.3. Til að staðfesta að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar skal tilkynti aðilinn sem fylgist með framkvæmdinni gera úttekt reglubundið. Hann gefur framkvæmdaraðilunum skýrslu um úttektina. Honum er heimilt að fara fram á að fá að vera viðstaddur tilteknar framkvæmdir við bygginguna.
- 5.4. Að auki er tilkynta aðilanum heimilt að koma fyrirvaralaust í heimsókn á byggingarstað eða á framleiðsluverkstæði. Tilkynta aðilanum er þá heimilt að gera heildarúttekt eða hlutaúttekt. Honum ber að gefa framkvæmdaraðilunum skoðunarskýrslu og, ef við á, úttektarskýrslu.
6. Koma skal tæknimöppunni sem um getur í 4. mgr. í vörslu samningsstofnunar eða viðurkennds fulltrúa hennar, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, til stuðnings samræmisvottorðinu sem gefið er út af tilkynta aðilanum sem ber ábyrgð á eftirliti með starfhæfu undirkerfinu. Tæknimappan skal hjálögð EB-sannprófunaryfirlýsingunni sem samningsstofnunin sendir eftirlitsstofnuninni í hlutaðeigandi aðildarríki.  
  
Samningsstofnunin skal geyma afrit af möppunni svo lengi sem undirkerfið er í notkun. Afritið skal sent öðrum aðildarríkjum, fari þau fram á það.
7. Hver tilkyntur aðili skal reglulega koma á framfæri þeim upplýsingum sem máli skipta um eftirfarandi:
  - beiðnir sem hann hefur fengið um EB-sannprófun,
  - útgefin samræmisvottorð,
  - synjanir um samræmisvottorð.
8. Skjöl og bréf varðandi EB-sannprófunina skal rita á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem samningsstofnunin eða viðurkenndur fulltrúi hennar hefur staðfestu innan bandalagsins, eða á tungumáli sem bandalagið viðurkennir.



## VII. VIÐAUKI

### LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKJUNUM BER AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR ÞAU TILNEFNA TILKYNNNTA AÐILA

1. Aðilinn, forstöðumaður og starfslið sem annast skoðanir mega hvorki hafa bein né óbein afskipti af hönnun, framleiðslu, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi rekstrarsamhæfislutanna eða undirkerfanna, né heldur af rekstri þeirra. Þetta útilokar þó ekki að framleiðandinn eða sá sem annast smíðina og samþykkti aðilinn geti skipst á tæknilegum upplýsingum.
2. Skoðunaraðilinn og starfsmenn hans sem annast skoðanir skulu gæta þess að þær séu í hvívetna unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvendi og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.
3. Aðilinn skal ráða til sín starfslið og hafa aðstöðu til að vinna á fullnægjandi hátt þau tæknilegu verkefni og stjórnunarverkefni sem tengjast framkvæmd athugananna. Hann skal einnig hafa aðgang að búnaði sem þarf til að framkvæma skoðanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn þeir sem annast skoðanir verða að hafa til að bera:
  - trausta tækni- og fagmenntun,
  - viðunandi þekkingu á kröfum þeim sem gerðar eru við skoðanir sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum skoðunum,
  - kunnáttu í að útbúa vottorð, skrár og skýrslur þar sem koma fram niðurstöður sem fengust við athuginna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun þeirra má hvorki vera undir því komin hversu margar skoðanir þeir framkvæma né heldur hvaða niðurstöður fást úr þessum skoðunum.
6. Tilkynti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið taki á sig ábyrgð í samræmi við landslög eða aðildarríkið sjái beint um skoðanirnar.
7. Starfsmenn tilkynta aðilans eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju sem þeir fá við skyldustörf sín (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir leysa störf sín af hendi) í samræmi við þessa tilskipun eða ákvæði landslaga sem eru sett henni til framkvæmdar.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/06**

**nr. 26/97**  
**frá 30. apríl 1997**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/703/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**3. gr.**

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/96 frá 13. desember 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/703/EB frá 26. nóvember 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir kæliskápa<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2ek (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/467/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2el. **396 D 0703:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/703/EB frá 26. nóvember 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir kæliskápa (Stjttíð. EB nr. L 323, 13. 12. 1996, bls. 34).“.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 100, 17. 4. 1997, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 16, 17. 4. 1997, bls. 190.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 323, 13. 12. 1996, bls. 34.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 26. nóvember 1996

**um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki  
bandalagsins fyrir kæliskápa (\*)**

(Texti sem varðar EES)

(96/703/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að ákveða beri skilyrði fyrir veitingu umhverfismerki bandalagsins fyrir hvern vöruflokk um sig.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að meta beri áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir vöruflokka.

Rétt er að settar verði viðmiðanir þar sem greint er frá prófunaraðferðum og flokkun á orkunotkun í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB frá 21. janúar 1994 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafknúnum kæliskápum, frystiskápum og sambyggðum skápum til heimilisnota <sup>(2)</sup> og enn fremur að kröfur er lúta að orkunotkun verði lagaðar að tækninýjungum og markaðsþróun.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sérstökum samráðsfundum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 323, 13. 12. 1996, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 45, 17. 2. 1994, bls. 1.

**1. gr.**

Vöruflokkurinn „kæliskápar“ (sem hér á eftir kallast „vöruflokkurinn“) er skilgreindur þannig:

Kæliskápar, frystihólf, matvælafrystar og sambyggðir skápar af þessu tagi til heimilisnota sem nota rafmagn.

Tilskipunin tekur ekki til tækja sem ganga einnig fyrir öðrum orkuberum eins og rafhlöðum.

**2. gr.**

Meta skal umhverfisáhrif og notagildi vöruflokksins með hliðsjón af þeim sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.

**3. gr.**

Skilgreiningin á vöruflokknum og hinar sérstöku vistfræðilegu viðmiðanir fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

**4. gr.**

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „012“ notað fyrir vöruflokkinn.

**5. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJRREGAARD**

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

### RAMMI

Til að hægt sé að veita umhverfismerki fyrir tæki verður það að uppfylla viðmiðanirnar í þessum viðauka en markmiðið með þeim er að ýta undir að:

- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (almennri hækkun hitastigs, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að draga úr orkunotkun,
- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri notkun efna, sem gætu eytt ósonlaginu, með því að minnka notkun þessara efna,
- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri notkun efna sem kunna að valda almennri hækkun hitastigs.

Þar að auki er viðmiðuninum ætlað að stuðla að bestu framkvæmd (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda.

Enn fremur er ýtt undir endurnýtingu tækisins með því að merkja plastíhluta.

### LYKILVIÐMIÐANIR

#### 1. Spara orku

Tækið skal hafa lægri orkunýtnistuðul en 75% eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 94/2/EB, miðað við að notuð sé sama prófunaraðferð, EN 153, og sama flokkun í 10 flokka.

Tækið fellur þannig undir orkunýtniflokka A og B eins og þeir eru skilgreindir í V. viðauka við tilskipun 94/2/EB.

#### 2. Minnka ósoneyðingarmátt (ODP) <sup>(1)</sup> kælimiðla og freyðiefna

Ósoneyðingarmáttur kælimiðla í kælirás og freyðiefna sem eru notuð til að einangra tækið skal vera enginn.

#### 3. Minnka hitahækkunarmátt (GWP) <sup>(2)</sup> kælimiðla og freyðiefna

Hitahækkunarmáttur kælimiðla í kælirás og freyðiefna sem eru notuð til að einangra tækið skal vera jafn eða minni en 15 (skilgreindur sem jafngildi CO<sub>2</sub> í 100 ár).

### VIÐMIÐANIR FYRIR BESTU FRAMKVÆMD

#### 4. Fræða neytandann

Selja skal tækið með notendahandbók sem veitir ráðleggingar um rétta notkun með tilliti til umhverfissjónarmiða, hér er einkum átt við:

1. ráðleggingar um hagstæðustu orkunotkun við rekstur tækisins, þar á meðal:
  - 1.1. leiðbeiningar um staðsetningu eða uppsetningu kælikápsins þar sem fram koma mál þess lágmarksrýmis sem halda þarf auðu í kringum tækið til að tryggja nægilega hringrás lofts;
  - 1.2. ráð til neytandans um að staðsetja tækið ekki í námunda við hitagjafa (svo sem bökunarofn eða miðstöðvarofn) eða þar sem sól skín beint á það;

<sup>(1)</sup> ODP er skilgreint í *Scientific assessment of stratospheric ozone: 1994, Panel for Scientific Assessment*.

<sup>(2)</sup> GWP og GWP-gildi nokkurra efna eru skilgreind í *Climate change, The IPCC scientific assessment (1990)*.

- 1.3. ráð um að miða stillingu hitastillis við umhverfishita og athuga hana með heppilegum hitamæli (skýra skal hvernig það skuli gert);
- 1.4. ráð um að opna ekki dyr eða lok oftár eða lengur en þörf er á, sérstaklega þegar um er að ræða frystiskápa;
- 1.5. ráð um að láta heitar matvörur kólna áður þær eru settar í tækið, þar sem gufan frá matvörunum stuðlar að ísingu í uppgufunareiningunni.
- 1.6. ráð um að halda uppgufunareiningunni lausri við þykkt íslag og að tíð afísing geri það auðveldara að fjarlægja íslagið;
- 1.7. ráð um að skipta um þéttlista á hurð ef hann virkar ekki eðlilega;
- 1.8. ráð um að halda hitaranum aftan á tækinu og rýminu undir honum lausu við ryk og eldhúsreyk;
- 1.9. upplýsingar þess efnis að sé framangreindum ráðum ekki fylgt aukist orkunotkunin.

2. Ráð til að komast hjá skemmdum á hitaranum (hitaskiptinum) aftan á tækinu og öðru sem getur leitt til þess að kælimiðillinn komist í snertingu við umhverfið vegna þeirrar hættu sem það getur haft í för með sér fyrir umhverfi og heilsu.

Í notendahandbókinni skal koma skýrt fram að ekki skuli nota beitta hluti (svo sem hnífa, skrúfjárn o.fl.) til að fjarlægja ís þar eð þeir gætu skaddað uppgufunareininguna.

3. Upplýsingar þess efnis að í tækinu séu vökvar og að það sé samsett af hlutum og efnum sem eru endurnýtanleg og/eða endurvinnanleg.
4. Ráðleggingar um að þegar neytandinn losar sig við tækið skuli hann afla sér upplýsinga um og fylgja gildandi ákvæðum um ráðstöfun úrgangs.

## 5. Hvetja til endurvinnslu

Á plasthlutum sem vega meira en 50 g verður að vera varanleg merking sem sýnir um hvaða efni er að ræða. Þær skammstafanir sem nota skal eru:

1. PET
2. HDPE
3. PVC
4. LDPE
5. PP
6. PS
7. allt annað plastefni skal vera í samræmi við ISO 1043.

Einnig skal á tækinu tilgreina tegund kælimiðils svo og freyðiefnis sem er notað til einangrunar, nálægt eða á merkiplötunni, til að auðvelda hugsanlega endurnýtingu.

## NOTHÆFISVIÐMIÐANIR

## 6. Takmarka hávaðamengun

Þessi viðmiðun gildir um allan vöruflokkinn nema frystikistur sem gefnar eru upp sem 9. flokkur: „frystikistur til heimilisnota” í IV. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB.

Hávaði sem berst í lofti frá tækinu, reiknaður sem hljóðafl, skal ekki fara yfir 42 dB(A) (re lpW).

Mæling á hávaðastigi skal vera í samræmi við tilskipun ráðsins 86/594/EBE <sup>(1)</sup>, eftir staðlinum EN 28960.

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. L 344, 6. 12. 1986, bls. 24.

**7. Veita upplýsingar um hávaða**

Upplýsingar um hávaðastig tækisins skulu standa þar sem neytandinn fær auðveldlega komið auga á þær. Þetta skal gert með því að koma þessum upplýsingum fyrir á orkumerkimiðanum fyrir kæliskápa.

Upplýsingarnar um hávaðastig skulu vera í samræmi við tilskipun ráðsins 86/594/EBE, eftir staðlinum EN 28960.

**PRÓFUN****8. Prófunarstofur**

Prófun skal fara fram á kostnað umsækjanda á prófunarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar sem lögð er áhersla á í staðli EN 45001.

**NEYTENDAUPPLÝSINGAR**

Eftirfarandi texta skal komið fyrir þar sem neytendur fá auðveldlega komið auga á hann (við hliðina á merkimiðanum, sé þess kostur):

- Þessi vara uppfyllir þær kröfur sem eru gerðar vegna umhverfismerkis Evrópusambandsins þar sem hún er orkunýt, verndar ósonlagið og hefur eins lítil gróðurhúsaáhrif og kostur er.
- Frekari upplýsingar um hvernig má draga úr umhverfisáhrifum er að finna í notendahandbókinni.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/07**

**nr. 27/97**  
**frá 30. apríl 1997**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/96 frá 13. desember 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 96/61/EB fellir úr gildi, ellefu árum eftir gildistöku, tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júlí 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum sem er að finna í samningnum<sup>(3)</sup> en ber að fella brott úr honum, með gildistöku frá sama degi.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2f (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93) í XX. viðauka við samninginn:

„2g. **396 L 0061**: Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (Stjtið. EB nr. L 257, 10. 10. 1996, bls. 26).“.

**2. gr.**

Textinn í 16. lið (tilskipun ráðsins 84/360/EBE) skal felldur brott, með gildistöku frá 30. október 2007.

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/61/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 100, 17. 4. 1997, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 17. 4. 1997, bls. 190.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 257, 10. 10. 1996, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 188, 16. 7. 1984, bls. 20.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/61/EB

frá 24. september 1996

### um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Markmið og meginreglur umhverfisstefnu bandalagsins eru, samkvæmt 130. gr. r í sáttmálanum, einkum að hindra, draga úr og eyða mengun eins og frekast er kostur með því að leggja megináherslu á að grípa inn í þar sem mengun á upptök sín og tryggja skynsamlega stjórnun náttúruauðlinda, í samræmi við mengunarbótaregluna og meginregluna um mengunarvarnir.
2. Í fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála, sem ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, samþykktu í meginatriðum í ályktun frá 1. febrúar 1993 um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun <sup>(4)</sup>, eru samþættar mengunarvarnir látnar ganga fyrir sem mikilvægur þáttur í þróun í átt að sjálfbærara jafnvægi milli athafna mannsins og félagslegrar og efnahagslegrar þróunar annars vegar og auðlinda og endurnýjunargetu náttúrunnar hins vegar.
3. Beiting samþættrar aðferðar við að draga úr mengun krefst aðgerða á vettvangi bandalagsins sem fela í sér breytingar og viðbætur við gildandi lög bandalagsins er varða hindrun og eftirlit með mengun frá iðjuverum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 257, 10. 10. 1996, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 311, 17. 11. 1993, bls. 6 og Stjtið. EB nr. C 165, 1. 7. 1995, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 195, 18. 7. 1995, bls. 54.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 1994 (Stjtið. EB nr. C 18, 23. 1. 1995, bls. 96), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. nóvember 1995 (Stjtið. EB nr. C 87, 25. 3. 1996, bls. 8) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB nr. C 166, 10. 6. 1996).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1.

4. Í tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum <sup>(5)</sup> voru settar almennar reglur um að rekstur iðjuvera og umtalsverðar breytingar á þeim sem valdið gætu loftmengun yrðu háð leyfi.
5. Í tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu <sup>(6)</sup> voru sett skilyrði um að losun þessara efna yrði háð leyfi.
6. Til eru lög í bandalaginu um baráttu gegn loftmengum og um að hindra eða draga eins og frekast er kostur úr losun hættulegra efna í vatn en engin sambærileg lög eru til í bandalaginu sem miða að því að hindra eða draga eins og frekast er kostur úr jarðvegsmengun.
7. Mismunandi aðferðir við eftirlit með losun út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg gætu leitt til þess að mengun færðist á milli þessara umhverfissviða fremur en til verndunar umhverfisins í heild.
8. Markmiðið með samþættri aðferð við eftirlit með mengun er að koma í veg fyrir losun út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þar sem því verður við komið, með tilliti til meðhöndlunar úrgangs, og, þar sem þetta er ekki raunhæfur kostur, að draga eins og frekast er unnt úr henni til þess að ná víðtækri vernd umhverfisins í heild.
9. Í þessari tilskipun eru settar almennar reglur um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun. Í henni er mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma til framkvæmda samþættum mengunarvörnum og eftirliti með mengun í því skyni að ná víðtækri vernd umhverfisins í heild. Samþætt aðferð við eftirlit með mengun stuðlar að því að meginreglunni um sjálfbæra þróun verði beitt.
10. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið <sup>(7)</sup>. Ef taka þarf tillit til upplýsinga eða niðurstaðna sem fengist hafa við beitingu þeirrar tilskipunar þegar leyfi er veitt skal þessi tilskipun ekki hafa áhrif á framkvæmd tilskipunar 85/337/EBE.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 188, 16. 7. 1984, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 129, 18. 5. 1976, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 175, 5. 7. 1985, bls. 40.



11. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili í iðnrekstri sem um getur í I. viðauka fari að almennum reglum um tiltekna grundvallarskyldur. Í þessu skyni nægir að lögbær yfirvöld taki tillit til þessara almennu reglna þegar sett eru skilyrði fyrir leyfisveitingu.
12. Sumum þeirra ákvæða sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun skal beitt að liðnu tilteknu tímabili að því er varðar iðjuver í rekstri og öðrum frá þeim degi sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda.
13. Rekstraraðili skal taka tillit til umhverfisþátta til að unnt sé að eiga við mengunarvandamál með áhrifaríkari og virkari hætti. Tilkynna skal lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum um þessa þætti til að þau geti sjálf gengið úr skugga um að gerðar hafi verið viðeigandi forvarnarráðstafanir eða ráðstafanir um eftirlit með mengun áður en leyfi er veitt. Mjög ólíkar framkvæmdareglur gætu leitt til mismikillar umhverfisverndar og vitundar almennings. Því skulu lágmarksgögn fylgja umsóknum um leyfi samkvæmt þessari tilskipun.
14. Ef lögbær yfirvöld samræma til fulls sín í milli aðferðir við leyfisveitingu og skilyrði fyrir henni stuðlar það að viðtækustu vernd umhverfisins í heild sem unnt er að ná.
15. Lögbært yfirvald eða yfirvöld veita einungis leyfi eða breyta því eftir að búið er að ákveða samþættað ráðstafanir um umhverfisvernd varðandi andrúmsloft, vatn og jarðveg.
16. Í leyfinu skulu koma fram allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja skilyrðum fyrir leyfisveitingu þannig að sem viðtækust vernd fái fyrir umhverfið í heild. Með fyrirvara um aðferðir við leyfisveitingar, geta þessar ráðstafanir einnig verið háðar almennum bindandi skilyrðum.
17. Grundvalla skal viðmiðunarmörk fyrir losun, breytur eða jafngildar tæknilegar ráðstafanir á fullkomnustu tækni sem völ er á, án þess þó að mæla fyrir um notkun tiltekinnar tækni eða tæknigreinar, og skal taka tillit til tæknilegra einkenna hlutaðeigandi stöðvar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisskilyrða á staðnum. Í öllum tilvikum eru í skilyrðum fyrir leyfisveitingu sett ákvæði um lágmarkun viðfeðmrar mengunar eða mengunar yfir landamæri og um að tryggja viðtæka vernd fyrir umhverfið í heild.
18. Aðildarríkjunum ber að ákveða hvernig taka skal tillit til tæknilegra einkenna hlutaðeigandi stöðvar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisskilyrða á staðnum, eftir því sem við á.
19. Ef gæðastaðall fyrir umhverfið krefst þess að sett séu strangari skilyrði en hægt er að uppfylla með því að nota fullkomnustu tækni sem völ er á, verða, meðal annars, sett viðbótarskilyrði fyrir leyfisveitingu, með fyrirvara um aðrar ráðstafanir sem vera má að gerðar verði til að fullnægja gæðastöðlum fyrir umhverfið.
20. Þar eð fullkomnasta tækni sem völ er á breytist með tímanum, einkum með hliðsjón af tæknilegum framförum, skulu lögbær yfirvöld fylgjast með eða fá upplýsingar um slíkar framfarir.
21. Breytingar á stöð gætu leitt til mengunar. Því skal tilkynna lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum um breytingar sem gætu haft áhrif á umhverfið. Umtalsverðar breytingar á iðjuveri skulu háðar því að fyrirfram hafi fengist leyfi til þess í samræmi við þessa tilskipun.
22. Skilyrði fyrir leyfisveitingu skal endurskoða reglulega og breyta þeim ef nauðsyn ber til. Hvað sem öðru líður verða skilyrðin endurskoðuð við tiltekna kringumstæður.
23. Í því skyni að upplýsa almenning um rekstur stöðva og hugsanleg áhrif þeirra á umhverfið og tryggja gagnsæi leyfisveitinga alls staðar í bandalaginu er nauðsynlegt, áður en ákvörðun er tekin, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um leyfisumsóknir vegna nýrra stöðva eða umtalsverðra breytinga á þeim og að leyfunum sjálfum, endurskoðuðum útgáfum af þeim og viðeigandi gögnum um eftirlit.
24. Skrá yfir helstu tilvik losunar og upptakastaði mengunar gæti reynst mikilvægt tæki, meðal annars til að bera saman mengandi starfsemi í bandalaginu. Framkvæmdastjórnin tekur saman slíka skrá og nýtur til þess aðstoðar stjórn-sýslunefndar.
25. Söfnun og dreifing upplýsinga innan bandalagsins um fullkomnustu tækni sem völ er á vinnur gegn tæknilegu misræmi í bandalaginu, stuðlar að dreifingu upplýsinga um þau viðmiðunarmörk og tækni sem eru notuð í bandalaginu út um allan heim og aðstoðar aðildarríkin við góða framkvæmd þessarar tilskipunar.
26. Taka verður reglulega saman skýrslur um hvernig beiting þessarar tilskipunar hefur tekist í reynd.
27. Þessi tilskipun fjallar um stöðvar sem umtalsverð mengunarhætta stafar af og þar með hætta á að mengunin berist milli landa. Skipuleggja ber viðræður milli landa þegar sótt er um leyfi fyrir nýjum stöðvum eða umtalsverðum breytingum á stöðvum sem telja má líklegt að hafi umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Umsóknir er varða slíkar tillögur eða umtalsverðar breytingar skulu vera aðgengilegar almenningi í því aðildarríki sem líklegt má telja að mengunin hafi áhrif á.
28. Vera má að í ljós komi á vettvangi bandalagsins þörf fyrir að setja viðmiðunarmörk fyrir losun frá tilteknum gerðum stöðva og mengunarvalda sem falla undir þessa tilskipun. Ráðið setur slík viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við ákvæði sáttmálans.

29. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### 1. gr.

#### Markmið og gildissvið

Markmiðið með þessari tilskipun er að koma á samþættingu mengunarvörnum og eftirliti með mengun frá starfsemi sem er getið í I. viðauka. Í henni er mælt fyrir um ráðstafanir sem eiga að hindra eða, ef því verður ekki við komið, draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg frá framangreindri starfsemi, að meðtöldum ráðstöfunum er varða úrgang, til þess að ná víðtækri vernd umhverfisins í heild, með fyrirvara um tilskipun 85/337/EBE og önnur viðeigandi ákvæði bandalagsins.

#### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „efni“: kemísk frumefni og sambönd þeirra, þó hvorki geislavirk efni í skilningi tilskipunar 80/836/KBE <sup>(1)</sup> né erfðabreyttar lífverur í skilningi tilskipunar 90/219/EBE <sup>(2)</sup> og tilskipunar 90/220/EBE <sup>(3)</sup>;
  2. „mengun“: bein eða óbein losun af mannavöldum á efnun, titringi, hita eða hávaða út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þannig að heilsu fólks eða umhverfi stafi hættu af, fasteignir skaðist eða réttmæt not af umhverfinu til tómstundaiðkana eða annarra þarfa verði fyrir hindrunum eða truflunum;
  3. „stöð“: staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem er getið í I. viðauka og hver önnur starfsemi er gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fram fer á staðnum;
  4. „stöð í rekstri“: stöð sem er annaðhvort í rekstri eða hefur leyfi, í samræmi við lög sem eru í gildi fyrir þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda, eða stöð sem sótt hefur verið um leyfi fyrir með fullgildri umsókn að mati lögbærs yfirvalds, enda hefjist starfsemi stöðvarinnar eigi síðar en einu ári eftir þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda;
5. „losun“: bein eða óbein losun efna, titrings, hita eða hávaða frá stökum eða dreifðum losunarstöðum á stöðinni út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg;
  6. „viðmiðunarmörk fyrir losun“: massi, gefinn upp í tengslum við tiltekna færðbreytur, styrkleiki og/eða losunarmagn, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Einnig má fastsetja viðmiðunarmörk fyrir losun frá tilteknum hópum, söfnum eða flokkum efna, einkum efna sem er getið í III. viðauka.
- Viðmiðunarmörk fyrir losun efna gilda að jafnaði á losunarstað efnanna við stöðina og skal ekki taka tillit til þynningar þegar þessi mörk eru ákvörðuð. Þegar losað er óbeint í vatn er heimilt að taka tillit til áhrifa vatnshreinsunarstöðva þegar viðmiðunarmörk fyrir losun eru ákvörðuð fyrir viðkomandi stöð, að því tilskildu að sambærileg vernd sé tryggð fyrir umhverfið í heild og að þetta leiði ekki til aukinnar mengunar í umhverfinu, með fyrirvara um tilskipun 76/464/EBE og tilskipanir um framkvæmd hennar;
7. „gæðastaðall fyrir umhverfið“: kröfur sem verður að fullnægja á tilteknum tíma í tilteknu umhverfi eða hluta þess, samkvæmt löggjöf bandalagsins;
  8. „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld eða aðilar er sjá um að framfylgja skuldbindingum, sem af þessari tilskipun leiðir, samkvæmt lagaákvæðum aðildarríkjanna;
  9. „leyfi“: skrifleg ákvörðun (eða fleiri slíkar ákvarðanir), í heild eða að hluta, er veitir leyfi til að reka stöðina, í heild eða að hluta, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem tryggja að hún sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Leyfi getur tekið til einnar stöðvar eða fleiri, í heild eða að hluta, sem eru staðsettar á sama stað og sami aðili rekur;
  - 10.a) „breyting á rekstri“: breyting á eðli eða starfsemi stöðvar, eða útvíkkun á starfsemi hennar, sem getur haft áhrif á umhverfið;
  - b) „umtalsverð breyting“: breyting á rekstri sem getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á menn eða umhverfi að áliti lögbærs yfirvalds;
  11. „fullkomnasta tækni sem völ er á“: áhrifaríkasta og þróaðasta þrepið í framþróun starfsemi og rekstraráðferða er gefur til kynna að nota megi tiltekna tækniáðferðir sem hagkvæman grunn fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun til að hindra eða, þar sem því verður ekki við komið, draga almennt úr losun og áhrifum á umhverfið í heild:
    - „tækni“: sú tækni sem er notuð og áðferðir við hönnun, smíði, viðhald, rekstur og lokun stöðvar,
    - tækni „sem völ er á“: tækni sem hefur verið þróað í því umfangi að hægt sé að nota hana á hlutaðeigandi sviði iðnaðar, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og

(1) Tilskipun ráðsins 80/836/KBE frá 15. júlí 1980 um breytingu á tilskipunum þar sem kveðið er á um grunnstaðla um öryggi til að tryggja almannaheilbrigði og vernda launþega gegn hættu á jónandi geislun (Stjttíð. EB nr. L 246, 17. 9. 1980, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 84/467/EBE (Stjttíð. EB nr. L 265, 5. 10. 1984, bls. 4).

(2) Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera (Stjttíð. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/51/EB (Stjttíð. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 29).

(3) Tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið (Stjttíð. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 15). Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB (Stjttíð. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20).

ávinnings, óháð því hvort þessi tækni er notuð eða framleidd í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að hún sé bærulega aðgengileg rekstraraðilanum,

- „fullkomnasta” tækni: áhrifaríkasta tæknin við að ná víðtækri almenntri vernd umhverfisins í heild.

Þegar tekin er ákvörðun um fullkomnustu tækni sem völ er á skal taka sérstakt tillit til þáttanna sem eru taldir upp í IV. viðauka;

12. „rekstraraðili”: einstaklingur eða löggjafarstjórn sem rekur eða stýrir stöð eða, þar sem kveðið er á um slíkt í innlendum lögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt ákvörðunarvald yfir tæknilegri starfsemi stöðvarinnar.

### 3. gr.

#### Almennar reglur um grundvallarskyldur rekstraraðila

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir er kveða á um að lögbærum yfirvöldum beri að tryggja að stöðvar séu þannig reknar:

- a) að allar viðeigandi forvarnarráðstafanir gegn mengun séu gerðar, einkum með notkun fullkomnustu tækni sem völ er á;
- b) að ekki leiði til umtalsverðar mengunar;
- c) að komist sé hjá tilurð úrgangs í samræmi við tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang<sup>(1)</sup>; falli til úrgangur skal endurnýta hann eða, ef það er tæknilega og fjárhagslega ókleift, farga honum á þann hátt að það hafi engin eða takmörkuð áhrif á umhverfið;
- d) að orka sé vel nýtt;
- e) að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þeirra;
- f) að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar rekstur er stöðvaður endanlega til að komast hjá mengunarhættu og koma svæðinu aftur í viðunandi horf.

Til þess að fara að ákvæðum þessarar greinar nægir aðildarríkjunum að tryggja að lögbær yfirvöld taki mið af þeim almennu reglum sem mælt er fyrir í þessari grein þegar þau ákvarða skilyrði fyrir leyfisveitingu.

### 4. gr.

#### Leyfi fyrir nýjum stöðvum

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að nýjar stöðvar séu ekki reknar án leyfis sem er gefið út í samræmi við þessa tilskipun, með fyrirvara um undantekningar sem kveðið

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

er á um í tilskipun ráðsins 88/609/EBE frá 24. nóvember 1988 um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmslofti<sup>(2)</sup>.

### 5. gr.

#### Skilyrði fyrir veitingu leyfa til stöðva í rekstri

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld sjái til þess, með veitingu leyfa í samræmi við 6. og 8. gr., eða, eftir því sem við á, með því að endurskoða og, þar sem nauðsyn krefur, uppfæra skilyrði, að stöðvar í rekstri séu reknar í samræmi við kröfur 3., 7., 9., 10., 13., 14. (fyrsta og annars undirliðar) og 15. gr. (2. mgr.) eigi síðar en átta árum eftir þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda, með fyrirvara um sérstaka löggjöf bandalagsins.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita ákvæðum 1., 2., 11., 12., 14. (þriðja undirliðar), 15. (1., 3. og 4. mgr.), 16. 17. og 18. (2. mgr.) gr. að því er varðar stöðvar í rekstri frá og með þeim degi sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda.

### 6. gr.

#### Umsóknir um leyfi

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í umsókn um leyfi sem er lögð fyrir lögbært yfirvald komi fram lýsing á:
  - stöðinni og starfseminni sem þar fer fram,
  - hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni,
  - hvar losun á sér stað frá stöðinni,
  - staðháttum við stöðina,
  - eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni hvort heldur er út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, svo og greinargerð um umtalsverð áhrif losunar á umhverfið,
  - þeirri tækni sem er valin og annarri tækni til að hindra eða, þar sem það er ekki hægt, draga úr losunum frá stöðinni,
  - ef nauðsyn krefur, ráðstöfunum til að koma í veg fyrir tilurð úrgangs eða varðandi endurnýtingu úrgangs frá stöðinni,
  - frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennum reglum um grundvallarskyldur rekstraraðila eins og kveðið er á um í 3. gr.,
  - ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að hafa eftirlit með losun út í umhverfið.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 336, 7. 12. 1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/656/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 59).

Í umsókn um leyfi skal einnig vera samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem getið er í framangreindum undirlitðum.

2. Svo fremi að upplýsingar sem eru veittar í samræmi við kröfur sem kveðið er á um í tilskipun 85/337/EBE, skýrsla um öryggi sem er tekin saman í samræmi við tilskipun ráðsins 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi <sup>(1)</sup>, eða aðrar upplýsingar sem eru lagðar fram í samræmi við önnur lög, uppfylli einhver skilyrða þessarar greinar er heimilt að setja þessar upplýsingar í umsóknina eða láta þær fylgja henni.

#### 7. gr.

##### Sambætt aðferð við útgáfu leyfa

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði í leyfum og veiting þeirra sé að fullu samræmd ef fleira en eitt lögbært yfirvald á í hlut, með það í huga að tryggja virka og sambætta aðferð allra yfirvalda sem eru lögbær við þessa málsmeðferð.

#### 8. gr.

##### Ákvarðanir

Með fyrirvara um aðrar kröfur sem mælt er fyrir um í innlendum lögum eða lögum bandalagsins skal lögbært yfirvald veita leyfi með skilyrðum sem tryggja að stöðin sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar eða að synjað sé um leyfi að öðrum kosti.

Í öllum leyfum, einnig breyttum leyfum, verða að koma fram upplýsingar um ráðstafanir til verndunar andrúmslofti, vatni og jarðvegi, eins og um getur í þessari tilskipun.

#### 9. gr.

##### Skilyrði leyfisins

1. Aðildarríkin skulu tryggja að leyfið feli í sér allar nauðsynlegar ráðstafanir til að kröfum 3. gr. og 10. gr. fyrir veitingu leyfis sé fullnægt, í því skyni að ná fram víðtækri vernd fyrir umhverfið í heild með því að vernda andrúmsloft, vatn og jarðveg.

2. Ef um er að ræða nýja stöð eða umtalsverðar breytingar þar sem 4. gr. tilskipunar 85/337/EBE gildir skal við leyfisveitingu taka tillit til þeirra upplýsinga sem máli skipta eða niðurstöðu sem fengist hefur samkvæmt 5., 6. og 7. gr. þeirrar tilskipunar.

3. Í leyfinu skal tilgreina viðmiðunarmörk fyrir losun mengunarefna, einkum þeirra sem er getið í III. viðauka, sem líklegt má telja að verði losuð frá viðkomandi stöð í umtalsverðu magni, með hliðsjón af eðli þeirra og því hversu líklegt er að þau berist á milli vatns, andrúmslofts og jarðvegs. Ef nauðsyn krefur

skal tífunda í leyfinu viðeigandi kröfur sem tryggja eiga verndun jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir er varða meðhöndlun úrgangsefna sem falla til hjá stöðinni. Þar sem við á má bæta jafngildum færíbreytum eða tæknilegum ráðstöfunum við viðmiðunarmörkin eða setja þær í þeirra stað.

Að því er varðar stöðvar sem falla undir lið 6.6. í I. viðauka skal hafa hliðsjón af hagnýtum þáttum er varða þessar tegundir stöðva þegar sett eru viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við þessa málsgrein.

4. Með fyrirvara um 10. gr., skulu viðmiðunarmörk fyrir losun, jafngildar færíbreytur og tæknilegar ráðstafanir í 3. mgr. grundvallaðar á fullkomnustu tækni sem völ er á, án þess þó að mælt sé fyrir um notkun tiltekinnar tækni eða tæknigreinar, og skal taka tillit til tæknilegra einkenna hlutaðeigandi stöðvar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisskilyrða á staðnum. Í öllum tilvikum skal setja í skilyrði fyrir leyfisveitingu ákvæði um lágmarkun víðfeðmrar mengunar eða mengunar yfir landamæri og víðtæka vernd fyrir umhverfið í heild.

5. Í leyfinu skulu tilgreindar viðeigandi kröfur um eftirlit með losun, þar sem tilgreindar eru mæliaðferðir og mælitíðni, matsaðferðir og kvöð um að láta lögbæru yfirvaldi í té gögn sem krafist er til þess að kanna hvort skilyrðum leyfisins sé fullnægt.

Að því er varðar stöðvar í lið 6.6. í I. viðauka, er heimilt að taka tillit til kostnaðar og ávinnings við mælingar sem um getur í þessari málsgrein.

6. Í leyfinu skulu tilgreindar ráðstafanir er lúta að öðrum skilyrðum en venjulegum rekstrarskilyrðum. Þannig ber að gera viðeigandi ráðstafanir vegna gangsetningar, leka, tímabundinnar stöðvunar og endanlegrar stöðvunar reksturs ef umhverfi stafar hætta af þessu.

Í leyfinu má einnig tilgreina tímabundnar undanþágur frá kröfum 4. mgr. ef tryggt er í áætlun um endurskipulagningu, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að farið verði að þessum kröfum innan sex mánaða og að hún leiði til minni mengunar.

7. Í leyfinu má tilgreina önnur sérstök skilyrði sem aðildarríkið eða lögbært yfirvald telja viðeigandi ef það samrýmist tilgangi þessarar tilskipunar.

8. Með fyrirvara um þá skuldbindingu að taka upp sérstaka málsmeðferð við leyfisveitingar samkvæmt þessari tilskipun er aðildarríkjunum heimilt að setja fram sérstakar kröfur, er varða tilteknar tegundir stöðva, í almennum bindandi reglum í stað þess að fella þær inn í skilyrði einstakra leyfa, að því tilskildu að tryggt sé að sambætt aðferð verði notuð og sama víðtæka verndin náist fyrir umhverfið í heild.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 230, 5. 8. 1982, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

**10. gr.****Fullkonnasta tækni sem völ er á og gæðastaðlar fyrir umhverfið**

Ef strangari skilyrði eru sett í gæðastaðli fyrir umhverfið en hægt er að uppfylla með fullkonnustu tækni sem völ er á skal því einkum fylgt eftir með því að krefjast viðbótarráðstafana í leyfinu, með fyrirvara um aðrar ráðstafanir sem kunna að vera gerðar til að uppfylla gæðastaðla fyrir umhverfið.

**11. gr.****Þróun á fullkonnustu tækni sem völ er á**

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbært yfirvald fylgist með eða fái upplýsingar um þróun á fullkonnustu tækni sem völ er á.

**12. gr.****Breytingar sem rekstraraðilar gera á stöðvum**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili veiti lögbærum yfirvöldum upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri stöðvar eins og um getur í a-lið 10. mgr. 2. gr. Lögbær yfirvöld skulu eftir atvikum uppfæra leyfið eða skilyrðin.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umtalsverðar breytingar sem rekstraraðili hefur ráðgert án leyfis, sem gefið er út í samræmi við þessa tilskipun, séu ekki gerðar á rekstri stöðvar í skilningi b-liðar 10. mgr. 2. gr. Umsókn um leyfi og ákvörðun lögbærs yfirvalds skulu taka til þeirra hluta stöðvarinnar, og þeirra þátta sem er getið í 6. gr., sem breytingin gæti haft áhrif á. Viðeigandi ákvæði 3. gr., 6. til 10. gr. og 1., 2. og 4. mgr. 15. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

**13. gr.****Endurskoðun og uppfærsla lögbærs yfirvalds á skilyrðum leyfis**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld endurskoði skilyrði leyfisins reglulega og uppfæri þau ef nauðsyn krefur.

2. Leyfi skal endurskoða hverju sem fram vindur ef:

- mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í leyfi eða setja ný viðmiðunarmörk,
- umtalsverðar breytingar á fullkonnustu tækni sem völ er á gera kleift að draga umtalsvert úr losunum án óhóflegs kostnaðar,
- öryggi við rekstur eða vinnslu krefst þess að önnur tækni sé notuð,

- ný ákvæði laga bandalagsins eða innlendra laga mæla fyrir um slíkt.

**14. gr.****Skilyrðum leyfisins fullnægt**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

- að rekstraraðili fullnægi skilyrðum leyfisins við rekstur stöðvarinnar,
- að rekstraraðili tilkynni lögbæru yfirvaldi reglulega um niðurstöður eftirlits með losun og án tafar um óhapp eða slys sem gæti haft umtalsverð áhrif á umhverfið,
- að rekstraraðilar stöðva aðstoði fulltrúa lögbærs yfirvalds eins og nauðsyn krefur við að skoða stöðina, taka sýni og safna upplýsingum sem eru þeim nauðsynlegar við skyldustörfin samkvæmt þessari tilskipun.

**15. gr.****Aðgangur að upplýsingum og þátttaka almennings í málsmeðferð við leyfisveitingar**

1. Með fyrirvara um tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál<sup>(1)</sup>, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að almenningur hafi aðgang að umsóknum um leyfi fyrir nýjum stöðvum eða umtalsverðum breytingum í hæfilegan tíma svo að hann eigi kost á að koma á framfæri athugasemdum við þær áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun.

Almenningur skal hafa aðgang að þeirri ákvörðun og síðari breytingum, að meðtöldu minnst einu afriti af leyfinu.

2. Almennur skal hafa aðgang að niðurstöðum úr því eftirliti með losun sem krafist er í skilyrðum leyfisins sem um getur í 9. gr. og er í umsjá lögbærs yfirvalds.

3. Framkvæmdastjórnin skal gefa út skrá yfir helstu tilvik losunar og upptakastaði mengunar á þriggja ára fresti á grundvelli gagna sem aðildarríkin láta í té. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr., snið fyrir sendingu gagnanna og hvaða gögn skal senda.

Í samræmi við sömu málsmeðferð er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja til að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að gögn er varða skráningu losunar sem um getur í fyrstu undirgrein séu sambærileg og komi til viðbótar gögnum úr öðrum skrá og gögnum um losun.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda með fyrirvara um takmarkanir sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/313/EBE.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 158, 23. 6. 1990, bls. 56.

**16. gr.****Upplýsingaskipti**

1. Með það að markmiði að skiptast á upplýsingum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að senda framkvæmdastjórninni, á þriggja ára fresti og í fyrsta sinn innan 18 mánaða frá deginum sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda, dæmigerð gögn um fyrirbyggjandi viðmiðunarmörk fyrir einstaka flokka atvinnustarfsemi í samræmi við I. viðauka og, þar sem við á, fullkomnustu tækni sem völ er á og þessi mörk byggjast á, einkum í samræmi við 9. gr. Síðari sendingum á þessum upplýsingum skulu fylgja viðbætur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og hlutaðeigandi atvinnugreina um fullkomnustu tækni sem völ er á, eftirlit henni tengt og þróun hennar. Framkvæmdastjórnin skal gefa út niðurstöður upplýsingaskiptanna á þriggja ára fresti.

3. Taka skal saman skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar og árangur af henni borið saman við aðra bandalagsgerninga á sviði umhverfismála í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE. Fyrsta skýrslan skal taka til fyrstu þriggja árana eftir þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda eins og um getur í 21. gr. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir ráðið ásamt tillögum ef nauðsyn krefur.

4. Aðildarríkin skulu skipa eða tilnefna yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á upplýsingaskiptunum samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og tilkynna það framkvæmdastjórninni.

**17. gr.****Áhrif yfir landamæri**

1. Komist aðildarríki að raun um að rekstur stöðvar geti haft umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi annars aðildarríkis, eða fari aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum, fram á það skal aðildarríkið þar sem umsókn um leyfi var lögð fram samkvæmt 4. gr. eða 2. mgr. 12. gr. senda upplýsingarnar sem veittar voru samkvæmt 6. gr. áfram til hins aðildarríkisins og veita ríkisborgurum sínum aðgang að þeim á sama tíma. Leggja skal slíkar upplýsingar til grundvallar í nauðsynlegum viðræðum sem eru liður í tvíhliða samskiptum aðildarríkjanna tveggja á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæmni og jafnræði.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, innan ramma tvíhliða samskipta, að almenningur í aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., hafi einnig aðgang að umsóknunum þannig að hann öðlist rétt til að koma á framfæri athugasemdum um þær áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun.

**18. gr.****Viðmiðunarmörk bandalagsins fyrir losun**

1. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar ákveður ráðið viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sáttmálanum:

- fyrir tegundir stöðva sem er getið í I. viðauka, að frátöldum urðunarstöðum sem falla undir liði 5.1 og 5.4 í þeim viðauka, og
- fyrir mengunarefni sem um getur í III. viðauka,

enda sé þörf á aðgerðum vegna þeirra af hálfu bandalagsins, einkum á grundvelli upplýsingaskiptanna sem kveðið er á um í 16. gr.

2. Viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem er að finna í tilskipunum sem um getur í II. viðauka og annarri löggjöf bandalagsins skulu gilda sem lágmarksviðmiðunarmörk fyrir losun samkvæmt þessari tilskipun fyrir stöðvar sem er getið í I. viðauka þar til bandalagið setur viðmiðunarmörk fyrir losun samkvæmt þessari tilskipun.

Með fyrirvara um kröfur þessarar tilskipunar skal ráðið fastsetja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, tæknilegar kröfur sem skulu gilda um urðunarstaði í liðum 5.1 og 5.4 í I. viðauka.

**19. gr.****Nefndarmeðferð sem um getur í 3. mgr. 15. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir.

**20. gr.****Bráðabirgðaákvæði**

1. Ákvæði tilskipunar 84/360/EBE, 3., 5., 6. (3. mgr.) og 7. (2. mgr.) gr. tilskipunar 76/464/EBE og viðeigandi ákvæði um leyfisveitingar í þeim tilskipunum sem er getið í II. viðauka skulu gilda um stöðvar í rekstri, með fyrirvara um undanþágur sem kveðið er á um í tilskipun 88/609/EBE, að því er varðar starfsemi sem er getið í I. viðauka þar til lögbær yfirvöld hafa gert þær ráðstafanir sem krafist er samkvæmt 5. gr. þessarar tilskipunar.

2. Viðeigandi ákvæði um fyrirkomulag við leyfisveitingar í þeim tilskipunum sem um getur í 1. mgr. skulu ekki gilda um stöðvar sem eru nýkomnar í rekstur, sem er getið í I. viðauka, þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda.

3. Tilskipun 84/360/EBE falli úr gildi 11 árum frá gildistöku þessarar tilskipunar.

Strax og gerðar hafa verið ráðstafanir sem kveðið er á um í 4., 5. eða 12. gr. að því er varðar tiltekna stöð fellur undanþágan, sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 76/464/EBE, úr gildi fyrir stöðvar sem þessi tilskipun tekur til.

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið, ef nauðsyn krefur, breyta viðeigandi ákvæðum þeirra tilskipana sem um getur í

II. viðauka í því skyni að aðlaga þær kröfum þessarar tilskipunar fyrir þann dag sem tilskipun 84/360/EBE fellur úr gildi eins og um getur í fyrstu undirgrein.

**21. gr.****Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan þriggja ára frá gildistöku hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**22. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**23. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. september 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**E. FITZGERALD**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### FLOKKUN STARFSEMI SEM UM GETUR Í 1. GR.

1. Stöðvar, eða hlutar þeirra, sem eru notaðar fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum falla ekki undir þessa tilskipun.
2. Markgildin hér á eftir eiga almennt við um vinnslugetu eða vinnsluafköst. Ef sami aðili rekur margs konar starfsemi, sem fellur undir sama lið, í sömu stöð eða á sama stað er vinnslugeta þessara tegunda starfsemi lögð saman.

#### 1. Orkuiðnaður

- 1.1. Brennslustöðvar með meiri nafnhitaafköst en 50 MW <sup>(1)</sup>.
- 1.2. Jarðolíu- og gashreinsunarstöðvar.
- 1.3. Koksverksmiðjur.
- 1.4. Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram.

#### 2. Framleiðsla og vinnsla málma

- 2.1. Stöðvar þar sem málmgrýti (að meðtöldu brennisteinsgrýti) er hreinsað með bruna og glæðingu.
- 2.2. Stöðvar þar sem hrájárn eða stál er framleitt (fyrsta eða önnur bræðsla), með tilheyrandi strengjamótun, og sem hafa meiri vinnslugetu en 2,5 tonn á klukkustund.
- 2.3. Stöðvar þar sem málmur sem inniheldur járn er unninn:
  - a) með heitvölsunarvélum sem hafa meiri vinnslugetu en 20 tonn á klukkustund af hrástáli,
  - b) í smiðjum þar sem slagkraftur hvers hamars er meiri en 50 kílójúl við meira en 20 MW varmamyndun,
  - c) með því að gert er hlífðarlag úr bræddum málm og sem hafa meiri vinnslugetu en 2 tonn af hrástáli á klukkustund.
- 2.4. Járn málmsteypur sem geta framleitt meira en 20 tonn á dag.
- 2.5. Stöðvar
  - a) þar sem framleiðsla hrámálms, sem inniheldur ekki járn, úr grýti, kirni eða endurframleitt hráefni, fer fram með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,
  - b) þar sem bræðsla og málmblanda málma sem inniheldur ekki járn, einnig endurnýtttra framleiðsluvara (hreinsun/endurbætur, steypumótun o.s.frv.) fer fram og sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonn af öllum öðrum tegundum málma á dag.
- 2.6. Stöðvar þar sem málmar og plastefni fá yfirborðsmeðferð með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum og rúmmál kera er meira en 30 m<sup>3</sup>.

<sup>(1)</sup> Þær kröfur í tilskipun 88/609/EBE sem máli skipta fyrir stöðvar í rekstri skulu gilda til 31. desember 2003.



### 3. Jarðefnaiðnaður

- 3.1. Stöðvar þar sem framleiðsla sementsgjalls fer fram í hverfiofnum sem geta framleitt meira en 500 tonn á dag eða kalk í hverfiofnum sem geta framleitt meira en 50 tonn á dag eða í öðrum ofnum sem geta framleitt meira en 50 tonn á dag.
- 3.2. Stöðvar þar sem vinnsla asbests og framleiðsla vara sem innihalda asbest fer fram.
- 3.3. Stöðvar þar sem framleiðsla glers, einnig glertrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.
- 3.4. Stöðvar þar sem bræðsla jarðefna, einnig steinullartrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag.
- 3.5. Stöðvar þar sem framleiðsla leirvara fer fram með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns, sem geta framleitt meira en 75 tonn á dag og/eða rúmtak ofns er meira en 4 m<sup>3</sup> og setþéttleiki hans er meiri en 300 kg/m<sup>3</sup>.

### 4. Efnaiðnaður

Með framleiðslu í þeirri starfsemi sem fellur undir þennan þátt er átt við mikla framleiðslu með efnafræðilegri vinnslu efna eða flokka efna sem er getið í liðum 4.1 til 4.6.

#### 4.1. Efnaverksmiðjur sem framleiða lífræn grunnefni, svo sem:

- a) einföld vetniskolefni (línuleg eða hringlaga, mettuð eða ómettuð, alífatísk eða arómatísk),
- b) vetniskolefni með súrefni, svo sem alkóhól, aldehyð, ketón, karboxýlsýrur, estera, asetöt, etera, peroxíð, epoxýresín,
- c) brennisteinsvetniskolefni,
- d) köfnunarefnisvetniskolefni, svo sem amín, amíð, nítursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt, ísósýanöt,
- e) vetniskolefni með fosfór,
- f) halógenvetniskolefni,
- g) lífræn málmsambönd,
- h) plastefni (fjöllíður, gervitrefjar og trefjar úr sellúlósaafleiðum),
- i) gervigúmmí,
- j) litarefni og dreifuliti,
- k) yfirborðsvirk efni.

#### 4.2. Efnaverksmiðjur sem framleiða ólífræn grunnefni, svo sem:

- a) gös, svo sem ammóníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
- b) sýrur, svo sem krómsýru, flúorsýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, óleum, brennisteinstvísyrling,

- c) basa, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
  - d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
  - e) málmleysingja, málmoxíð eða önnur ólfræn sambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísil, kísilkarbíð.
- 4.3. Efnaverksmiðjur sem framleiða áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur).
- 4.4. Efnaverksmiðjur sem framleiða grunnvörur fyrir plöntuheilbrigði og lífeyða.
- 4.5. Stöðvar þar sem notaðar eru efnafræðilegar og líffræðilegar aðferðir við framleiðslu grunnlyfjávара.
- 4.6. Efnaverksmiðjur sem framleiða sprengiefni.

## 5. Eftirlit með úrgangsefnum

Með fyrirvara um 11. gr. tilskipunar 75/442/EBE eða 3. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang <sup>(1)</sup>:

- 5.1. Stöðvar fyrir förgun eða endurnýtingu hættulegs úrgangs samkvæmt skilgreiningu í skrá sem um getur í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE, samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka A og B (aðgerðir R1, R5, R6, R8 og R9) við tilskipun 75/442/EBE og í tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs <sup>(2)</sup>, sem geta afkastað meira en 10 tonnum á dag;
- 5.2. Stöðvar fyrir sorpbrennslu samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 89/369/EBE frá 8. júní 1989 um varnir gegn loftmengun frá nýjum sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga <sup>(3)</sup> og tilskipun ráðsins 89/429/EBE frá 21. júní 1989 um varnir gegn loftmengun frá starfandi sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga <sup>(4)</sup> sem geta afkastað meira en 3 tonnum á klukkustund;
- 5.3. Stöðvar fyrir förgun hættulauss samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE í liðum D8 og D9, sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag;
- 5.4. Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða sem geta afkastað meira í heild en 25 000 tonnum af óvirkum úrgangi.

## 6. Önnur starfsemi

- 6.1. Iðjuver sem framleiða:
- a) deig úr viði eða önnur trefjaefni,
  - b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 20 tonn á dag.
- 6.2. Stöðvar þar sem fram fer formedferð (aðgerðir eins og þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna og hafa meiri vinnslugetu en 10 tonn á dag.
- 6.3. Stöðvar þar sem fram fer sítun á húðum og skinum og hafa meiri vinnslugetu en 12 tonn af fullunninni vöru á dag.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjttíð. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28).

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EB (Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 163, 14. 6. 1989, bls. 32.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 203, 15. 7. 1989, bls. 50.

- 6.4.a) Sláturhús sem geta framleitt meira en 50 tonn af skrokkum á dag.
- b) Meðferð og vinnsla fyrir matvælaframleiðslu úr:
- hráefnum af dýrum (öðrum en mjólk) þar sem hægt er að framleiða meira en 75 tonn af fullunninni vöru á dag,
  - hráefnum af jurtum þar sem hægt er að framleiða meira en 300 tonn af fullunninni vöru á dag (meðaltal á hverjum ársfjórðungi).
- c) Meðferð og vinnsla mjólkur, tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).
- 6.5. Stöðvar þar sem förgun eða endurvinnsla skrokka og úrgangs af dýrum fer fram og afkastageta er meiri en 10 tonn á dag.
- 6.6. Stöðvar þar sem þaueldi alifugla eða svína fram fer með fleiri en:
- a) 40 000 stæði fyrir alifugla,
  - b) 2 000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða
  - c) 750 stæði fyrir gyltur.
- 6.7. Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysiefnum, einkum pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþétting, meðhöndlun eða þakning með límvatni, málun, hreinsun eða gegndreypping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.
- 6.8. Stöðvar þar sem fram fer framleiðsla kolefna (fullbrenndra kola) eða rafgrafíts með brennslu eða umbreytingu í grafít.

## II. VIÐAUKI

### SKRÁ YFIR TILSKIPANIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 18. GR. OG 20. GR.

1. Tilskipun 87/217/EBE um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu
2. Tilskipun 82/176/EBE um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkálí-klóríða
3. Tilskipun 83/513/EBE um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum
4. Tilskipun 84/156/EBE um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkálí-klóríða
5. Tilskipun 84/491/EBE um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórýklóhexani
6. Tilskipun 86/280/EBE um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem uppu eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE, síðar breytt með tilskipunum 88/347/EBE og 90/415/EBE um breytingu á II. viðauka við tilskipun 86/280/EBE
7. Tilskipun 89/369/EBE um varnir gegn loftmengun frá nýjum sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga
8. Tilskipun 89/429/EBE um varnir gegn loftmengun frá starfandi sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga
9. Tilskipun 94/67/EB um brennslu hættulegs úrgangs
10. Tilskipun 92/112/EBE um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði
11. Tilskipun 88/609/EBE um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/66/EB
12. Tilskipun 76/464/EBE um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu
13. Tilskipun 75/442/EBE um úrgang, eins og henni var breytt með tilskipun 91/156/EBE
14. Tilskipun 75/439/EBE um förgun olíuúrgangs
15. Tilskipun 91/689/EBE um hættulegan úrgang

### III. VIÐAUKI

#### VIÐMIÐUNARSKRÁ YFIR HELSTU MENGUNAREFNI SEM TAKA BER TILLIT TIL EF ÞAU VARÐA ÁKVÖRDUN UM VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR LOSUN

##### LOFT

1. Brennisteinsdíoxíð og önnur brennisteinssambönd.
2. Köfnunarefnisoxíð og önnur köfnunarefnissambönd.
3. Kolmónoxíð.
4. Rokgjörn lífræn sambönd.
5. Málmar og sambönd þeirra.
6. Ryk.
7. Asbest (svifagnir, trefjar).
8. Klór og sambönd þess.
9. Flúor og sambönd þess.
10. Arsen og sambönd þess.
11. Sýaníð.
12. Efni og blöndur sem sannað hefur verið að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytivaldandi eiginleika, eða eiginleika sem gætu haft áhrif á æxlun, fyrir milligöngu andrúmslofts.
13. Fjöklóruð díbensódíoxín og fjöklóruð díbensófúrön.

##### VATN

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík sambönd í vatni.
2. Lífræn fosfórsambönd.
3. Lífræn tinsambönd.
4. Efni og blöndur sem sannað hefur verið að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytivaldandi eiginleika, eða eiginleika sem gætu haft áhrif á æxlun, í vatni eða fyrir milligöngu þess.
5. Þrávirk vetniskolefni og þrávirk lífræn eiturefni sem safnast fyrir í lífverum.
6. Sýaníð.
7. Málmar og sambönd þeirra.
8. Arsen og sambönd þeirra.
9. Lífeyðar og efni fyrir plöntuheilbrigði.
10. Efni í sviflausn.
11. Efni sem stuðla að næringarefnaaugðun (einkum nítröt og fosföt).
12. Efni sem hafa óheppileg áhrif á súrefnisjafnvægi (og hægt er að mæla með því að nota færíbreytur svo sem BOD, COD o.s.frv.).

#### IV. VIÐAUKI

Þættir sem taka ber tillit til, almennt eða í sérstökum tilvikum, þegar tekin er ákvörðun um fullkornustu tækni sem völ er á samkvæmt skilgreiningu í 11. mgr. 2. gr., með hliðsjón af líklegum kostnaði og ávinningi af tiltekinni ráðstöfun og meginreglunum um forvarnir og varnir:

1. notkun tækni sem veldur litlum úrgangi;
2. notkun hættuminni efna;
3. endurnýting og endurvinnsla efna, sem verða til og eru notuð við vinnslu og úrgangs, eftir því sem við á;
4. sambærileg vinnsla, aðbúnaður eða starfsaðferðir sem reyndar hafa verið í miklum mæli með góðum árangri;
5. tæknilegar framfarir og breytingar á vísindalegri þekkingu og skilningi;
6. eðli, áhrif og magn viðkomandi losunar;
7. fyrsti rekstrardagur nýrra stöðva eða stöðva í rekstri;
8. nauðsynlegur tími til að innleiða fullkornustu tækni sem völ er á;
9. notkun og eðli hráefna (að meðtöldu vatni) sem eru notuð við vinnslu og orkunýtni þeirra;
10. nauðsyn þess að hindra eða draga eins og frekast er kostur úr heildaráhrifum losunar á umhverfið og umhverfisáhættu;
11. nauðsyn þess að koma í veg fyrir slysa og draga eins og frekast er kostur úr afleiðingum slysa fyrir umhverfið;
12. upplýsingar sem framkvæmdastjórnin eða alþjóðastofnanir birta samkvæmt 2. mgr. 16. gr.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/08**

**nr. 28/97**  
**frá 30. apríl 1997**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/97 frá 24. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bifenylna og fjöklóraðra terfenylna (PCB/PCT)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað 22. liðar (tilskipun ráðsins 76/403/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„22. **396 L 0059:** Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bifenylna og fjöklóraðra terfenylna (PCB/PCT) (Stjtið. EB nr. L 243, 24. 9. 1996, bls. 31).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/59/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 243, 24. 9. 1996, bls. 31.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/59/EB

frá 16. september 1996

### um förgun fjöklóraðra bifenylna og fjöklóraðra terfenýlna (PCB/PCT)(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun ráðsins 76/403/EBE frá 6. apríl 1976 um förgun pólýklór-bifenylna (PCB) og pólýklór-terfenýlna (PCT) <sup>(4)</sup> var komið á samræmingu laga aðildarríkjanna á þessu sviði. Þessar reglur hafa ekki reynst fullnægjandi. Vegna tækniframfara er nú mögulegt að bæta skilyrði við förgun PCB-efna. Því er rétt að ný tilskipun komi í stað fyrrnefndrar tilskipunar.
- 2) Í tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnar skaðlegra efna og efnablandna <sup>(5)</sup> er undirstrikuð þörfin á að endurmeta reglulega vandamálið í heild með það fyrir augum að ná smátt og smátt fram algeru banni við PCB og PCT.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 243, 24. 9. 1996, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 319, 12. 12. 1988, bls. 57 og Stjttíð. EB nr. C 299, 20. 11. 1991, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 139, 5. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. maí 1990 (Stjttíð. EB nr. C 149, 18. 6. 1990, bls. 150) og 12. desember 1990 (Stjttíð. EB nr. C 19, 28. 1. 1991, bls. 83). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. nóvember 1995 (Stjttíð. EB nr. C 87, 25. 3. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjttíð. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 76).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 108, 26. 4. 1976, bls. 41.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/60/EB (Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1).

- 3) Örugg förgun úrgangs sem hvorki er hægt að endurvinna né endurnota er eitt af markmiðum ályktunar ráðsins frá 7. maí 1990 um meðhöndlun úrgangs <sup>(6)</sup>, sem er staðfest í fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar, en ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, samþykktu stefnumið hennar og almennt skipulag í ályktun sinni frá 1. febrúar 1993 <sup>(7)</sup>.

- 4) Í samræmi við tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang <sup>(8)</sup> þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að forðast að úrgangur sé skilinn eftir, honum sturtað eða fargað án eftirlits, svo og að notaðar séu aðferðir sem geta skaðað umhverfið.

- 5) Sökum þeirrar hættu sem umhverfinu og heilsu manna stafar af PCB-efnum þarf að kveða á um almennar skuldbindingar varðandi förgun PCB undir eftirliti og afmengun eða förgun búnaðar.

- 6) Slíkar ráðstafanir þarf að gera sem fyrst, með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkjanna, einkum þær sem kveðið er á um í ákvörðun PARCOM 92/3 <sup>(9)</sup>. PCB-efnum, sem eru á skrá, verður að farga í síðasta lagi fyrir lok ársins 2010.

- 7) Förgun PCB-efna er tímabundið aðlögunarvandamál og sum aðildarríki sem ráða ekki yfir aðstöðu til förgunar PCB-efna standa frammi fyrir óleysanlegum vanda. Rétt er að túlka nándarregluna á sveigjanlegan hátt til að gera evrópska samstöðu á þessu sviði mögulega. Þar að auki er rétt að koma upp innan bandalagsins búnaði til förgunar, afmengunar og geymslu PCB-efna.

- 8) Í tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs <sup>(10)</sup> er mælt fyrir um að hámarks magn PCB eða PCT í enduruninni olíu eða olíu sem er notuð sem eldsneyti skuli vera 50 ppm.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. C 122, 18. 5. 1990, bls. 2.

<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/3/EB (Stjttíð. EB nr. L 5, 7. 1. 1994, bls. 15).

<sup>(9)</sup> Ráðherrafundur Óslóar- og Parísarnefndarinnar frá 21. og 22. september 1992.

<sup>(10)</sup> Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).



- 9) Með tilskipun ráðsins 91/339/EBE frá 18. júní 1991 um 11. breytingu á tilskipun 76/769/EBE <sup>(1)</sup> er bönnuð eða takmörkuð markaðssetning tiltekinna staðgönguefna fyrir PCB. Því ber einnig að farga þeim algerlega.
- 10) Nauðsynlegt er að vita hversu mikið magn PCB-efna er til svo að unnt sé að laga förgunargetuna að þörfum. Því þarf að merkja búnað sem inniheldur PCB-efni og taka saman skrár um slíkan búnað. Þessar skrár þarf að uppfæra reglulega.
- 11) Rétt er að nota einfaldaða skrá í ljósi þess kostnaðar og þeirra tæknilegu örðugleika sem skrá yfir lítilliga PCB-mengaðan búnað hefði í för með sér. Að auki er rétt að kveða á um að lítilliga PCB-menguðum búnaði skuli fargað þegar hann er hættur að koma að gagni, með það í huga að umhverfinu stafar lítil hættu af honum.
- 12) Markaðssetning PCB-efna er bönnuð og því er rétt að banna að PCB-efni séu skilin frá öðrum eignum með endurnotkun í huga og að PCB-efni séu notuð til að fylla á spennubreyta. Af öryggisástæðum má þó leyfa viðhald á spennubreytum til að varðveita torleiðeiginleika PCB-efnanna sem í þeim eru.
- 13) Fyrirtæki sem sjá um förgun og/eða afmengun PCB-efna skulu fá til þess leyfi.
- 14) Tilgreina þarf þær aðstæður sem afmenga skal búnað við og búnaðinn ber að merkja sérstaklega.
- 15) Framkvæmdastjórninni ber að skila þeirri tæknilegu vinnu sem nauðsynleg er fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar í samræmi við nefndar meðferðina sem um getur í 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.
- 16) Förgunar- og afmengunarstöðvar fyrir PCB-efni eru fáar og geta þeirra takmörkuð og því þarf að skipuleggja vel förgun og/eða afmengun þeirra PCB-efna sem búið er að skrá. Enn fremur þarf að gera drög að áætlun um söfnun og förgun búnaðar sem ekki er búið að skrá. Þessi áætlun má ef nauðsyn krefur byggja á ríkjandi fyrirkomulagi varðandi almennan úrgang og þarf ekki að ná til mjög lítils magns PCB-efna sem í reynd er ógreinanlegt.

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að samræma lög aðildarríkjanna um förgun PCB-efna undir eftirliti, afmengun eða förgun búnaðar sem inniheldur PCB-efni og/eða förgun notaðra PCB-efna til að eyða þeim algerlega á grundvelli ákvæða þessarar tilskipunar.

#### 2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „PCB-efni“:
  - fjöklóruð bifenyíl,
  - fjöklóruð terfenyíl,
  - mónómetýltetraklóródífenyímetan, mónómetýldíklóródífenyímetan, mónómetýldíbrómódífenyímetan,
  - efnablöndur sem samanlagt innihalda meira en 0,005% af einhverjum ofantalinnu efna miðað við þyngd;
- b) „búnaður sem inniheldur PCB-efni“: búnaður sem í eru eða í hafa verið PCB-efni (t.d. spennubreytar, þéttar, ílát sem í eru afgangar) sem ekki hefur verið afmengaður. Búnað, sem er þeirrar gerðar að hann kann að innihalda PCB-efni, skal meðhöndla eins og hann innihaldi PCB-efni, nema ástæða sé til að ætla að svo sé ekki;
- c) „notuð PCB-efni“: PCB-efni sem teljast úrgangur í skilningi tilskipunar 75/442/EBE;
- d) „handhafi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur í vörslu sinni PCB-efni, notuð PCB-efni og/eða búnað sem inniheldur PCB-efni;
- e) „afmengun“: allar aðgerðir sem gera kleift að endurnota, endurvinna eða farga við öruggar aðstæður búnaði, hlutum, eignum eða vökvum sem eru menguð af PCB-efnum, þar með talið allar aðgerðir þar sem aðrir nothæfir vökvar koma í stað þeirra sem innihalda PCB-efni;
- f) „förgun“: aðgerðir D 8, D 9, D 10, D 12 (aðeins í öruggum geymslum sem grafnar eru djúpt í þurr berglög og aðeins fyrir búnað sem inniheldur PCB-efni og PCB-efni sem ekki er unnt að afmenga) og D 15 sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE.

#### 3. gr.

Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkjanna ber þeim að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að notuðum PCB-efnum verði fargað og að PCB-efni og búnaður sem inniheldur PCB-efni verði afmengaður eða honum fargað eins fljótt og auðið er. Að því er varðar þann búnað sem skal skráður samkvæmt 1. mgr. 4. gr., og PCB-efnin sem í honum eru, skal afmengun og/eða förgun fara fram í síðasta lagi fyrir lok ársins 2010.

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB nr. L 186, 12. 7. 1991, bls. 64.

**4. gr.**

1. Til að fara að 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að teknar séu saman skrár yfir búnað sem inniheldur PCB-efni í meira magni en 5 dm<sup>3</sup> og senda framkvæmdastjórninni yfirlit yfir þessar skrár eigi síðar en þremur árum eftir að tilskipun þessi er samþykkt. Hvað snertir aflþétta ber að skilja 5 dm<sup>3</sup>-mörkin svo að þau eigi við alla aðskilda hluta samtengdrar einingar.

2. Búnað með vökva sem ástæða er til að ætla að innihaldi PCB-efni svo nemi milli 0,05% og 0,005% miðað við þyngd má færa á skrá án upplýsinganna sem krafist er samkvæmt þriðja og fjórða undirlið 3. mgr. og hann má merkja „PCB-mengað < 0,05%“. Hann skal afmenga eða honum fargað í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

3. Í skránni skal eftirfarandi koma fram:

- nafn og heimilisfang handhafa,
- staðsetning búnaðarins og lýsing á honum,
- magn PCB-efna í búnaðinum,
- dagsetning og tegund þeirrar meðhöndlunar eða útskiptingar með öðru efni sem átt hefur sér stað eða er áætluð,
- dagsetning yfirlýsingarinnar.

Ef aðildarríki hefur þegar tekið saman svipaða skrá er ekki krafist nýrrar. Skrárnar skulu uppfærðar reglulega.

4. Til að fara að 1. mgr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að handhafar slíks búnaðar gefi lögbærum yfirvöldum upp það magn sem þeir hafa í vörslu sinni og tilkynni þeim breytingar sem á því kunna að verða.

5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að búnaður sem ber að færa á skrá samkvæmt 1. mgr. sé merktur. Svipað merki ber einnig að festa á dyr húsnæðis þar sem slíkur búnaður er geymdur.

6. Fyrirtæki, sem farga PCB-efnum, skulu halda skrár yfir magn, uppruna, tegund og PCB-innihald notaðra PCB-efna sem þau taka við. Þau skulu koma þessum upplýsingum til lögbærra yfirvalda. Staðaryfirvöld og almenningur eiga að geta gengið að þessum skrá. Fyrirtæki gefa einnig handhöfum sem afhenda þeim notuð PCB-efni móttökuvittanir þar sem tegund og magn umræddra efna er tilgreint.

7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með magninu sem þeim er tilkynnt.

**5. gr.**

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. tilskipunar 75/442/EBE ber aðildarríkjunum að banna að PCB-efni séu skilin frá öðrum efnum með það í huga að endurnota PCB-efnin.

2. Aðildarríkjunum ber að banna að PCB-efni séu notuð til að fylla á spennubreyta.

3. Þar til spennubreytar sem innihalda PCB-efni hafa verið afmengaðir, teknir úr notkun og/eða þeim fargað í samræmi við þessa tilskipun, má því aðeins halda þeim við að það sé gert til að tryggja að PCB-efnin í þeim samrýmist tæknistöðlum eða forskriftum varðandi torleiðieiginleika og að því gefnu að spennubreytarnir séu í vel nothæfu ástandi og leki ekki.

**6. gr.**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að notuðum PCB-efnum og búnaði sem inniheldur PCB-efni, sem skal skrá samkvæmt 1. mgr. 4. gr., sé komið í hendur fyrirtækja með leyfi samkvæmt 8. gr. eins fljótt og auðið er.

2. Áður en fyrirtæki með leyfi tekur við PCB-efnum, notuðum PCB-efnum og/eða búnaði sem inniheldur PCB-efni ber að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að forðast eldhættu. Í þessu augnamiði ber að halda þeim fjarri öllum eldfimum efnum.

3. Verði því við komið skal fjarlægja búnað, sem inniheldur PCB-efni en sem þarf ekki að færa á skrá samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og er hluti af öðrum búnaði, og safna sérstaklega saman þegar síðarnefndi búnaðurinn er tekinn úr notkun, enduruninn eða honum fargað.

**7. gr.**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna að PCB-efnum og/eða notuðum PCB-efnum sé brennt á skipum.

**8. gr.**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll fyrirtæki sem annast afmengun og/eða förgun PCB-efna, notaðra PCB-efna og/eða búnaðar sem inniheldur PCB-efni hafi leyfi samkvæmt 9. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

2. Fari förgun fram með brennslu gildir tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs<sup>(1)</sup>. Leyfa má aðrar aðferðir við förgun PCB-efna, notaðra PCB-efna og/eða búnaðar sem inniheldur PCB-efni, að því tilskildu að þær uppfylli jafngilda öryggisstaðla um umhverfismál - samanborið við brennslu - og þær tæknilegu kröfur sem teljast besta tækni sem völ er á.

(<sup>1</sup>) Stjttf. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34.

3. Aðildarríkin skulu, ef með þarf, gera nauðsynlegar ráðstafanir hvert fyrir sig eða sameiginlega til að þróa stöðvar til förgunar, afmengunar og öruggrar geymslu PCB-efna, notaðra PCB-efna og/eða búnaðar sem inniheldur PCB-efni, að teknu tilliti til ii-liðar í a-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93/EBE <sup>(1)</sup> og 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

#### 9. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að afmengun spennubreyta, sem innihalda meira af PCB-efnum en sem nemur 0,05% miðað við þyngd, fari fram við eftirfarandi aðstæður:

- markmið afmengunarinnar skal vera að minnka PCB-magnið í 0,05% miðað við þyngd og ef mögulegt er niður í mest 0,005% miðað við þyngd;
- staðgönguvökvin sem inniheldur ekki PCB-efni verður að vera mun hættuminni;
- það að skipt er um vökva má ekki draga úr möguleikum á að farga PCB-efnunum síðar;
- eftir að spennubreytirinn hefur verið afmengaður ber að láta merkinguna í viðbætinum við þessa tilskipun koma í stað merkingarinnar sem fyrir er.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. ber aðildarríkjunum að tryggja að spennubreytar með vökvum, sem innihalda PCB-efni svo nemur milli 0,05% og 0,005% miðað við þyngd, séu annaðhvort afmengaðir við aðstæðurnar sem mælt er fyrir um í b- til d-lið í 1. mgr. eða þeim fargað þegar líftíma þeirra lýkur.

#### 10. gr.

Framkvæmdastjórnin, sem breytir í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE:

- ákveður tilvísunarmæliaðferðir til að ákvarða PCB-innihald mengaðra efna. Mælingar sem hafa farið fram áður en tilvísunaraðferðirnar eru ákveðnar halda gildi sínu;
- má ákveða tæknistaðla um aðrar aðferðir við förgun PCB-efna sem um getur í öðrum málslíð 2. mgr. 8. gr.;
- gerir aðgengilegan lista yfir framleiðsluheimi þetta, viðnámstækja og spanspóla sem innihalda PCB-efni;
- ákvarðar ef með þarf önnur hættuminni efni sem nota má í stað PCB-efna, aðeins hvað varðar b- og c-lið í 1. mgr. 9. gr.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 30, 6. 2. 1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB (Stjttíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 36).

#### 11. gr.

1. Aðildarríkin skulu innan þriggja ára frá samþykkt þessarar tilskipunar semja:

- áætlanir um afmengun og/eða förgun búnaðar sem færður hefur verið á skrá og PCB-efnanna sem í honum er;
- drög að áætlunum um söfnun og förgun búnaðar sem ekki þarf að færa á skrá samkvæmt 1. mgr. 4. gr., eins og um getur í 3. mgr. 6. gr.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar áætlanir og drög.

#### 12. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 18 mánuðum eftir að hún er samþykkt. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða gefin út opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði í landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þau.

#### 13. gr.

1. Tilskipun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt og tilskipun 76/403/EBE fellur úr gildi þann sama dag.

2. Frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. ber að líta á

- tilvísunina í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 87/101/EBE <sup>(2)</sup> til „PCB- og PCT-efna í skilningi tilskipunar 76/403/EBE“ sem tilvísun til PCB-efna í skilningi þessarar tilskipunar;
- tilvísunina í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 87/101/EBE til tilskipunar 76/403/EBE sem tilvísun í þessa tilskipun;
- tilvísunina í j-lið 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 til 6. gr. tilskipunar 76/403/EBE sem tilvísun til 8. gr. þessarar tilskipunar.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 42, 12. 2. 1987, bls. 43.

**14. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. september 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

***I. YATES***

forseti.

## VIÐBÆTUR

**Merking afmengaðs búnaðar sem inniheldur PCB-efni**

Merkja ber hvern hluta afmengaðs búnaðar með óafmáanlegu og upphleyptu eða greyptu merki þar sem eftirfarandi upplýsingar verða að koma fram á máli landsins þar sem búnaðurinn er notaður:

**AFMENGAÐUR PCB-BÚNAÐUR**

Í stað vökvans sem í voru PCB-efni

- var sett ..... (heiti staðgönguefnisins)
- hinn ..... (dagsetning)
- af ..... (fyrirtæki)

Styrkur PCB-efna

- í gamla vökvnum: ..... % miðað við þyngd
- í nýja vökvnum: ..... % miðað við þyngd

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/09**

**nr. 29/97**  
**frá 12. júní 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB frá 8. júní 1995 um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun<sup>(3)</sup> skulu felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 4. lið (tilskipun ráðsins 86/663/EBE) í III. kafla II. viðauka við samninginn:

„5. **395 L 0016:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur (Stjttíð. EB nr. L 213, 7. 9. 1995, bls. 1).”

2. Eftirfarandi fyrirsögn og liður komi aftan við 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB):

„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF:

Samningsaðilarnir taki mið ef efni eftirfarandi gerða:

6. **395 X 0216:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB frá 8. júní 1995 um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun (Stjttíð. EB nr. L 137, 20. 6. 1995, bls. 37).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB og tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 213, 7. 9. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 137, 20. 6. 1995, bls. 37.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 95/16/EB

frá 29. júní 1995

### um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur(\*)

#### EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 17. maí 1995,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðildarríkin bera ábyrgð á öryggi og heilsu fólks á yfirráðasvæði sínu.

Í 65. og 68. mgr. hvítbókarinnar um tilkomu innri markaðarins, sem leiðtogaráðið samþykkti í júní 1985, er kveðið á um nýja aðferð við samræmingu laga.

Tilskipun ráðsins 84/529/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafknúnar, vökvaknúnar eða raf- og vökvaknúnar lyftur (4) tryggir ekki frjálsa dreifingu á öllum tegundum lyftna. Ósamræmi milli bindandi ákvæða í innlendum lögum um gerðir lyftna sem falla ekki undir tilskipun 84/529/EBE leiðir til viðskiptahindrana í bandalaginu. Af þeim sökum ber að samhfæfa innlendar reglur um lyftur.

Tilskipun ráðsins 84/528/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað (5) er rammtilskipun fyrir tvær sértilskipanir, tilskipun 84/529/EBE og tilskipun ráðsins

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttf. EB nr. L 213, 7. 9. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottum) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttf. EB nr. C 62, 11. 3. 1992, bls. 4 og Stjttf. EB nr. C 180, 2. 7. 1993, bls. 11.

(2) Stjttf. EB nr. C 287, 4. 11. 1992, bls. 2.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 29. október 1992 (Stjttf. EB nr. C 305, 23. 11. 1992, bls. 114), sameiginleg afstaða ráðsins frá 16. júní 1994 (Stjttf. EB nr. C 232, 20. 8. 1994, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 28. september 1994 (Stjttf. EB nr. C 305, 31. 10. 1994, bls. 48).

(4) Stjttf. EB nr. L 300, 19. 11. 1984, bls. 86. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/486/EBE (Stjttf. EB nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 21).

(5) Stjttf. EB nr. L 300, 19. 11. 1984, bls. 72. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 88/665/EBE (Stjttf. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 42).

86/663/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjálfknúna lyftara og dráttartæki (6) sem var felld úr gildi með tilskipun ráðsins 91/368/EBE frá 20. júní 1991 um breytingu á tilskipun 89/392/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar (7).

Hinn 8. júní 1995 beindi framkvæmdastjórnin tilmælum 95/216/EB (8) til aðildarríkjanna um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun.

Grunnkröfur þessarar tilskipunar tryggja einungis það öryggi sem sóst er eftir ef samræmi við þær er tryggt með viðeigandi reglum um samræmismat úr ákvæðum ákvörðunar ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhfæfingu (9).

Til að unnt sé að markaðssetja lyftur eða tiltekna öryggisíhluta þeirra, sem uppfylla grunnkröfur þessarar tilskipunar um öryggi og heilsuvernd, verður CE-merkið að vera sýnilegt á þeim.

Í þessari tilskipun eru aðeins skilgreindar almennar grunnkröfur sem varða öryggi og heilsuvernd. Til þess að auðvelda framleiðendum að færa sönnur á samræmi við þessar grunnkröfur, og til þess að hægt sé að hafa eftirlit með að grunnkröfurnar um samræmi séu uppfylltar, er æskilegt að hafa samhfæða staðla í Evrópu um hvernig bægja megi frá hættum sem stafa af hönnun og uppsetningu lyftna. Þessir samhfæðu evrópsku staðlar eru samdir af einkaaðilum og geta því ekki talist bindandi. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem þeir aðilar sem eru til þess bærir að samþykka samhfæða staðla í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja staðlasamtaka sem voru undirritaðar þann 13. nóvember 1984. Í þessari tilskipun merkir samhfæður staðall tækniforskrift sem er samþykkt af CEN og/eða CENELEC á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (10) og almennu viðmiðunarreglurnar sem um getur hér að ofan.

(6) Stjttf. EB nr. L 384, 31. 12. 1986, bls. 12.

(7) Stjttf. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 16.

(8) Stjttf. EB nr. L 134, 20. 6. 1995, bls. 37.

(9) Stjttf. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23.

(10) Stjttf. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB (Stjttf. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Kveða ber á um bráðabirgðafyrirkomulag til að gera þeim sem setja upp lyftur kleift að markaðssetja lyftur sem framleiddar eru fyrir þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda.

Þessi tilskipun er samin með það í huga að taka til allrar hættu sem fylgir lyftum og notendum þeirra og þeir sem eru í viðkomandi mannvirki standa frammi fyrir. Tilskipunin telst því tilskipun í skilningi 3. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EEB frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslu-fyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur<sup>(1)</sup>.

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin gerðu hinn 20. desember 1994 með sér bráðabirgðasamkomulag að því er lýtur að ráðstöfunum til að hrinda í framkvæmd gerðum sem hafa verið samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. KAFLI

#### Gildissvið, markaðssetning og frjáls dreifing

##### 1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um lyftur sem eru notaðar til frambúðar í byggingum og mannvirkjum. Hún gildir einnig um öryggisíhluta í slíkar lyftur sem eru taldir upp í IV. viðauka.

2. Í þessari tilskipun merkir „lyfta“ búnað sem fer upp á tilteknar hæðir, með stól sem fer eftir föstum brautum er víkja meira en 15 gráður frá lóðréttu plani og eiga að flytja:

- fólk,
- fólk og vörur,
- einungis vörur ef stóllinn er aðgengilegur, það er að segja maður getur auðveldlega farið inn í hann, og með stjórnstækjum innan í eða innan seilingar fyrir þann sem stendur inni.

Lyftur sem fara ákveðnar leiðir, jafnvel þótt ekki sé eftir föstum brautum, falla undir gildissvið þessarar tilskipunar (t.d. krossarmalyftur).

3. Tilskipunin gildir ekki um:

- togbrautir, að meðtöldum svifbrautum, til fólksflutninga á vegum hins opinbera eða einkaaðila,
- sérhannaðar og -sérsmíðaðar lyftur fyrir her eða lögreglu,

- vindubúnað í námum,
  - leiksviðslyftur,
  - lyftur sem er komið fyrir í flutningatækjum,
  - lyftur tengdar vélum og lyftur sem eru einungis ætlaðar til að komast á vinnustað,
  - tannhjólbrautir,
  - lyftur á byggingarsvæðum til fólksflutninga eða fólks- og vöruflytninga.
4. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sá sem annast uppsetningu lyftu“: einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og markaðssetningu lyftunnar og merkir með CE-merki og útbýr EB-samræmisýfirlýsingu,
- „markaðssetning lyftu“ telst eiga sér stað þegar sá sem annast uppsetningu lyftu hefur hana í fyrsta sinn tiltæka fyrir notandann,
- „öryggisíhluti“: íhluti talinn upp í IV. viðauka,
- „framleiðandi öryggisíhluta“: einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á hönnun og framleiðslu öryggisíhlutanna, merkir með CE-merki og útbýr EB-samræmisýfirlýsingu,
- „sýnieintak lyftu“: dæmigert eintak af lyftu og skulu tækniskjöl hennar sýna á hvern hátt grunnöryggiskröfum verður fullnægt í lyftum sem eru eins og sýnieintakið, skilgreint með hlutlægum breytum, og í eru notaðir sams konar öryggisíhlutar.

Í tækniskjali skal tilgreina skýrt allan leyfilegan mismun (með hámarks- og lágmarksgildum) milli sýnieintaks og lyftna úr hópi lyftna sem eiga rætur að rekja til sýnieintaksins.

Leyfilegt er að sýna samsvörun margs konar búnaðar með útreikningi og/eða á grundvelli hönnunaráætlana til að fullnægja grunnöryggiskröfum.

5. Þegar sértilskipanir gilda að hluta eða öllu leyti um hættur sem fylgja lyftum og um getur í þessari tilskipun gildir þessi tilskipun ekki eða fellur úr gildi að því er varðar þessar lyftur og slíkar hættur um leið og sértilskipanirnar öðlast gildi.

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB nr. L 186, 12. 7. 1991, bls. 64.



**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja:

- að því aðeins verði heimilt að markaðssetja og taka í notkun lyftur sem falla undir þessa tilskipun að heilsu og öryggi manna og, þar sem við á, öryggi eigna stafi ekki hætta af þeim þegar þær eru settar upp á réttan hátt og haldið við sem skyldi og notaðar í ráðgerðum tilgangi,
- að því aðeins verði heimilt að markaðssetja og taka í notkun öryggisíhluta sem falla undir þessa tilskipun að heilsu og öryggi manna og, þar sem við á, öryggi eigna stafi ekki hætta af þeim lyftum sem þeir eru settir í á réttan hátt og haldið við sem skyldi og notaðir í ráðgerðum tilgangi.

2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annars vegar skuli sá sem ber ábyrgð á vinnu við byggingar eða mannvirki og sá sem annast uppsetningu lyftu veita hvor öðrum nauðsynlegar upplýsingar og hins vegar grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að lyftan vinni eðlilega og sé örugg í notkun.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í lyftustokkum séu ekki önnur rör, leiðslur eða útbúnaður en þörf er á vegna starfrækslu og öryggis lyftunnar.

4. Ákvæði þessarar tilskipunar breyta ekki rétti aðildarríkjanna, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr., til að samþykkja, í samræmi við ákvæði sáttmálans, kröfur sem þau telja nauðsynlegar fólki til verndar þegar viðkomandi lyftur eru teknar í notkun eða gagn haft af þeim, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér neinar þær breytingar á lyftunum sem ekki eru tilgreindar í þessari tilskipun.

5. Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir sýningu, svo sem á kaupstefnum, vörusýningum eða kynningum, á lyftum og öryggisíhlutum sem fullnægja ekki gildandi bandalagsákvæðum, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að slíkar lyftur eða öryggisíhlutar fullnægi ekki ákvæðum og séu ekki til sölu fyrr en sá sem annast uppsetningu lyftnanna, framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu hafi fært þau til samræmis við ákvæðin. Gera skal nægilegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi manna meðan sýningar standa yfir.

**3. gr.**

Lyftur sem falla undir þessa tilskipun skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka.

Öryggisíhlutar sem falla undir þessa tilskipun skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka eða tryggja að lyfturnar sem þeir eru settir í fullnægja grunnkröfunum.

**4. gr.**

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra að lyftur og/eða öryggisíhlutar sem fullnægja ákvæðum þessarar tilskipunar verði sett á markað eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra að íhlutar séu settir á markað þegar framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu lýsir yfir að ætlunin sé að setja þá í lyftu sem fellur undir þessa tilskipun.

**5. gr.**

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að lyftur og öryggisíhlutar með CE-merkinu og EB-samræmisýfirlýsingu, sem um getur í II. viðauka, séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og einnig í samræmi við reglur um samræmismat sem mælt er fyrir um í II. kafla.

Séu samhæfðir staðlar ekki til ber aðildarríkjunum að gera allar ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvæg eða viðeigandi til að rétt sé staðið að því að uppfylla grunnkröfurnar í I. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

2. Þegar ákvæði samhæfðs staðals eru tekin upp í landsstaðal, og vísun til hans birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, og slíkur landsstaðall fjallar um eina eða fleiri af grunnkröfunum um heilsuvernd og öryggi:

- skal ganga út frá því að lyfta sem er smíðuð í samræmi við hann uppfylli viðeigandi grunnkröfur,
- eða
- út frá því að öryggisíhlutar sem eru smíðaðir í samræmi við hann tryggi að lyfta sem þeir eru rétt settir í fullnægja viðeigandi grunnkröfum.

Aðildarríkin skulu birta vísanir til landsstaðla sem ákvæði samhæfðra staðla hafa verið tekin upp í.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að gera aðilum vinnumarkaðarins kleift að hafa áhrif innanlands við samningu og eftirlit með framkvæmd samhæfðra staðla.

**6. gr.**

1. Telji aðildarríki eða framkvæmdastjórnin að samhæfðu staðlarnir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. uppfylli ekki að öllu leyti grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. skal framkvæmdastjórnin eða aðildarríkið sem í hlut á vísa málinu til nefndarinnar sem var stofnuð samkvæmt tilskipun 83/189/EBE og færa fram rök fyrir því. Nefndin skili álit á tafar.

Þegar framkvæmdastjórninni berst nefndarálitid skal hún tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella viðkomandi staðla brott úr auglýsingunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eiginlega framkvæmd þessarar tilskipunar með samræmdum hætti í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fastanefndin setur sér starfsreglur.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir fastanefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits fastanefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

4. Því til viðbótar getur fastanefndin skoðað allar spurningar sem vakna varðandi beitingu þessarar tilskipunar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

#### 7. gr.

1. Þegar aðildarríki kemst að raun um að lyfta eða öryggishluti með CE-merkinu sem er notaður á fyrirhugaðan hátt geti stofnað öryggi manna og, þar sem við á, eigna í hættu ber því að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að innkalla hana eða hann af markaðinum, banna markaðssetningu þeirra eða notkun eða takmarka frjálsta dreifingu þeirra.

Aðildarríkinu ber að tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um slíka ráðstöfun og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni, meðal annars hvort skortur á samræmi stafi af því að:

- grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. séu ekki uppfylltar;
- stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. hafi verið beitt á rangan hátt;
- annmarkar séu á stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og auðið er. Telji framkvæmdastjórnin, að höfðu slíku samráði, að:

- ráðstafanirnar séu réttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það aðildarríkinu sem greip fyrst til ráðstafananna og hinum aðildarríkjunum. Þegar ákvörðunin sem um getur í 1. mgr. á rætur að rekja til annmarka á stöðlunum ber framkvæmdastjórninni, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að leggja málið fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 6. gr., ef aðildarríkið sem tók ákvörðunina hefur í hyggju að láta hana standa, og hefja málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 6. gr.,
  - ráðstafanirnar séu óréttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það aðildarríkinu sem greip fyrst til ráðstafananna og þeim sem annaðist uppsetningu lyftunnar, framleiðanda öryggisíhluta eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.
3. Ef lyfta eða öryggisíhluti sem uppfyllir ekki ákvæði um samræmi er með CE-merkið skal þar til bært aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart hverjum þeim sem sá um merkinguna og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.
4. Framkvæmdastjórninni ber að sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framvindu og lyktir málsins.

## II. KAFLI

### Reglur um samræmismat

#### 8. gr.

1. Áður en öryggisíhluti, sem um getur í IV. viðauka, er settur á markað skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu:
- i) annaðhvort leggja fram sýnieintak af öryggisíhlutanum fyrir EB-gerðarprófun í samræmi við V. viðauka og framleiðslu-prófanir hjá tilkynntum aðila í samræmi við XI. viðauka;
  - ii) eða leggja fram sýnieintak af öryggisíhluta fyrir EB-gerðarprófun í samræmi við V. viðauka og nota gæðatryggingarkerfi í samræmi við VIII. viðauka til að prófa framleiðsluvöru;
  - iii) eða nota heildstætt gæðatryggingarkerfi í samræmi við IX. viðauka;
- b) festa CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út samræmisýfirlýsingu með upplýsingum sem taldar eru upp í II. viðauka og taka tillit til forskrifta í þeim viðauka sem stuðst er við (VIII., IX. eða XI. viðauka, eftir því sem við á);
- c) varðveita afrit af samræmisýfirlýsingunni í 10 ár frá þeim degi að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.

2. Áður en lyfta er markaðssett skal hún hafa farið í gegnum eitt af eftirfarandi ferlum:

i) hafi hún verið hönnuð í samræmi við lyftu sem er EB-gerðarprófuð eins og um getur í V. viðauka skal hún annaðhvort smíðuð, sett upp og prófuð með því að:

- láta fara fram lokaskoðun eins og um getur í VI. viðauka, eða
- nota gæðatryggingarkerfið sem um getur í XII. viðauka, eða
- nota gæðatryggingarkerfið sem um getur í XIV. viðauka.

Heimilt er að nota sömu lyftuna að því er varðar aðferðir við hönnun og smíði annars vegar og uppsetningu og prófun hins vegar;

ii) eða hafi hún verið hönnuð í samræmi við sýnieintak lyftunnar sem er EB-gerðarprófað eins og um getur í V. viðauka smíðuð, sett upp og prófuð með því að:

- láta fara fram lokaskoðun eins og um getur í VI. viðauka, eða
- nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XII. viðauka, eða
- nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XIV. viðauka;

iii) eða hafi hún verið hönnuð í samræmi við lyftu sem gæðatryggingarkerfi samkvæmt XIII. viðauka var notað fyrir, og hönnunin könnuð að auki ef sú síðarnefnda er ekki fullkomlega í samræmi við samhæfðu staðlana, smíðuð, sett upp og prófuð með því enn fremur að:

- láta fara fram lokaskoðun eins og um getur í VI. viðauka, eða
- nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XII. viðauka, eða
- nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XIV. viðauka;

iv) eða hafi hún verið einingarsannprófuð samkvæmt X. viðauka hjá tilkynntum aðila;

v) eða hafi hún verið metin samkvæmt gæðatryggingarkerfinu í samræmi við XIII. viðauka og hönnunin könnuð að auki ef sú síðarnefnda er ekki fullkomlega í samræmi við samhæfðu staðlana.

Í áðurgreindum tilvikum sem um getur í i-, ii- og iii-lið hér að framan skal sá sem ber ábyrgð á hönnun útvega þeim sem ber ábyrgð á smíði, uppsetningu og prófun öll nauðsynleg skjöl og upplýsingar til að hinn síðarnefndi geti gegnt hlutverki sínu af fullkomnu öryggi.

3. Í öllum tilvikum sem um getur í 2. mgr.:

- skal sá sem annast uppsetningu festa CE-merkið á lyftuna og gefa út samræmisýrlýsingu með upplýsingum sem eru skráðar í II. viðauka og taka tillit til forskrifta í þeim viðauka sem stuðst er við (VI., X., XII., XIII. eða XIV. viðauka, eftir því sem við á);
- skal sá sem annast uppsetningu varðveita afrit af samræmisýrlýsingunni í tíu ár frá þeim degi sem lyftan er markaðssett,

- geta framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrir tilkynntir aðilar lagt fram beiðni um að fá afrit af samræmisýrlýsingu og skýrslum um prófanir, sem eru liður í lokaskoðun, frá þeim sem annast uppsetningu.

4. a) Ef lyfturnar eða öryggisíhlutarnir falla undir ákvæði annarra tilskipana, sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um áfestingu CE-merkisins, skal koma fram á merkinu að lyftan eða öryggisíhlutinn teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara tilskipana.

b) Heimili ein eða fleiri þessara tilskipana framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið samt sem áður aðeins gefa til kynna að lyftan eða öryggisíhlutinn sé í samræmi við þær tilskipanir sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar eða framleiðandi öryggisíhluta kys að nota. Í þessu tilviki skulu vísanir til þeirra tilskipana sem er beitt, eins og þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í tilskipununum og fylgja lyftunni eða öryggisíhlutanum.

5. Ef hvorki sá sem annast uppsetningu lyftunnar né framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu efna kvaðir framangreindra málsgreina falla kvaðirnar á þann sem setur lyftuna eða öryggisíhlutann á markað í bandalaginu. Sömu kvaðir hvíla á þeim sem framleiðir lyftuna eða öryggisíhlutann til eigin nota.

## 9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að hrinda þeirri málsmeðferð í framkvæmd sem um getur í 8. gr. og þeim sérstöku verkefnum og prófunum sem þeim hefur verið falið að leysa af hendi og hvaða kenninúmer framkvæmdastjórnin hefur úthlutað þeim.

Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* skrá yfir tilkynnta aðila ásamt kenninúmerum þeirra og verkefnum sem þeim hafa verið falin. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkjunum ber að fara eftir viðmiðunum í VII. viðauka er þau meta tilkynnta aðila. Uppfylli aðilarnir viðmiðin sem eru sett í viðkomandi samhæfðum stöðlum má ganga út frá því að þeir uppfylli viðmiðin í VII. viðauka.

3. Aðildarríki sem hefur tilkynnt um aðila skal afturkalla tilkynninguna komist það að raun um að aðilinn uppfylli ekki lengur viðmiðin í VII. viðauka. Það tilkynnir framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það án tafar.

### III. KAFLI

#### CE-merki

##### 10. gr.

1. CE-merkið skal samanstanda af upphafsstöfunum „CE“. Í III. viðauka er birt fyrirmynd að merkinu sem ber að nota.

2. CE-merki skal festa greinilega á hvern lyftustól í samræmi við 5. lið I. viðauka þannig að það sé greinilegt og læsilegt og á hvern öryggisíhluta sem er talinn upp í IV. viðauka eða, ef það er ekki hægt, á skilti sem er óaðskiljanlegur hluti öryggisíhlutans.

3. Bannað er að festa á lyftur eða öryggisíhluta merki sem geta veitt þriðju aðilum villandi upplýsingar um þýðingu og útfærslu CE-merkisins. Heimilt er að festa hvaða önnur merki sem er á lyftur og öryggisíhluta að því tilskildu að CE-merkið verði ekki ógreinilegra eða óhægara um vik að lesa áletrun þess.

4. Eftirfarandi ákvæði gilda með fyrirvara um 7. gr.:

- a) ef aðildarríki kemst að raun um að CE-merki hafi verið áfest með röngum hætti ber þeim sem annast uppsetningu lyftu, framleiðanda öryggisíhluta eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu að sjá til þess að framleiðsluvaran uppfylli ákvæði um CE-merki og að bundinn sé endi á brot samkvæmt þeim skilyrðum sem viðkomandi aðildarríki setur;
- b) verði framhald á því að framleiðsluvaran uppfylli ekki tilskilin ákvæði skal aðildarríkið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu viðkomandi öryggisíhluta eða tryggja að hann verði tekinn af markaðinum og banna notkun lyftunnar og einnig tilkynna hinum aðildarríkjunum um það í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr.

### IV. KAFLI

#### Lokaákvæði

##### 11. gr.

Færa skal haldgóð rök fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þessarar tilskipunar og hafa í för með sér takmarkanir:

- á því að lyftan sé sett á markað og/eða tekin í notkun og/eða notuð,
- á því að öryggisíhlutinn sé settur á markað og/eða tekinn í notkun.

Tilkynna ber hlutaðeigandi aðila án tafar um slíka ákvörðun og um leið kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og þann frest sem hann hefur til þess.

##### 12. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar um ákvarðanir varðandi framkvæmd þessarar tilskipunar séu aðgengileg.

##### 13. gr.

Tilskipun 84/528/EBE og tilskipun 84/529/EBE eru hér með felldar úr gildi frá 1. júlí 1999 að telja.

##### 14. gr.

Með hliðsjón af þáttum er varða uppsetningu lyftunnar telst þessi tilskipun vera tilskipun í skilningi 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE.

##### 15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu grípa til þessara ráðstafana frá 1. júlí 1997 að telja.

2. Aðildarríkin skulu heimila til 30. júní 1999:

- markaðssetningu og notkun lyftna,
- markaðssetningu og notkun öryggisíhluta,

sem eru í samræmi við gildandi ákvæði á yferráðasvæðum þeirra þann dag sem þessi tilskipun er samþykkt.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**16. gr.**

Eigi síðar en 30. júní 2002 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við nefndina sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og á grundvelli skýrslna

frá aðildarríkjunum, endurskoða skilvirkni málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og leggja fram tillögur að viðeigandi breytingum ef þurfa þykir.

**17. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. júní 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. BARNIER**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI Í TENGLUM VIÐ HÖNNUN OG SMÍÐILYFTNA OG ÖRYGGISÍHLUTA

#### ALMENNAR ATHUGASEMDIR

1. Kvaðir þær sem mælt er fyrir um í grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi gilda aðeins ef hættuástand skapast þegar lyftan eða öryggisíhlutinn er notaður með þeim hætti sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar eða framleiðandi öryggisíhlutanna gerir ráð fyrir.
2. Fullnægja ber grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skilyrðislaust. Í ljósi núverandi tæknikunnáttu kann þó að vera ógerlegt að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með kröfunum. Sé svo skal leitast við af fremsta megni að hanna og smíða lyftur og öryggisíhluta þannig að þau komist sem næst þessum markmiðum.
3. Framleiðanda öryggisíhluta og þeim sem annast uppsetningu lyftunnar er skylt að meta hættuáðstæður til þess að geta greint þá hættu sem tengist framleiðsluvörum þeirra; þeim ber að sjá til þess að hönnun og smíði þeirra taki mið af slíku mati.
4. Grunnkröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 89/106/EBE og ekki er að finna í þessari tilskipun gilda um lyftur í samræmi við 14. gr.

#### 1. ALMENNT

##### 1.1. **Beiting tilskipunar 89/392/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum 91/368/EBE, 93/44/EBE og 93/68/EBE**

Ef umrædd hætta er fyrir hendi og ekki er fjallað um hana í þessum viðauka gilda grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í I. viðauka tilskipunar 89/392/EBE. Grunnkrafa í lið 1.1.2 í I. viðauka tilskipunar 89/392/EBE gildir í öllum tilvikum.

##### 1.2. **Lyftustóll**

Lyftustóllinn skal hannaður og smíðaður þannig að rými og styrkur séu nægileg fyrir þann hámarksfjölda persóna og þá skráðu burðargetu sem sá sem annast uppsetningu ákveður.

Stóll í fólkslyftum skal hannaður og smíðaður, ef stærð leyfir, þannig að hann útiloki ekki eða hindri aðgengi fatlaðra og að honum megi breyta eftir þörfum til að auðvelda aðgengi þeirra.

##### 1.3. **Upphengjur og stoðir**

Upphengjur og/eða stoðir stólsins, festingar hans og tengihluta þeirra skal velja og hanna svo að fullnægjandi heildaröryggi sé tryggt og líkur til þess að stóllinn falli séu hverfandi með hliðsjón af notkunaraðstæðum, efni og framleiðsluáðstæðum.

Ef notaðir eru kaðlar eða keðjur til að hengja stóllinn upp verða að vera í það minnsta tveir aðskildir kaðlar eða keðjur, hvor á sinni festingu. Kaðlarnir og keðjurnar mega ekki vera samsett eða skeytt saman nema festing eða gerð lykkju krefjist þess.

##### 1.4. **Hleðslutakmörk (þar með talin hraðastilling)**

- 1.4.1. Hanna ber lyftur, smíða og setja upp þannig að þær fari ekki í gang með venjulegum hætti ef farið er fram yfir leyfilega þyngd.

1.4.2. Lyftur skulu búnar hraðastilli.

Þessar kröfur eiga ekki við um lyftur með drifkerfi sem kemur í veg fyrir of mikinn hraða.

1.4.3. Hraðlyftur skulu hafa búnað sem gerir kleift að fylgjast með og takmarka hraða.

1.4.4. Lyftur knúnar núningsstrissum skulu hannaðar þannig að stöðugleiki dráttarkaðlanna á trissunni sé tryggður.

1.5. **Vélbúnaður**

1.5.1. Hver fólkslyfta skal hafa eigin lyftibúnað. Þessi krafa á ekki við um lyftur ef annar stóll er til mótvægis.

1.5.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal tryggja að ekki sé hægt að komast að vélbúnaði hennar og tengdum búnaði nema til viðhalds og í neyðartilvikum.

1.6. **Stjórnþæki**

1.6.1. Stjórnþæki lyftu sem ætluð eru fylgdarlausu fötluðu fólki skal hanna og staðsetja samkvæmt því.

1.6.2. Koma skal skýrt fram hvert hlutverk stjórnþækja er.

1.6.3. Heimilt er að nota sameiginlegt kallkerfi fyrir lyftuhóp eða tengja kallkerfi þeirra saman.

1.6.4. Setja skal upp rafbúnað og tengja þannig að:

- útilokað sé að ruglast á honum og rásunum sem ekki tengjast lyftunni beint,
- hægt sé að tengja/rjúfa aflgjafa þegar lyftan er hlaðin,
- hreyfingar lyftunnar velti á rafrænum öryggisbúnaði í sérstakri öryggisrafrás,
- bilun í rafkerfi skapi ekki hættu.

2. **HÆTTA SEM FÓLK ER Í UTAN LYFTUSTÓLS**

2.1. Hanna skal lyftu og smíða þannig að rýmið sem stóllinn fer um sé óaðgengilegt nema til viðhalds eða í neyðartilvikum. Áður en farið er inn í rýmið skal koma í veg fyrir eðlilega notkun lyftunnar.

2.2. Hanna skal lyftu og smíða þannig að engin hættu sé á að viðkomandi klemmist þegar stóllinn er á ystu mörkum.

Þetta er hægt með því að hafa autt rými eða afdrep utan ystu marka.

Ef útilokað er samt sem áður að koma þessari lausn við í sérstökum tilvikum, það er í byggingum sem hafa þegar verið reistar, má grípa til annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hættu skapist. Aðildarríkin skulu þá eiga þess kost að veita samþykki sitt fyrirfram.

2.3. Á stigapöllum þar sem gengið er inn og út úr lyftustól skulu vera dyr með nægjanlegu kraftrænu viðnámi fyrir fyrirhugaða notkun.

Lokunarbúnaður skal við eðlilega notkun koma í veg fyrir:

- að lyftustóll færast úr stað, hvort heldur sem er af ásetningu eða fyrir slysi, nema allar palldyr séu lokaðar og læstar,
- að palldyr opnast á meðan lyftustóll er á ferð og ekki við stigapall.

Þó er tilfærsla fyrir opnum palldyrum leyfileg á tilgreindum svæðum með því skilyrði að hraða sé stjórnað.

### 3. HÆTTA SEM FÓLK ER Í INNI Í LYFTUSTÓL

- 3.1. Lyftustóll skal vera algerlega lokaður með veggjum í fullri hæð, gólfi og lofti og dyrum í fullri hæð; loftræstiop eru þó leyfileg. Dyrnar skulu hannaðar þannig og uppsettar að stóllinn hreyfist einungis þegar dyrnar eru lokaðar og að hann stöðvist þegar þær opnast, nema þegar um tilfærslu er að ræða sem um getur í þriðju undirgrein liðar 2.3.

Stóldyr skulu haldast lokaðar og læstar ef lyftan stöðvast á milli hæða þar sem hættu er á falli milli stóls og lyftustokks eða þar sem enginn lyftustokkur er.

- 3.2. Ef rafmagn fer af eða íhlutar bíla skal lyftan hafa búnað sem kemur í veg fyrir óhindrað fall eða stjórnlausu hreyfingu stóls upp á við.

Búnaður sem kemur í veg fyrir óhindrað fall lyftustóls skal ekki vera í neinum tengslum við upphengibúnað hans.

Fyrirnefndur búnaður verður að geta stöðvað lyftustól með skilgreinda hámarksþyngd og á þeim hámarkshraða sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar gerir ráð fyrir. Búnaðurinn má ekki hægja svo skyndilega á ferðinni að farþegar bíði skaða af, sama hver byrðin er.

- 3.3. Koma skal höggdeyfi fyrir milli botns lyftustokksins og stólgólfsins.

Í því tilviki skal mæla auða rýmið, sem um getur í lið 2.2, með höggdeyfinn í samþjappaðri stöðu.

Þessi krafa gildir ekki um lyftur með stól sem kemst ekki inn í auða rýmið sem um getur í lið 2.2 sakir þess með hvaða hætti drifkerfi lyftunnar er hannað.

- 3.4. Hanna ber lyftur og smíða þannig að ekki sé hægt að koma þeim á hreyfingu nema búnaðurinn sem kveðið er á um í lið 3.2 sé í virkri stöðu.

### 4. ÖNNUR HÆTTA

- 4.1. Séu palldyr og stóldyr eða báðar þessar dyr vélbúnaðar skulu þær hafa búnað sem kemur í veg fyrir að fólki sé hætt við að klemmast þegar hurðir hreyfast.

- 4.2. Palldyr sem eiga að vera hluti af brunavörnum hússins, einnig þær sem eru að hluta til úr gleri, skulu nægilega eldþolnar, það er heilar og hvað varðar einangrunareiginleika (eldur breiðist ekki út) og hitaútbreiðslu (hitageislun).

- 4.3. Mótvægi skal þannig fyrir komið að útilokað sé að það rekist í lyftustólinn eða falli á hann.

- 4.4. Lyftur skulu hafa búnað sem gerir kleift að frelsa og hjálpa fólki út sem er fast í lyftustól.

- 4.5. Í lyftustólum skal vera kerfi sem gerir gagnkvæm samskipti möguleg og kleift að halda föstu sambandi við björgunarmiðstöð.

- 4.6. Lyftur skal hanna þannig og smíða að þær geti lokið yfirstandandi ferð en ekki svarað ef ný boð eru gefin fari hitinn í lyftuvél yfir það hámark sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar gerir ráð fyrir.

- 4.7. Lyftustóla skal hanna þannig og smíða að nægileg loftræsting sé fyrir farþega, jafnvel þó lyfta stöðvist um lengri tíma.

- 4.8. Nægileg lýsing skal vera í lyftustól þegar hann er í notkun eða dyr opnast; í honum skal einnig vera neyðarlýsing.

- 4.9. Samskiptakerfi sem um getur í lið 4.5 og neyðarlýsing í lið 4.8 skulu þannig hönnuð og smíðuð að þau virki þó venjulegur straumur rofni. Þau skulu starfhæf þann tíma sem eðlilegt má telja að björgunarsveit þurfi til að athafna sig.

- 4.10. Straumrásir stjórnkerfis lyftna sem heimilt er að nota í bruna skulu þannig hannaðar og smíðaðar að hægt sé að koma í veg fyrir að lyfturnar stöðvist á ákveðnum hæðum og að björgunarsveitir geti yfirtekið stjórn lyftunnar.



## 5. MERKINGAR

- 5.1. Til viðbótar lágmarksupplýsingum sem er krafist um vélar samkvæmt lið 1.7.3 í I. viðauka við tilskipun 89/392/EBE skal í hverjum lyftustól vera áberandi skilti þar sem skilgreind hámarksþyngd er greinilega tilgreind í kílógrömmum og hámarksfjöldi farþega.
- 5.2. Ef lyftan er þannig hönnuð að farþegar komist hjálparlaust úr stólum skulu leiðbeiningar þar að lútandi vera í stólum, skýrar og greinilegar.

## 6. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

- 6.1. Öryggisíhlutum sem um getur í IV. viðauka skal fylgja handbók með leiðbeiningum á opinberu tungumáli aðildarríkis þess sem annast uppsetningu lyftunnar eða á öðru tungumáli bandalagsins sem hann samþykkir, þannig að unnt sé að koma:

- samsetningu,
- tengingu,
- stillingu, og
- viðhaldi

í verk með skilvirkum hætti og án þess að af því hljótist hætta.

- 6.2. Hverri lyftu skal fylgja skjal á opinberu tungumáli (-málum) bandalagsins sem aðildarríkið þar sem lyftan er sett upp ákveður í samræmi við sáttmálann. Skjalið skal í það minnsta innihalda:

- handbók með leiðbeiningum um skipulag og teikningar sem eru nauðsynlegar vegna eðlilegrar notkunar og tengjast viðhaldi, eftirliti, viðgerðum, reglubundinni skoðun og björgunaraðgerðum sem um getur í lið 4.4,
- færslubók þar sem hægt er að skrá viðgerðir og, eftir atvikum, reglubundna skoðun.

## II. VIÐAUKI

### A. Efni EB-samræmisfirlýsingar vegna öryggisfhluta<sup>(1)</sup>

Eftirfarandi komi fram í EB-samræmisfirlýsingunni:

- nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisfhlutanna<sup>(2)</sup>,
- eftir atvikum, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu<sup>(2)</sup>,
- lýsing á öryggisfhlutanum, nákvæmar upplýsingar um gerð eða röð og raðnúmer (ef það er til),
- öryggiseiginleikar öryggisfhlutans, ef þeir eru ekki augljósir af lýsingunni,
- framleiðsluár öryggisfhlutans,
- öll viðeigandi ákvæði sem öryggisfhlutinn uppfyllir,
- eftir atvikum, vísun í samhæfða staðla sem eru notaðir,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um EB-gerðarprófunina í samræmi við i- og ii-lið í a-lið 1. mgr. 8. gr.,
- eftir atvikum, vísun í EB-gerðarprófunarvottorð sem tilkynnti aðilinn gaf út,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um prófun á framleiðslu í samræmi við ii-lið í a-lið 1. mgr. 8. gr.,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem skoðaði gæðatryggingarkerfið sem framleiðandi notar í samræmi við iii-lið í a-lið 1. mgr. 8. gr.,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd framleiðanda öryggisfhluta eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

### B. Efni EB-samræmisfirlýsingar vegna uppsettra lyftna<sup>(3)</sup>

Eftirfarandi komi fram í EB-samræmisfirlýsingunni:

- nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar<sup>(4)</sup>,
- lýsing á lyftunni, nákvæmar upplýsingar um gerð eða röð, raðnúmer og heimilisfangið þar sem lyftan var sett upp,
- hvaða ár lyftan var sett upp,
- öll viðeigandi ákvæði sem lyftan uppfyllir,
- eftir atvikum, vísun í samhæfða staðla sem eru notaðir,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um EB-gerðarprófun á sýnieintaki lyftunnar í samræmi við i- og ii-lið 2. mgr. 8. gr.,
- eftir atvikum, vísun í EB-gerðarprófunarvottorðið,

<sup>(1)</sup> Yfirlýsingin skal vera á sama tungumáli og handbókin með leiðbeiningunum sem um getur í lið 6.1 í I. viðauka, annaðhvort vélrituð eða prentuð.

<sup>(2)</sup> Firmanafn, fullt heimilisfang; ef um er að ræða viðurkenndan fulltrúa ber einnig að tilgreina firmanafn og heimilisfang framleiðanda öryggisfhlutanna.

<sup>(3)</sup> Þessi yfirlýsing skal vera á sama tungumáli og handbókin með leiðbeiningunum sem um getur í lið 6.2 í I. viðauka, annaðhvort vélrituð eða prentuð.


<sup>(4)</sup> Firmanafn og fullt heimilisfang.

- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um sannprófun á lyftunni í samræmi við iv-lið 2. mgr. 8. gr.,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um lokaskoðun á lyftunni í samræmi við fyrsta undirlið í i-, ii- og iii-lið 2. mgr. 8. gr.,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem skoðaði gæðatryggingarkerfið sem sá sem annast uppsetningu notar í samræmi við annan og þriðja undirlið í i-, ii-, iii- og iv-lið 2. mgr. 8. gr.,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd þess sem annast uppsetningu lyftunnar.

### III. VIÐAUKI

#### CE-SAMRÆMISMERKI

Í CE-samræmismerkinu skulu vera bókstafirnir „CE“ eins og hér er sýnt:



Ef merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm. Falla má frá kröfu um lágmarksmál ef um litla öryggishluta er að ræða.

Á eftir CE-merkinu komi kenninúmer tilkynnta aðilans sem sér um

- málsmeðferðina sem vísað er til í ii- eða iii-lið í a-lið 1. mgr. 8. gr.,
- málsmeðferðina sem vísað er til í 2. mgr. 8. gr.

#### IV. VIÐAUKI

##### SKRÁ YFIR ÖRYGGISÍHLUTA SEM VÍSAÐ ER TIL Í 1. MGR. 1. GR. OG 1. MGR. 8. GR.

1. Búnaður til að læsa palldyrum.
2. Búnaður til að koma í veg fyrir fall sem er vísað til í lið 3.2 í I. viðauka og kemur í veg fyrir að lyftustóll falli eða stjórnlausu hreyfingu hans upp á við.
3. Hraðatakörkunarbúnaður.
4. a) Orkusafnandi höggdeyfar:
  - annaðhvort ólínulegir,
  - eða með deyfðu endurkasti.
- b) Orkudreifandi höggdeyfar.
5. Öryggisbúnaður á sívalningum í vökvakerfum ef þeir eru notaðir til að koma í veg fyrir fall.
6. Rafmagnsöryggisbúnaður notaður sem öryggisrofar með rafeindaflutum.

## V. VIÐAUKI

### EB-GERÐARPRÓFUN

#### (aðferðareining B)

#### A. EB-gerðarprófun öryggisíhluta

1. Tilkynntur aðili staðfestir og vottar með EB-gerðarprófun að dæmigert eintak af öryggisíhluta geri það að verkum að lyfta sem hann er settur í fullnægi viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar.
2. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal sækja um EB-gerðarprófun til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhluta og viðurkennds fulltrúa hans, ef sá síðarnefndi sækir um, og framleiðslustaður öryggisíhlutanna,
  - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,
  - tækniskjöl,
  - dæmigert eintak af öryggisíhlutanum eða nákvæmar upplýsingar um hvar hægt er að skoða hann. Tilkynntur aðili getur lagt fram rökstudda beiðni um að fá fleiri eintök.
3. Tækniskjalið á að vera hægt að nota til að meta hvort öryggisíhlutinn fullnægi kröfum um samræmi og geri það að verkum að lyfta sem hann er settur í fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar.

Eftirfarandi komi fram í tækniskjalinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna samræmismats:

- almenn lýsing á öryggisíhlutanum, einnig hvar hann er notaður (einkum hugsanlegar takmarkanir með hliðsjón af hraða, hleðslu og afli) og skilyrði (einkum umhverfi þar sem sprengihætta er og opið fyrir veðri og vindum),
  - teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
  - grunnkrafa (-kröfur) sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja henni (þeim) (t.d. samhæfður staðall),
  - niðurstöður prófana eða útreikninga sem framleiðandi sér um eða ræður annan til að sjá um,
  - afrit af leiðbeiningum um samsetningu öryggisíhluta,
  - ráðstafanir sem eru gerðar á framleiðslustigi til að tryggja að fjöldaframleiddir öryggisíhlutar samræmist þeim öryggisíhluta sem var prófaður.
4. Tilkynnta aðilanum ber:
    - að rannsaka tækniskjalið til að meta að hve miklu leyti markmiðum er fullnægt,
    - að prófa öryggisíhluta til að kanna hvort hann sé í samræmi við tækniskjalið,

- gera eða láta fara fram viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandi öryggisíhluta hefur notað séu í samræmi við kröfur tilskipunarinnar og geri að verkum að öryggisíhlutinn gegni hlutverki sínu þegar honum er komið fyrir með réttum hætti.
5. Uppfylli dæmigert eintak af öryggisíhlutanum viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar ber tilkynnta aðilanum að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð handa umsækjanda. Í vottorðið skal skrá nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutans, niðurstöður athugunar, alla fyrirvara sem gilda um vottorðið og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina.
- Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðinu og, eftir að hafa lagt fram rökstudda beiðni, afrit af tækniskýrslunni og skýrslum um prófanir, útreikninga og athuganir sem gerð hafa verið. Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð fyrir framleiðandann ber henni að færa ítarleg rök fyrir því. Kveða ber á um málsmeðferð við áfrýjun.
6. Framleiðanda öryggisíhluta eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu ber að upplýsa tilkynnta aðilann um allar breytingar, einnig smávægilegar, sem hann hefur látið gera eða hyggst gera á viðurkenndum öryggisíhluta, að meðtöldum nýjum viðbótum og afbrigðum sem eru ekki tilgreind í upprunalega tækniskjalinu (sjá fyrsta undirlíð í 3. lið). Tilkynnti aðilinn skal skoða breytingarnar og tilkynna umsækjanda um hvort EB-gerðarprófunin gildi áfram<sup>(1)</sup>.
7. Tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um:
- þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið gefin út,
  - þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið afturkölluð.
- Tilkynntur aðili skal einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorðið sem hann hefur afturkallað.
8. EB-gerðarprófunarvottorð og -skjöl og bréfaskipti er varða málsmeðferð við EB-gerðarprófun skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
9. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans skal varðveita með tækniskjölum afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og viðbótum við þau í 10 ár frá þeim degi að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.

Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu í bandalaginu ber þeim sem markaðssetur öryggisíhlutann í bandalaginu að varðveita tækniskjölin.

#### B. EB-gerðarprófun á lyftum

1. Tilkynntur aðili staðfestir og vottar með EB-gerðarprófun að gerð lyftu eða lyftur þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbót eða afbrigði fullnægi kröfum þessarar tilskipunar.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal sækja um EB-gerðarprófun til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar,
- skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl,

<sup>(1)</sup> Tilkynntum aðila er heimilt að gefa út viðbót við EB-gerðarprófunarvottorð eða fara fram á að ný umsókn sé lögð fram telji hann það nauðsynlegt.

- upplýsingar um staðinn þar sem setja á lyftuna upp. Sýnieintaki lyftunnar sem lagt er fram til prófunar skal fylgja tengibúnaður og henni skal ætlað að komast milli þriggja hæða (efstu, mið og neðstu hæðar).

3. Tækniskjalið á að vera hægt að nota til að meta hvort lyftan sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og skilja hvernig hún er smíðuð og virkar.

Eftirfarandi komi fram í tækniskjalinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna samræmismats:

- almenn lýsing á dæmigerðu eintaki af lyftunni. Í tækniskjalinu skal gefa greinargóða lýsingu á hugsanlegum viðbótum við dæmigerða eintakið af lyftunni sem verið er að prófa (sjá 4. mgr. 1. gr.),
- teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
- grunnkröfur sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja þeim (t.d. samhæfður staðall),
- eintak af EB-samræmingaryfirlýsingum fyrir öryggishluta sem eru notaðir við framleiðslu lyftunnar,
- niðurstöður prófana eða útreikninga sem framleiðandi sér um eða ræður annan til að sjá um,
- afrit af leiðbeiningum um notkun lyftunnar,
- ráðstafanir sem eru gerðar við uppsetningu til að tryggja að fjöldaframleiddar lyftur uppfylli ákvæði tilskipunarinnar.

4. Tilkynta aðilanum ber:

- að rannsaka tækniskjalið til að meta að hve miklu leyti þeim markmiðum sem stefnt er að er fullnægt,
- að prófa dæmigert eintak af lyftunni til að kanna hvort hún sé framleidd í samræmi við tækniskjalið,
- gera eða láta fara fram viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar hefur notað séu í samræmi við kröfur tilskipunarinnar og geri að verkum að lyftan sé í samræmi við þær.

5. Uppfylli sýnieintak lyftunnar viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar ber tilkynta aðilanum að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð handa umsækjanda. Í vottorðið skal skrá nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar, niðurstöður athugunar, alla fyrirvara sem gilda um vottorðið og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrir tilkyntir aðilar geta fengið afrit af vottorðinu og, eftir að hafa lagt fram rökstudda beiðni, afrit af tækniskýrslunni og skýrslum um prófanir, útreikninga og athuganir sem gerð hafa verið.

Neiti tilkynti aðilinn að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð fyrir framleiðandann ber honum að færa ítarleg rök fyrir því. Kveða ber á um málsmeðferð við áfrýjun.

6. Þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ber að upplýsa tilkynnta aðilann um allar breytingar, einnig smávægilegar, sem hann hefur látið gera eða hyggst gera á viðurkenndri lyftu, að meðtöldum nýjum viðbótum og afbrigðum sem eru ekki tilgreind í upprunalega tækniskjalinu (sjá fyrsta undirlið í 3. lið). Tilkynnti aðilinn skal skoða breytingarnar og tilkynna umsækjanda um hvort EB-gerðarprófunarvottorðið gildi áfram<sup>(1)</sup>.
7. Tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um:
  - þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið gefin út,
  - þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið afturkölluð.Tilkynntur aðili skal einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð sem hann hefur afturkallað.
8. EB-gerðarprófunarvottorð og -skjöl og bréfaskipti er varða málsmeðferð við EB-gerðarprófun skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
9. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita með tækniskjöllum afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og viðbótum við þau í 10 ár eftir að framleiðslu lyftna sem eru framleiddar í samræmi við dæmigert eintak af lyftunni er hætt.

<sup>(1)</sup> Tilkynntum aðila er heimilt að gefa út viðbót við EB-gerðarprófunarvottorð eða fara fram á að ný umsókn sé lögð fram telji hann það nauðsynlegt.



## VI. VIÐAUKI

### LOKASKOÐUN

1. Við lokaskoðun verður sá sem annast uppsetningu lyftunnar og uppfyllir skilyrði 2. liðar að tryggja og lýsa því yfir að lyftan sem verið er að markaðssetja fullnægi kröfum tilskipunarinnar. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal festa CE-merki á lyftustól hvernar lyftu og gefa út EB samræmisyfirlýsingu.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lyfta sem verið er að markaðssetja sé í samræmi við fyrirmynd að lyftu sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorði og kröfur um heilsuvernd og öryggi sem gilda um hana.
3. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita eintak af EB-samræmisyfirlýsingu og vottorði um lokaskoðun, sem um getur í 6. lið, í tíu ár frá þeim degi sem lyftan var markaðssett.
4. Tilkynntur aðili, sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar velur, skal sjá um eða sjá til þess að lokaskoðun fari fram á lyftu sem til stendur að markaðssetja. Viðeigandi prófanir og athuganir, sem eru skilgreindar í viðeigandi staðli (stöðlum) sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til þess að tryggja að lyftan sé í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Það sem felst einkum í þessum athugunum og prófunum er:

- a) athugun skjala til að kanna hvort lyftan sé í samræmi við dæmigert eintak af lyftunni sem var samþykkt í samræmi við B-hluta V. viðauka;
- b) - athugun á því hvernig lyftan virkar, bæði tóm og fullhlaðin, til að tryggja að öryggisbúnaður sé settur upp á réttan hátt og virki eðlilega (stöðvunarbúnaður á endum, læsingar o.s.frv.),
  - athugun á því hvernig lyftan virkar fullhlaðin og tóm til að tryggja að öryggisbúnaður virki eðlilega ef straumur rofnar,
  - stöðuprófun með álagi sem er 1,25 sinnum meira en nafnág.

Nafnág er það álag sem um getur í 5. lið í I. viðauka.

Að þessum prófunum loknum ber tilkynnta aðilanum að ganga úr skugga um að ekkert hafi aflagast eða skaði hafi orðið sem gæti komið í veg fyrir notkun lyftunnar.

5. Láta ber tilkynnta aðilanum eftirtalin skjöl í té:
  - skipulagsupprátt af allri lyftunni,
  - nauðsynlega skipulagsupprætti og teikningar fyrir lokaskoðun, einkum teikningar af straumrásum stjórnkerfa,
  - eintak af handbók með leiðbeiningum sem um getur í lið 6.2 í I. viðauka.

Tilkynnti aðilinn getur ekki krafist nákvæmra skipulagsuppráttanna eða nákvæmra upplýsinga sem teljast ekki nauðsynlegar til að sannreyna að lyfta sem til stendur að markaðssetja sé í samræmi við fyrirmynd að lyftu sem lýst er í EB-gerðarprófunaryfirlýsingunni.

6. Ef lyftan uppfyllir ákvæði tilskipunarinnar skal tilkynnti aðilinn festa eða láta festa kenningarnúmer sitt við hlið CE-merkisins, í samræmi við III. viðauka, og gefa út lokaskoðunarvottorð þar sem getið er þeirra athugana og prófana sem fóru fram.

Tilkynnti aðilinn skal fylla út réttar blaðsíður í færslubókinni sem um getur í lið 6.2 í I. viðauka.

Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út lokaskoðunarvottorð ber honum að færa ítarleg rök fyrir því og benda á leiðir til að öðlast samþykki. Sæki sá sem annast uppsetningu lyftunnar um lokaskoðun á ný ber honum að senda sama tilkynnta aðila umsókn.

7. Lokaskoðunarvottorð, málsskjöl og bréfaskipti er varða samþykkismálsmeðferðina skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

## VII. VIÐAUKI

### LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKIN ÞURFA AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR AÐILAR ERU TILKYNNTIR

1. Tilkynnti aðilinn sem annast sannprófanir, stjórnandi hans eða starfsmenn mega hvorki vera hönnuðir, birgjar eða framleiðendur öryggisíhluta né vinna við uppsetningu lyftnanna sem þeir skoða eða vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Á sama hátt má tilkynnti aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn, sem annast eftirlit með gæðatryggingarkerfum sem um getur í 8. gr. tilskipunarinnar, hvorki vera hönnuðir, birgjar eða framleiðendur öryggisíhluta né vinna við uppsetningu lyftnanna sem þeir skoða eða vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir með beinum hætti né fyrir hönd annarra hafa afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi öryggisíhluta eða af uppsetningu lyftnanna. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á upplýsingaskiptum um tæknileg atriði milli framleiðanda öryggisíhlutanna eða þess sem annast uppsetningu lyftunnar og viðkomandi aðila.
2. Aðilinn og starfsmenn hans skulu annast skoðun eða eftirlit af faglegri ráðvendni og tæknilegri færni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í tengslum við niðurstöður skoðunar eða eftirlits.
3. Aðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem er nauðsynlegur til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast skoðun eða eftirliti; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sérstakar sannprófanir.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
  - haldgóða tækni- og fagmenntun,
  - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru vegna prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
  - nauðsynlega kunnáttu til að gefa út vottorð og semja greinargerðir og skýrslur sem vitna um áreiðanleika prófananna.
5. Tryggja ber óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki fara eftir fjölda prófana né niðurstöðum þeirra.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins sjálfs.
7. Starfsmenn aðilans eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa tilskipun eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum til að framfylgja henni.

## VIII. VIÐAUKI

### GÆÐATRYGGING VÖRU

#### (aðferðareining E)

1. Gæðatrygging vöru er ferli þar sem framleiðandi öryggisíhluta, sem fullnægir skilyrðum 2. liðar, sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við gerðareintak sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þá og sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutinn, sem er komið fyrir með réttum hætti í lyftu, geri að verkum að hún fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal setja CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.

2. Framleiðandi skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við lokaskoðun og prófun á öryggisíhlutanum, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðatryggingarkerfi**

- 3.1. Framleiðandi öryggisíhluta skal sækja um mat á gæðatryggingarkerfi sínu fyrir þá öryggisíhluta sem um ræðir til tilkynnts aðila að eigin vali.

Í umsókninni komi fram:

- allar upplýsingar sem máli skipta um þá öryggisíhluta sem um er að ræða,
- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl um hina samþykktu öryggisíhluta og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Athuga ber alla öryggisíhluta samkvæmt gæðatryggingarkerfinu og framkvæma réttar prófanir, samanber viðeigandi staðla sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi öryggisíhluta hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- a) gæðamarkmiðum;
- b) skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða öryggisíhluta;
- c) þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða að framleiðslu lokinni;
- d) því hvernig sannreynt sé að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt;
- e) gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 3.3 Tilkynta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðatryggingarkerfum<sup>(1)</sup>.

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn þangað sem öryggisíhlutinn er framleiddur skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna framleiðanda öryggisíhlutans. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

- 3.4. Framleiðandi öryggisíhluta skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal upplýsa þann tilkynta aðila sem samþykkt hefur gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

#### 4. Eftirlit á ábyrgð tilkynta aðilans

- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi öryggisíhluta ræki þær skyldur sem samþykkt gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðatryggingarkerfið,
  - tækniskjöl,
  - gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi öryggisíhluta viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa framleiðanda öryggisíhluta skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkynta aðilanum heimilt að heimsækja framleiðanda öryggisíhluta fyrirvaralaust.

Í slíkum heimsóknum er tilkynta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt. Hann skal gefa framleiðanda öryggisíhlutans skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandanum ber að varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt:
- skjölin sem um getur í þriðja undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4,
  - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkyntur aðili skal veita öðrum tilkyntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.

<sup>(1)</sup> Þessi samhæfi staðall er EN 29 003 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum öryggisíhluta.

## IX. VIÐAUKI

### FULL GÆÐATRYGGING

#### (aðferðareining H)

1. Full gæðatrygging er ferli þar sem framleiðandi öryggisíhluta, sem fullnægir skilyrðum 2. liðar, sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þá og sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutinn, sem er komið fyrir með réttum hætti í lyftu, geri að verkum að hún fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal setja CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.

2. Framleiðandi skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við lokaskoðun og prófun á öryggisíhlutanum, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðatryggingarkerfi**

- 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðatryggingarkerfi sínu. Í umsókninni komi fram:

- allar upplýsingar sem máli skipta um öryggisíhluta,
- gögn um gæðatryggingarkerfið.

- 3.2. Gæðatryggingarkerfið á að tryggja að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við þær kröfur tilskipunarinnar sem gilda um þá og geri að verkum að lyftur, sem þeim er komið fyrir í með réttum hætti, fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi öryggisíhluta hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða hönnunar og öryggisíhluta,
- þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þær grunnkröfur tilskipunarinnar sem gilda um öryggisíhlutana verði uppfylltar,
- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun öryggisíhlutanna,
- samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,

- Því hvernig fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt.

3.3 Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef beitt er viðeigandi samhæfðum staðli í gæðatryggingarkerfinu<sup>(1)</sup>.

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn þangað sem öryggisflutinn er framleiddur skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna framleiðanda öryggisflutanna. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi öryggisfluta skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

#### 4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi öryggisfluta ræki þær skyldur sem samþykkt gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandi öryggisflutanna skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að hönnunar-, framleiðslu-, eftirlits- og prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi öryggisfluta viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa framleiðanda öryggisfluta skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja framleiðanda öryggisfluta fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt. Hann skal gefa framleiðanda öryggisflutans skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

<sup>(1)</sup> Þessi samhæfði staðall er EN 29 001 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum öryggisfluta.

5. Framleiðanda öryggisíhlutanna eða viðurkenndum fulltrúa hans ber að varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðsla öryggisíhlutanna er hætt:
  - skjölin sem um getur í öðrum undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4,
  - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.

Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu í bandalaginu ber þeim sem markaðssetur öryggisíhlutann í bandalaginu að hafa tæknileg skjöl tiltæk.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilumupplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.
7. Málsskjöl og bréfaskipti er varða fulla gæðatryggingu skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

## X. VIÐAUKI

### EININGARSANNPRÓFUN

#### (aðferðareining G)

1. Við einingarsannprófun gengur sá sem annast uppsetningu lyftu úr kugga um og lýsir yfir að lyfta sem verið er að setja á markað og fengið hefur samræmisvottorð sem um getur í 4. lið sé í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á lyftustólinn og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um einingarsannprófun til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar og upplýsingar um hvar lyftan er sett upp,
  - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,
  - tækniskjöl.
3. Með tækniskjalinu skal vera hægt að meta samræmi lyftu við kröfur tilskipunarinnar og vita skyn á hönnun, framleiðslu og notkun lyftunnar.

Eftirfarandi komi fram í tækniskjölunum, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir samræmismatið:

- almenn lýsing á lyftunni,
  - teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
  - grunnkröfur sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja þeim (t.d. samhæfður staðall),
  - niðurstöður prófana eða útreikninga sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar sér um eða ræður annan til að sjá um,
  - afrit af leiðbeiningum um notkun lyftunnar,
  - afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum fyrir þá öryggisihluta sem eru notaðir.
4. Tilkynnti aðilinn skal rannsaka tækniskjölin og lyftuna og gera viðeigandi prófanir sem eru skilgreindar í viðeigandi staðli (stöðlum), sem um getur í 5. gr. tilskipunarinnar, eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að hún sé í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Uppfylli lyftan ákvæði þessarar tilskipunar skal tilkynnti aðilinn festa eða láta festa kenninúmer sitt við hlið CE-merkisins, í samræmi við III. viðauka, og gefa út samræmisvottorð vegna þeirra prófana sem voru gerðar.

Tilkynnti aðilinn skal útfylla réttar blaðsíður í færslubókinni sem um getur í lið 6.2 í I. viðauka.

Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út samræmisvottorð ber honum að færa ítarleg rök fyrir því og benda á leiðir til að koma á samræmi. Sæki sá sem annast uppsetningu lyftunnar um sannprófun á ný ber honum að senda sama tilkynnta aðila umsókn.

5. Samræmisvottorð, málsskjöl og bréfaskipti er varða aðferðir við einingarsannprófunar skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
6. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita með tækniskjölum afrit af samræmisvottorðinu í 10 ár frá þeim degi sem lyftan er markaðssett.



## XI. VIÐAUKI

### SAMRÆMI VIÐ GERÐ KANNAÐ MEÐ SLEMBIATHUGUN

#### (aðferðareining C)

1. Þegar samræmi við gerð er kannað tryggir framleiðandi öryggishluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu og lýsir því yfir að öryggishlutarnir séu í samræmi við þá gerð sem er lýst á EB-gerðarvottorðinu og fullnægi kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þá og geri að verkum að lyftur, sem þeim er komið fyrir í með réttum hætti, fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar um heilsuvernd og öryggi.

Framleiðandi öryggishluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal festa CE-merkið á hvern öryggishluta og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu.

2. Framleiðandi öryggishluta skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggji samræmi framleiddu öryggishlutanna við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við þær kröfur tilskipunarinnar sem gilda um þá.
3. Framleiðandi öryggishluta eða viðurkenndur fulltrúi hans skulu varðveita eintak af EB-samræmisýfirlýsingunni í 10 ár eftir að framleiðslu öryggishlutanna er hætt.

Ef hvorki framleiðandi öryggishluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu í bandalaginu ber þeim sem markaðssetur öryggishlutann í bandalaginu að hafa tæknileg skjöl tiltæk.

4. Tilkyntum aðila sem framleiðandi velur ber að gera eða láta fara fram slembiathuganir á öryggishlutum. Tilkynti aðilinn skal taka viðeigandi eintak á staðnum til að kanna fullunna öryggishluta og framkvæma viðeigandi prófanir, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi staðli (stöðlum) sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til að ganga úr skugga um að vörurnar fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar. Ef einn öryggishluti eða fleiri eru ekki í samræmi við kröfurnar skal tilkynti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir.

Þau atriði sem taka ber tillit til þegar öryggishlutar eru athugaðir skal skilgreina í samningi sem tilkyntir aðilar, sem bera ábyrgð á þessari málsmeðferð, gera sín á milli með hliðsjón af þeim frumeinkennum öryggishlutanna sem um getur í IV. viðauka.

Framleiðandinn skal koma kenningunúmeri tilkynta aðilans fyrir á ábyrgð hans á meðan á framleiðslu stendur.

5. Málsskjöl og bréfaskipti er varða aðferðir sem er beitt við slembiathuganir sem um getur í 4. lið skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

## XII. VIÐAUKI

### GÆÐATRYGGING VÖRU MEÐ TILLITI TIL LYFTNA

#### (aðferðareining E)

1. Gæðatrygging vöru er ferli þar sem sá sem annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar sér til þess og lýsir því yfir að uppsettar lyftur séu í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þær.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.

2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við lokaskoðun og prófun á lyftunni, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðatryggingarkerfi**

- 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um mat á gæðatryggingarkerfi sínu fyrir þær lyftur sem um ræðir til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- allar upplýsingar sem máli skipta um þær lyftur sem um er að ræða,
- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl um hinar samþykktu lyftur og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðunum.

- 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hver lyfta athuguð og gerðar þær prófanir sem er fjallað um í viðeigandi stöðlum og um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftu hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- a) gæðamarkmiðum;
- b) skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða lyftna;
- c) þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða áður en markaðssetning fer fram og að minnsta kosti þeim prófunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. liðar í VI. viðauka;
- d) því með hvaða hætti sannreynt er að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt;
- e) gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 3.3 Tilkynta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðatryggingarkerfum<sup>(1)</sup>.

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn á vinnustað þess sem annast uppsetningu lyftunnar og þangað sem lyftan er sett upp skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

- 3.4. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa þann tilkynta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

#### 4. Eftirlit á ábyrgð tilkynta aðilans

- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðatryggingarkerfi leggur honum á herðar.

- 4.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að eftirlits- og prófunarstöðunum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl,
- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 4.3. Tilkynti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa honum skýrslu um úttektina.

- 4.4. Að auki er tilkynta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp fyrirvaralaust.

Í slíkum heimsóknum er tilkynta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið og lyftan vinni rétt. Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðslu lyftunnar er hætt:

- skjölin sem um getur í þriðja undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkyntur aðili skal veita öðrum tilkyntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.

<sup>(1)</sup> Þessi samhæfði staðall er EN 29 003 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

### XIII. VIÐAUKI

#### FULL GÆÐATRYGGING LYFTNA

##### (aðferðareining H)

1. Full gæðatrygging er ferli þar sem sá sem annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar sér til þess og lýsir því yfir að lyfturnar fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þær.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.

2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við hönnun, framleiðslu, samsetningu, uppsetningu og lokaskoðun á lyftunum og við prófanir, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðatryggingarkerfi**

- 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal leggja inn umsókn um mat á gæðatryggingarkerfi sínu hjá tilkynntum aðila.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- allar upplýsingar sem máli skipta um lyfturnar, einkum upplýsingar sem gera kleift að skilja tengsl á milli hönnunar og starfsemi lyftunnar þannig að kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt,
- gögn um gæðatryggingarkerfið.

- 3.2. Gæðatryggingarkerfið á að tryggja að lyfturnar séu í samræmi við þær kröfur tilskipunarinnar sem við þær eiga.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða lyftnanna,
- þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þær grunnkröfur tilskipunarinnar sem gilda um lyfturnar verði uppfylltar,
- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun lyftnanna,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða við viðtöku birgða af efnum, íhlutum og undireiningum,
- samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við samsetningu, uppsetningu og gæðaeftirlit,

- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir (skoðun á aðstæðum við uppsetningu: lyftustokkur, vélarhús o.s.frv.), við og eftir framleiðslu (og að minnsta kosti þeim prófunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. liðar í VI. viðauka),
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
- því hvernig fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt.

### 3.3. Hönnunarefirlit

Ef hönnun er ekki að öllu leyti í samræmi við samhæfða staðla skal tilkynnti aðilinn ganga úr skugga um hvort hönnunin sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og, ef svo er, gefa út „EB-hönnunarprófunarvottorð“ til handa þeim sem annast uppsetningu, þar sem fram koma fyrirvarar um gildi vottorðsins og nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera kennsl á hönnunina sem hefur verið samþykkt.

### 3.4 Mat á gæðatryggingarkerfinu

Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef beitt er viðeigandi samhæfðum staðli í gæðatryggingarkerfinu<sup>(1)</sup>.

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn á vinnustað þess sem annast uppsetningu lyftunnar og þangað sem lyftan er sett upp skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

- 3.5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

## 4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið samþykta gæðatryggingarkerfi leggur honum á herðar.

- 4.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að hönnunar-, framleiðslu-, samsetningar-, uppsetningar-, eftirlits- og prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

(<sup>1</sup>) Þessi samhæfi staðall er EN 29 001 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa honum skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp eða hún sett saman fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknnum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt.
- Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að lyftan er markaðssett:
- skjölin sem um getur í öðrum undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.5,
  - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.5 og liðum 4.3 og 4.4.
- Ef sá sem annast uppsetninguna hefur ekki staðfestu í bandalaginu ber tilkynnta aðilanum að efna þessar kvaðir.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.
7. Málsskjöl og bréfaskipti er varða fulla gæðatryggingu skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

## XIV. VIÐAUKI

### GÆÐATRYGGING Í FRAMLEIÐSLU

#### (aðferðareining D)

1. Gæðatrygging í framleiðslu er ferli þar sem sá sem annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar sér til þess og lýsir því yfir að lyfturnar fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þær. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við framleiðslu, uppsetningu, lokaskoðun og prófun á lyftunni, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.
3. **Gæðatryggingarkerfi**
- 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um mat á gæðatryggingarkerfi sínu til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- allar upplýsingar sem máli skipta um lyfturnar,
- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl um hinar samþykktu lyftur og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðunum.

- 3.2. Gæðatryggingarkerfið verður að tryggja að lyfturnar séu í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftu hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til lyftnanna,
- aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir uppsetningu<sup>(1)</sup>,
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
- því hvernig fylgst er með því að tilskilin gæði lyftu hafi náðst og að gæðatryggingarkerfið sé skilvirk.

- 3.3 Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef beitt er viðeigandi samhæfðum staðli í gæðatryggingarkerfinu<sup>(2)</sup>.

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn á vinnustað þess sem annast uppsetningu lyftunnar skal vera liður í matinu.

<sup>(1)</sup> Til þessara prófana teljast í það minnsta þær prófanir sem kveðið er á um í b-lið 4. liðar VI. viðauka.

<sup>(2)</sup> Þessi samhæfði staðall er EN 29002 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

Ákvörðunina ber að tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

- 3.4. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

#### 4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem samþykkt gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar.

- 4.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, samsetningar-, uppsetningar- prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa honum skýrslu um úttektina.

- 4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt. Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðslu lyftunnar er hætt:

- skjölin sem um getur í öðrum undirlitð annarrar málsgreinar í lið 3.1,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.5,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.

7. Málsskjöl og bréfaskipti er varða aðferðir við gæðatryggingu í framleiðslu skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.



## YFIRLÝSING

### **Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar**

Með hliðsjón af aðgengi fatlaðs fólks að lyftustólum skulu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin hvetja aðildarríkin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að tryggja að allar hæðir í núverandi byggingum og þeim sem eru í smíðum séu aðgengilegar fötluðu fólki, einkum þeim sem eru bundnir hjólastólum. Þau skulu mæla með því að í öllum nýjum byggingum sé að minnsta kosti ein lyfta sem er aðgengileg fötluðu fólki í hjólastólum. Lyftan skal fullnægja öllum kröfum sem gilda um slíka notkun (mál, staðsetning stjórnþækja o.s.frv.).

**TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 8. júní 1995****um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun(\*)**

(Texti sem varðar EES)

(95/216/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA,**

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 155. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðildarríkjunum ber skylda til að tryggja öryggi fólks á yfirráðasvæðum sínum.

Aðildarríkin hafa ekki öll sett reglugerðir um öryggi lyftna.

Þrátt fyrir mismunandi hönnun og aldur slíkra lyftna er unnt að tilgreina lágmarksfjölda atriða sem ber að hafa eftirlit með í öllum gerðum slíks búnaðar.

Sú breyting til nútímahorfs í þágu öryggis getur tekið nokkur ár.

**LEGGUR HÉR MEÐ TIL AÐ AÐILDARRÍKIN:**

1. Grípi til nauðsynlegra aðgerða, þar sem gildandi lög duga ekki, enn sem komið er, til að kröfum þessara tilmæla sé fullnægt, með það í huga að:
  - tryggja fullnægjandi viðhald lyftna sem þegar eru í notkun,
  - bæta öryggi þessara lyftna í samræmi við meginreglurnar í viðaukanum við þessi tilmæli.
2. Geri ráðstafanir til viðbótar við þær sem getið er í viðaukanum ef það eykur öryggi.

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 134, 20. 6. 1995, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

## VIÐAUKI

## MEGINREGLUR ER VARÐA BÆTT ÖRYGGILYFTNA SEM ÞEGAR ERU Í NOTKUN

*Almenn athugasemd*

*Heimilt er að beita Evrópustöðlum EN 81-1 og EN 81-2 þegar unnt er í því skyni að ná talnagildum svo sem að því er varðar mál, vikmörk, hraða eða hröðun.*

1. Setja skal dyr á stólinn og koma fyrir kerfi í honum sem gefur til kynna á hvaða hæð hann er staddur.
2. Hafa skal eftirlit með strengjaupphengjum stóls og skipta um, ef ástæða er til.
3. Breyta skal stöðvunarstjórnækjum í því skyni að ná mikilli nákvæmni við stöðvun stólsins og að hægja smám saman á honum.
4. Ganga skal þannig frá stjórnækjum í stólum og lyftugöngum að fatlaðir án fylgdarmanns geti skilið þau og notað.
5. Setja skal nema við sjálfvirkar dyr sem skynja nærveru fólks eða dýra.
6. Setja skal hemlunarbúnað á lyftur sem fara hraðar en 0,6 m/sek. er dregur smám saman úr hraða þegar stöðvað er.
7. Breyta skal viðvörunarkerfum þannig að unnt sé að ná halda órofnu sambandi við neyðarþjónustu.
8. Fjarlægja skal asbest úr hemlunarkerfum þar sem það er fyrir hendi.
9. Setja skal upp búnað til að koma í veg fyrir að stóll geti hreyfst stjórnlaust upp á við.
10. Setja skal í stóla neyðarlýsingu sem lýsir ef aðalorkugjafi bilar. Ljósíð skal lifa nógu lengi til að neyðarþjónusta geti gripið inn í með eðlilegum hætti. Búnaðurinn skal einnig tryggja að viðvörunarkerfið sem kveðið er á um í 7. lið virki eins og vera ber.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/10**

**nr. 30/97**  
**frá 12. júní 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2796/95 frá 4. desember 1995 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2804/95 frá 5. desember 1995 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **395 R 2796:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2796/95 frá 4. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 290, 5. 12. 1995, bls. 1).

- **395 R 2804:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2804/95 frá 5. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 8).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2796/95 og 2804/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 290, 5. 12. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 8.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2796/95****frá 4. desember 1995****um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/95 <sup>(2)</sup>, einkum 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa fyrir en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi lögjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Almennt er viðurkennt að allmörg lyfjafræðilega virk efni séu skaðlaus. Bæta ber þessum efnum við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber efnunum sem eru notuð í smáskammtadýrallyf (hómópatadýrallyf) við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10 000.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýrallyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 290, 5. 12. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 174, 27. 7. 1995, bls. 20.

(3) Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(4) Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

„3. Efni sem almennt eru talin skaðlaus

| Lyfjafræðilega virk efni  | Dýrategund                              | Önnur ákvæði                 |
|---|---|------------------------------|
| 3.1. Absintfúmseyði   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Aðeins til notkunar útvortis |
| 3.2. Asetýlmeþíónín   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.3. Álhýdroxíð   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.4. Álmónósterat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.5. Ammóníumsúlfat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.6. Bensóýlbensóat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.7. Bensýl p-hýdroxýbensóat  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.8. Kalsíumbóróglúkónat  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.9. Kalsíumsítrat  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.10. Kamfóra   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.11. Kardemommuseyði   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.12. Díetýlsebakat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.13. Dímetíkón   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.14. Dímetýlasetamíð   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.15. Dímetýlsúlfoxíð   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.16. Etýlendíamíntetraedíksýra og sölt hennar  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.17. Evkalyptól  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.18. Adrenalín   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.19. Etýlóleat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.20. Formaldehýð   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.21. Maurasýra   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.22. Eggbússtýrihormón (ESH)<br>(náttúrulegt ESH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra) | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.23. Glútaraldehýð   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.24. Gvæjakól  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.25. Heparín og sölt þess  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.26. Æðabelgskynhormónavaki manna (HCG) (náttúrulegt HCG og nýmyndanir þess)             | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.27. Járnammóníumsítrat  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.28. Járnextran  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.29. Járnglúkóheptónat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.30. Ísóprópanól   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.31. Lanólín   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.32. Gulbússtýrihormón (GSH)<br>(náttúrulegt GSH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra) | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.33. Magnesíumklóríð   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.34. Magnesíumglúkónat   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.35. Magnesíumhýpófósít  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.36. Mannítól  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.37. Montaníð  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.38. Metýlbensóat  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |
| 3.39. Mónópíóglýseról   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |                              |

| Lyfjafraeðilega virk efni          | Dýrategund                              | Önnur ákvæði |
|------------------------------------|---|--------------|
| 3.40. Myglýól                      | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.41. Orgótín                      | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.42. Póloxalen                    | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.43. Póloxamer                    | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.44. Pólýetýlenglýkól 200         | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.45. Pólýetýlenglýkól 400         | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.46. Pólýetýlenglýkól 600         | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.47. Pólýetýlenglýkól 3500        | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.48. Pólýsorbat 80                | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.49. Serótónín                    | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.50. Natríumklóríð                | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.51. Natríumkrómóglýkat           | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.52. Natríumdíoktýlsúlfósúksínat  | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.53. Natríumformaldehýðsúlfóxylat | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.54. Natríumlárýlsúlfat           | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.55. Natríumpýrósólfít            | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.56. Natríumsterat                | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.57. Natríumþíósúlfat             | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.58. Tragant                      | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.59. Þvagefni                     | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.60. Sinksúlfat                   | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |
| 3.61. Sinkoxíð                     | Allar tegundir sem eru nýttar til matar |              |

#### 4. Efni sem eru notuð í smáskammtadýrallyf (hómópatadýrallyf)

| Lyfjafraeðilega virk efni   | Dýrategund                                | Önnur ákvæði |
|---|---|--------------|
| 4.1. Öll efni sem eru notuð í smáskammtadýrallyf (hómópatadýrallyf), að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10 000 | Allar tegundir sem eru nýttar til matar** |              |



**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2804/95**

frá 5. desember 1995

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2796/95 <sup>(2)</sup>, einkum 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafraðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn lyfjaleifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvæf úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvæfur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi lögjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Gjört í Brussel 5. desember 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 290, 5. 12. 1995, bls. 1.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber ólífrænum vetniskolefnum við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýralyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

(3) Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(4) Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

„2. Lífræn efnasambönd

| Lyfjafræðilega virk efni  | Dýrategund                              | Önnur ákvæði  |
|---|---|---|
| 2.28. Ólífræn vetniskolefni, lítil eða mikil seigja, að örkristölluðu vaxi meðtöldu, u.þ.b. C10-C60; alifatísk sambönd, sundurgreind alifatísk sambönd og alífringiasambönd | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | Að undanskildum arómatískum og ómettuðum efnasamböndum“ |

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/11**

**nr. 31/97**  
**frá 12. júní 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 281/96 frá 14. febrúar 1996 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 0281**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 281/96 frá 14. febrúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 9).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 281/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 9.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 281/96****frá 14. febrúar 1996****um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2804/95 <sup>(2)</sup>, einkum 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn lyfjaleifa fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber tetrasýklíni, oxýtetrasýklíni, klórtetrasýklíni og öllum efnum sem tilheyra súlfónamíðflokknum við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka þeim vísindarannsóknnum sem unnið er að ætti að framlengja gildistíma bráðabirgðahámarks leifa, sem kveðið er á um í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, fyrir trímétóprím.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

(2) Stjttö. EB nr. L 291, 6. 12. 1995, bls. 8.

(3) Stjttö. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

(4) Stjttö. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.1. Efnaeðferðarefni

1.1.1. Súlónamíð

| Lyfjafræðilega virk efni                  | Leifamerki | Dýrategund                     | MRL       | Markvefur | Önnur ákvæði   |
|---|------------|--------------------------------|-----------|-----------|--|
| „Öll efni sem tilheyra súlfónamíðflokknum | Móðurefni  | Nautgripir<br>Sauðfé<br>Geitur | 100 µg/kg | Mjólk     | Samanlagt magn leifa allra efna úr súlfónamíðflokknum má ekki fara yfir 100 µg/kg“ |

1.2. Sýklalyf

1.2.6. Tetrasýklín

| Lyfjafræðilega virk efni   | Leifamerki                         | Dýrategund                              | MRL   | Markvefur                              | Önnur ákvæði |
|----------------------------|------------------------------------|---|---|--|--------------|
| „1.2.6.1. Tetrasýklín      | Summa móðurefnis og 4-epímers þess | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 600 µg/kg<br>300 µg/kg<br>100 µg/kg<br>100 µg/kg<br>200 µg/kg | Nýra<br>Lifur<br>Vöðvi<br>Mjólk<br>Egg |              |
| „1.2.6.2. Oxýtetra-sýklín  | Summa móðurefnis og 4-epímers þess | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 600 µg/kg<br>300 µg/kg<br>100 µg/kg<br>100 µg/kg<br>200 µg/kg | Nýra<br>Lifur<br>Vöðvi<br>Mjólk<br>Egg |              |
| „1.2.6.3. Klórtetra-sýklín | Summa móðurefnis og 4-epímers þess | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 600 µg/kg<br>300 µg/kg<br>100 µg/kg<br>100 µg/kg<br>200 µg/kg | Nýra<br>Lifur<br>Vöðvi<br>Mjólk<br>Egg |              |

B. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.1. Efnaeðferðarefni

1.1.2. Díamínóþrímídínafleiður

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki  | Dýrategund                              | MRL      | Markvefur                       | Önnur ákvæði  |
|--------------------------|-------------|---|----------|---------------------------------|---|
| „1.1.2.1. Trímétó-prím   | Trímétóprím | Allar tegundir sem eru nýttar til matar | 50 µg/kg | Vöðvi, lifur, nýra, fíta, mjólk | Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 1998“ |

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 97/EES/37/12**

**nr. 32/97**  
**frá 12. júní 1997**

**um breytingu á II. viðauka**  
**(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/97 frá 2. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 frá 14. febrúar 1996 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 0282:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 frá 14. febrúar 1996 (Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 12).”

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*C. Day*

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 12.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 282/96****frá 14. febrúar 1996****um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð áðsins (EBE)  
nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða  
hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 ar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 281/96 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarks magn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýrallyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarks magn lyfjaleifa fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarks magni dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli fyrir eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða

hámarks magn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarks magn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber sefkínómi við í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber búserelíni, ketóprófeni, kaffíni, þeófyllíni og þeóbrómi við í II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum ber að bæta jósamýsni, dekokínati og kólistíni við í III. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2377/90.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/97 frá 12. júní 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES- viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.



**1. gr.**

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.2. Sefalósporín

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund | MRL      | Markvefur | Önnur ákvæði |
|--------------------------|------------|------------|----------|-----------|--------------|
| „1.2.2.1. Sefkínóm       | Sefkínóm   | Nautgripir | 20 µg/kg | Mjólk“    |              |

B. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

2. Lífræn efnasambönd

| Lyfjafræðilega virk efni   | Dýrategund  | Önnur ákvæði |
|--|---|--------------|
| „2.29. Búserelín<br>2.30. Ketóprófen<br>2.31. Kaffín<br>2.32. Þeófyllín<br>2.33. Þeóbróm | Allar tegundir sem eru nýttar til matar<br>Nautgripir, hestar<br>Allar tegundir sem eru nýttar til matar<br>Allar tegundir sem eru nýttar til matar<br>Allar tegundir sem eru nýttar til matar“ |              |

C. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.2. Makrólíð

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund | MRL                                 | Markvefur                         | Önnur ákvæði  |
|--------------------------|------------|------------|-------------------------------------|-----------------------------------|---|
| „1.2.2.4. Jósamýsín      | Jósamýsín  | Kjúklingar | 400 µg/kg<br>200 µg/kg<br>200 µg/kg | Nýra<br>Lifur, vöðvi, fita<br>Egg | Bráðabirgðagildi fyrir<br>MRL falla úr gildi<br>1. júlí 2000“ |

1.2.6. Kínólón

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund         | MRL       | Markvefur                   | Önnur ákvæði  |
|--------------------------|------------|--------------------|-----------|-----------------------------|---|
| „1.2.6.2. Dekókínat      | Dekókínat  | Nautgripir, sauðfé | 500 µg/kg | Vöðvi, lifur, nýra,<br>fita | Bráðabirgðagildi fyrir<br>MRL falla úr gildi<br>1. júlí 2000“ |

## 1.2.8. Fjölmýxín

| Lyfjafræðilega virk efni | Leifamerki | Dýrategund   | MRL   | Markvefur                                      | Önnur ákvæði  |
|--------------------------|------------|--|---|--|---|
| „1.2.8.1. Kólistín       | Kólistín   | Nautgripir, sauðfé,<br>svín, kjúklingar,<br>kanínur<br>Nautgripir, sauðfé,<br>Kjúklingar | 200 µg/kg<br>150 µg/kg<br><br>50 µg/kg<br>300 µg/kg | Nýra<br>Lifur, vöðvi, fita<br><br>Mjólk<br>Egg | Bráðabirgðagildi fyrir<br>MRL falla úr gildi 1. júlí 2000 |

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.960 - Frantschach/MMP/Celulozy Swiecie)

97/EES/37/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 8. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Frantschach AG (Frantschach), sem er undir sameiginlegum yfirlýðum HKW Privatstiftung og Anglo American Corporation of South Africa Ltd. (Anglo American), og Mondi Minorco Paper SA (MMP), sem er eingöngu undir yfirlýðum Anglo American, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlýð yfir fyrirtækin Zaklady Celulozy I Papieru w Swiecie (Swiecie), með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Frantschach: framleiðsla á sellulósa, pappír og pappa, ásamt heildsölu með pappír og við,
  - MMP: eignarhaldsfélag fyrir eignarhluta Anglo American í sellulósa- og pappírsfyrirtækjum utan Suður-Afríku,
  - Swiecie: sellulósi, pappír í umbúðapoka, umbúðafni og pappi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 265, 2. 9. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.960 - Frantschach/MMP/Celulozy Swiecie, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram 97/EES/37/14**  
**(Mál nr. IV/M.961 - Frantschach/Bischof+Klein/F+B Verpackungen)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 8. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Frantschach AG (Frantschach), sem er undir sameiginlegum yfirráðum HKW Privatstiftung og Anglo American Corporation of South Africa Ltd. (Anglo American), og Bischof+Klein GmbH&Co.KG (Bischof+Klein), sem er undir sameiginlegum yfirráðum Frantschach og fjölskyldanna Klein/Günther, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu F+B Verpackungen GmbH (FBV), með flutningi á fyrirtækjum og hlutum til fyrirtækisins Franconia Verpackung GmbH (sem tilheyrir Frantschach), nú FBV.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Frantschach: framleiðsla á sellulósa, pappír og pappa, ásamt heildsölu með pappír og við,
  - Bischof+Klein: framleiðsla á sveigjanlegu umbúðafni,
  - F+B Verpackungen: framleiðsla og sala á pokum til iðnaðarnota og öðrum sveigjanlegum umbúðum, sem og eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum með sambærilega starfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 265, 2. 9. 1997. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.961 - Frantschach/Bischof+Klein/F+B Verpackungen, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.